


skoðun 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Bílamálun og réttingar








# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**1. nóvember 2011**
255. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Gefur út borðspil
*Ólafur Stefánsson vill skilja hvernig börn hugsa.*
**fólk 38**

### Verslunin Rangá 80 ára
*Vestfirski kaupfélagsandinn hefur haldið sér.*
**tímamót 20**



### Felur tattúið sitt
*HK-ingurinn Bjarki Már Elísson er nýjasti landsliðsmaðurinn í handboltanum.*
**sport 34**

### veðrið í dag




**STÍF NORÐAUSTAN** á landinu í dag, víða 10-20 m/s, hvassast NV-til. Él eða slydduél N-til en bjart með köflum syðra. Svalt í veðri.
**VEÐUR 4**






**SUNDKAPPI** Gjald fyrir staka sundferð í Reykjavík er nú 96 prósentum hærra en fyrir sjö árum. Starfshópur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vill að gjöldin hækki verulega til viðbótar svo að íbúar utan svæðisins borgi hærra verð sem endurspegli kostnaðinn betur. Heimamenn geti keypt afsláttarkort. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hækka verð í sund og táningar á fullu gjaldi

**Starfshópur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggur til að gjald fyrir stakar ferðir í sundlaugar verði hækkað verulega og barnagjald verði fært úr átján ára aldri í tólf ára. Samræma á afsláttarkort og loka fleiri laugum á hátíðisdögum.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Með þessu móti er hugmyndin að ferðamenn og aðrir sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins greiði gjald sem endurspeglar betur rekstrarkostnað sundstaða,“ segir starfshópur á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þá tillögu sína að hækka verulega gjald fyrir stakar ferðir í sund.

Starfshópurinn undirbýr breytingar á íþróttastyrkjum og rekstri íþróttamannvirkja og sundlauga á höfuðborgarsvæðinu. Nýta á betur tekjustofna sem felast í þessum mannvirkjum, auka samræmi og lækka rekstrarkostnað með samnýtingu og sameiginlegum innkaupum.

Markmiðið með því að hækka gjald fyrir stakar sundferðir verulega er að fá íbúa höfuðborgarsvæðisins til að kaupa frekar afsláttarkort en stakar ferðir.

„Jafnframt er lagt til að skoða mörk á barnagjaldi og færa það aftur til tólf ára aldurs í stað átján ára,“ segir í tillögu starfshópsins, sem einnig vill skoða hvort gjald fyrir stakar ferðir verði mismunandi eftir þjónustu sem í boði sé.

„Samhliða þarf að samræma afsláttarkort þannig að kort keypt á einum stað nýtist hvar sem er á svæðinu en á móti þarf að eiga sér stað uppgjör milli staða,“ segir starfshópurinn. Ákvörðun um slíkt kerfi útheimti þó greiningu á kostnaði og kostum og göllum. Þá þurfi að sameinast um útboð á vörukaupum.

Að endingu er lagt til „að skipta höfuðborgarsvæðinu í nokkur undirsvæði með það fyrir augum að auka nýtingu með því að samræma opnunartíma og fækka opnum sundlaugum á „rauðum dögum“ þegar kostnaður við mönnun er mestur“.

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt umsögn íþrótta- og tómstundaráðs, sem gerir ekki „efnislegar athugasemdir“ við tillögur starfshópsins. Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR og formaður hins sameiginlega starfshóps sveitarfélaganna, segir það þó ekki fela í sér að ákvarðanir hafi verið teknar um tilteknar breytingar.

Aðgangseyrir fyrir fullorðna á sundstöðum í Reykjavík hækkaði 1. janúar á þessu ári úr 360 krónum í 450. Fyrir tæpum sjö árum, í árslok 2004, var gjaldið 230 krónur. Hækkunin síðan þá er 96 prósent. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 62 prósent. **- gar**

### Kosningaloforð Besta flokksins

Meðal kosningaloforða Besta flokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var að ókeypis ætti að vera í sund fyrir alla. Þá áttu allir að fá frí handklæði í sundi. Sumarið 2010 fengu börn átján ára og yngri frítt í sund frá 19. júní og út ágúst.

Skuldavandi Grikklands:

## Þjóðaratkvæði um skuldamál

**GRIKKLAND** Nýgert samkomulag um skuldavanda Grikklands verður sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.



GEORG PAPANDREÚ

Samkomulagið felur í sér skuldaafskrift og nýtt lán, en niðurskurðaraðgerðirnar sem því fylgja eru illa séðar meðal almennings.

Papandreú forsætisráðherra segist fullviss um að þjóðin muni taka rétta ákvörðun um framtíð landsins. Ekki er vitað hvenær kosið verður en líklegt er talið að það verði í næstu viku. **- þj**

Tilraun hjá heilsugæslunni:

## Vísað á hreyfingu í stað lyfja

**HEILSA Tilraunaverkefni með „hreyfiseðla“ í stað lyfseðla stendur nú yfir á fimm heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúklingar fá ávísun á hreyfingu frá lækni.**

**„Fyrirkomulagið hefur verið að ryðja sér til rúms í Skandinavíu og eru Svíar leiðandi á því sviði. Hugmyndin er að koma hreyfingu á sem meðferð en ekki einungis almennri ráðgjöf eða tilmælum,“ segir Jón Steinar Jónsson, læknir á heilsugæslunni í Garðabæ.**

**- ve /** **sjá Allt í miðju blaðsins**

Áhugi á Game of Thrones:

## Þúsund vilja vera statistar

**FÓLK** Þúsund karlar sóttu um að fá að vera statistar í sjónvarpsþáttaröðinni Game of Thrones, en taka á hluta hennar upp hér á landi.

Auglýst var sérstaklega eftir skeggjuðum og vígalegum körlum og staðfestir Sara Nassim, framleiðandi hjá Pegasus, að flestir umsækjendur hafi uppfyllt þau skilyrði. „Það voru hins vegar einhverjir sem gleymdu að senda mynd með.“ **- fgg /** **sjá síðu 38**






## SPURNING DAGSINS



*Anna, er þá leikur að læra?*

„Já, það á að vera leikur að læra. Allt sem maður gerir og er skemmtilegt skilar miklu betri árangri.“

Anna Margét Ólafsdóttir leikskólastjóri stendur að ókeypis leikjavefnum paxell.123 sem ætlað er að örva leikni barna frá fjögurra ára aldri í stærðfræði og móðurmáli.

Flutningabílar hafa átt í erfiðleikum með að komast í gegnum nýtt hringtorg:

# Breyta nýlegu hringtorgi fyrir milljónir

**SAMGÖNGUMÁL** Vegagerðin vinnur nú að því að víkka hringtorg á Suðurlandsvegi í Norðlingaholti. Þó að hringtorgið sé nýlegt hafa flutningabílstjórar kvartað mikið undan því vegna þess hversu þröngt það þykir. Breytingarnar við hringtorgið kosta um tíu milljónir króna, að sögn Vegagerðarinnar.

„Þeir hafa kvartað sérstaklega mikið undan þessu hringtorgi miðað við önnur. Þeir hafa átt í erfiðleikum með að fara í gegnum það án þess að rekast upp á kanta svo það var ákveðið að verða við þeirra óskum um að gera torgið aðeins rýmra,“ segir Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri suðvestursvæðis hjá Vegagerðinni. Hann segir að verið sé að minnka miðeyjuna á torginu svo rýmra verði fyrir flutningabíla. „En hættan er auðvitað sú að fólksbílar geti þá líka farið aðeins hraðar í gegn, það er samspil þar á milli.“

Jónas segir að um þrjú ár séu síðan torgið var lagt. „Torgið uppfyllti okkar kröfur en menn voru ekki ánægðir með það. Það þótti heldur þröngt. Flest hinna hringtorganna eru tvöföld svo það er auðveldara að fara í gegnum þau,“ segir Jónas, en torgið sem verið er að breyta er eins akrein. - þeb



**HRINGTORGIÐ VIÐ OLÍS Í NORÐLINGAHOLTI** Hægara verður um vik fyrir þessa rútu og aðra stóra bíla að fara um hringtorgið eftir að framkvæmdum lýkur á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu mánaða fangelsi:

## Gróf brot gegn unglingsstúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður, 47 ára, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í tíu mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn unglingsstúlku. Hann þarf að greiða henni 600.000 krónur í miskabætur.

Maðurinn dvaldi oft á heimili stúlkunnar og var stúlkan tengd honum sterkum vinaböndum. Hann var dæmdur fyrir að hafa tvisvar brotið gróflega gegn stúlkunni með ítrekuðum kossum og káfi. Áður hafði hann veitt henni áfengi. Dómurinn taldi hann hafa sýnt einbeittan brotavilja og brugðist gróflega trúnaðarskyldum sínum gagnvart stúlkunni. Hann ætti sér engar málsbætur. - jss



**GÓÐ GJÖF** Ingunn Júlíusdóttir lét afmælisgjafirnar renna til Krabbavarnar. Ester Ólafsdóttir veitti gjöfinni móttöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

100 ára Vestmannaeyingur:

## Krabbavörn naut gjafanna

**FÓLK Ingunn S. Júlíusdóttir frá Vestmannaeyjum náði þeim merka áfanga að fagna 100 ára afmæli sínu hinn 24. október síðastliðinn.**

**Í stað afmælisgjafa mæltist hún til þess að afmælisgestir létu fé af hendi rakna til styrktar Krabbavörn í Vestmannaeyjum.**

**Alls söfnuðust 190 þúsund krónur sem Ester Ólafsdóttir, formaður Krabbavarnar, tók við úr hendi Ingunnar í gær. Ingunn þakkaði annars öllum fyrir að gleðja sig á aldarafmælinu, sérstaklega kór eldri borgara og Finni harmónikuleikara.** - þj



**STRAUMSVÍK** Stóra fíkniefnasendingin sem er nú til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var tekin um borð í hollensku gámaskipi í Straumsvík.

# Fíkniefnasendingin tekin í Straumsvík

**Stóra fíkniefnasendingin sem lögregla lagði hald á 10. október var tekin um borð í gámaskipi í Straumsvík. Efnin voru í einum pakka. Annar mannanna sem sitja í gæsluvarðhaldi hefur áður komið við sögu lögreglu og hlotið dóma.**

**LÖGREGLUMÁL** Hið mikla magn fíkniefna sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á fyrr í þessum mánuði var tekið í Straumsvík. Það hafði komið hingað til lands um borð í gámaskipinu Francisco frá hollensku skipafélagi og búið um það í nokkrum pakkningum. Skipið var að koma frá Rotterdam í Hollandi.

Það var hinn 10. október síðastliðinn sem lögreglan lagði hald á sendinguna. Um var að ræða fíkniefni í kílóavís. Mikið magn af e-töflum var í pakkanum, en einnig kókaín, amfetamín og sterar. Pakkann fundu lögregla og tollgæsla í gámi í skipinu.

Útilokað er að segja með vissu til um umfang smyglsins á þessu stigi málsins, þar sem efnin eru nú til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Niðurstöður greiningarinnar sýna hversu mikill styrkleiki efnanna er og hvert magn þess hefði orðið, komið í sölu á götunni.

Tveir karlmenn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þessu umfangsmesta smyglmáli sem komið hefur upp á árinu.

Eftir því sem næst verður komist var fíkniefnapakkinn sendur að utan á lítið fyrirtæki hér. Starfsmaður þess, karlmaður á sextugsaldri, er í haldi lögreglu vegna málsins, en hann var handtekinn 10. október og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. nóvember. Sá maður hefur ekki komið við sögu hjá lögreglu áður.

Karlmaður á fimmtugsaldri kom síðan hingað til lands með flugi um helgina og var handtekinn við komuna til landsins. Hann var í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 11. nóvember.

Síðarnefndi maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála, og tvisvar hlotið dóma í héraðsdómi.

Rannsókn lögreglu er afar umfangsmikil og mikil vinna að baki, sem hefur staðið yfir um nokkurra vikna skeið. Lögregla hefur unnið þetta verkefni í samvinnu við tollgæsluna.

jss@frettabladid.is

Næstu fjögur ár í leikhúsinu:

## Magnús Geir endurráðinn

**MENNING Magnús Geir Þórðarson hefur verið endurráðinn sem leikhússtjóri í Borgarleikhúsinu.**



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON

**Inga Jóna Þórðardóttir, stjórnarformaður leikfélagsins, tilkynnti um ráðninguna á aðalfundi Leikfélags Reykjavíkur, sem fór fram í gærkvöldi. Magnús Geir hefur verið leikhússtjóri frá árinu 2008 og var nú ráðinn til næstu fjögurra ára.**

**Mikil ánægja ríkir með Magnús Geir og segir í tilkynningu að mikill meðbyr hafi verið með Borgarleikhúsinu síðustu ár. Leikhúsgestir hafi aldrei verið fleiri í sögu íslensks leikhúss en undanfarið.** - þeb

Katrín Júlíusdóttir leysir af:

## Yngst allra í stól forsætisráðherra

**STJÓRNMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra braut blað í stjórnmálasögu Íslands í gær þegar hún gegndi embætti forsætisráðherra í fjarveru Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er í Kaupmannahöfn á fundum í tengslum við þing Norðurlandaráðs.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín, sem er 36 ára, er yngsti handhafi forsætisráðherravalds frá upphafi, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Fram til þessa var það Hermann Jónasson sem var yngsti forsætisráðherrann, en Hermann var 37 ára þegar hann tók við starfinu árið 1934. - þj




Farið verður fram á framsal á þremur mönnum sem rændu Michelsen:

# Eftirlýstir um gervalla Evrópu

**LÖGREGLUMÁL** Alþjóðalögreglan Interpol hefur lýst eftir og birt myndir af þremur pólskum mönnum sem eftirlýstir eru vegna vopnaðs ráns í úraverslun Michelsen 17. október síðastliðinn.

Ræningjarnir þrír eru eftirlýstir um alla Evrópu. Ef þeir finnast er líklegt að farið verði fram á að þeir verði framseldir hingað til lands svo hægt sé að ljúka málinu. Mennirnir eru Pawel Artur Tyminski, 33 ára, Grzegorz Marcin Nowak, 34 ára, og Pawel Jerzy Podburaczynski, 36 ára. Þeir fóru héðan með flugi til Kaupmannahafnar að morgni 18. október, daginn eftir að þeir frömdu ránið.

Fjórði maðurinn, Pólverji á fertugsaldri, situr í gæsluvarðhaldi hér á landi til 10. nóvember. Sá maður var handtekinn 27. október þar sem hann dvaldi á gistiheimili á höfuðborgarsvæðinu. Samdægurs tók lögreglan bíl á breskum númerum sem hann hafði flutt með sér til landsins með Norrænu. Í honum fundust öll úrin 49 sem stolið var í ráninu. Maðurinn hefur sætt yfirheyrslum hjá lögreglu frá því að hann var handtekinn.



GRZEGORZ MARCIN NOWAK



PAWEL JERZY PODBURACZYNSKI



PAWEL ARTUR TYMINSKI

- jss, þeb

# METSÖLU-HÖFUNDUR ÍSLANDS!



ARNALDUR INDRIÐASON

EINVÍGIÐ eftir Arnald Indriðason er snilldarlega samin saga um spennuþrungið andrúmsloft kalda stríðsins – en líka um átakanleg örlög, glataða bernsku og hjartasár

*„Sannkallaður sagnameistari.“*
THE GUARDIAN

*„Arnaldur skrifar betur en nokkur annar íslenskur glæpasagnahöfundur.“*
KB / MORGUNBLAÐIÐ

*„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“*
THE TIMES




KOMIN Í VERSLANIR!

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## GENGIÐ 31.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,51 | 114,05 |
| Sterlingspund | 181,81 | 182,69 |
| Evra | 158,88 | 159,76 |
| Dönsk króna | 21,346 | 21,470 |
| Norsk króna | 20,571 | 20,693 |
| Sænsk króna | 17,585 | 17,689 |
| Japanskt jen | 1,4558 | 1,4644 |
| SDR | 179,84 | 180,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

213,8632

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Víða haldið upp á fæðingu sjö milljarðasta jarðarbúans þótt allsendis óvíst sé að hann sé fæddur:

# Skekkjumörk upp á tugi milljóna manna

**FILIPPSEYJAR, AP** Á Filippseyjum ákváðu stjórnvöld að „eigna sér“ sjö milljarðasta barn jarðar, sem mannfjöldafræðingum reiknast til að hafi fæðst í fyrrinótt.

Lítil stúlka sem kom í heiminn tveim mínútum fyrir miðnætti á sjúkrahúsi í höfuðborginni Manila fékk veglegar móttökur. Embættismenn fluttu ræður, ljósmyndarar smelltu í gríð og erg og svo var súkkulaðikaka í boði. Móðirin, sem er af fátækri fjölskyldu, fékk gjafabréf upp á ókeypis skófatnað handa barninu.

Athöfnin var þó meira táknræn en að nokkrum hafi dottið í hug að fullyrða að nákvæmlega þetta barn hafi verið það sjö milljarðasta í röðinni. Satt að segja hefur Gerhard Heilig, sem sér um að gera áætlanir um mannfjöldaþróun fyrir Sameinuðu þjóðirnar, sagt það vera vitleysu að nokkur geti sagt til um hvar eða nákvæmlega hvenær sjö milljarðasta barnið fæðist.

Þótt 31. október hafi verið nefndur sé það með eins til tveggja prósenta skekkjumörkum, sem þýðir að sjöunda milljarðinum er náð einhvern tímann á bilinu frá aprílbyrjun í ár til marsloka á næsta ári. Skekkjumörkin þýða líka að nákvæmlega núna getur mannfjöldinn verið 56 milljónum meiri eða 56 milljónum minni en títtnefndir sjö milljarðar.

Engu að síður var efnt til sambærilegra athafna víðar um heim í gær. Í héraðinu Uttar Pradesh á Indlandi útnefndu yfirvöld til dæmis sjö nýfædd börn til að vera fulltrúar milljarðanna sjö. **- gb**




**NÝFÆDD Á FILIPPSEYJUM** Danica May Camacho heitir hún og fæddist tvær mínútur fyrir miðnætti í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/AFP



**HENDUR Í HÁRI SMYGLARA** Konan fléttaði 447 grömm af kókaíni í hár sitt en tollverðir sáu við henni. MYND/NORSKA TOLLGÆSLAN

Smygl á Gardermoen:

## Faldi hálft kíló af kóki í hárinu

**NOREGUR** Spænsk kona var handtekin á Gardermoen-flugvelli við Ósló fyrir skemmstu vegna tilraunar til eiturlyfjasmygls.

Konan, sem er 36 ára gömul, reyndist hafa komið 447 grömmum af kókaíni fyrir í hári sínu, en það fannst við leit tollgæslunnar á flugvellinum.

Tollverðina grunaði hins vegar að konan væri með meira af fíkniefnum á sér og við rannsókn á sjúkrahúsi játaði hún að hafa 103 grömm af kókaíni til viðbótar innvortis. Heildarmagn reyndist því vera 550 grömm. **- þj**

### LÍBÍA

**Nýr forsætisráðherra Líbíu**

Líbíska þjóðarráðið hefur valið Abdel Rahim al-Kib sem bráðabirgðaforsætisráðherra Líbíu. Al-Kib er rafmagnsverkfræðingur að mennt og er honum ætlað að stjórna landinu þangað til kosningar verða haldnar, en þjóðarráðið vill að það verði innan átta mánaða.

### LEIÐRÉTT

Í uppskrift af Bailey's-ís Jóns Brynjars mjólkurfræðings í Fréttablaðinu í gær var ranghermt að enginn matreiðslurjómi væri í ísnum. Hið rétta er að í honum á að vera hálfur lítri af matreiðslurjóma.

# Meira en helmingur níu til tólf ára barna á Facebook

**Yfir helmingur barna á Norðurlöndum á aldrinum 9 til 12 ára notar samskiptasíður eins og Facebook. Aldurstakmark á síðunum er 13 ár. Nauðsynlegt að bæta öryggi, segir einn rannsakenda í nýrri könnun ESB.**

**TÆKNI** Meira en helmingur barna á Norðurlöndum á aldrinum 9 til 12 ára notar samskiptasíður eins og Facebook, þar sem aldurstakmark notenda er 13 ára. Þetta er meðal þess sem kemur fram í umfangsmikilli rannsókn á vegum Evrópusambandsins á internetnotkun barna. Ísland tók ekki þátt í rannsókninni, en hlutfall notkunar samskiptasíðna eins og Facebook hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum.

Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, hefur unnið að rannsókninni síðastliðin tvö ár. Hann segir að við getum auðveldlega gefið okkur að hlutfall íslenskra barna sem noti Facebook sé yfir 50 prósentum.

„Það er mjög stór hluti ungra krakka sem hefur aðgang að svona síðum og það er ekkert endilega slæmt,“ segir Kjartan. „Rannsóknin sýnir meðal annars fram á að þau nota þetta fyrst og fremst til að hafa samband við félaga sína, vini og fjölskyldu.“

Kjartan bendir þó á að í ljósi þess fjölda barna sem noti samskiptaformið beri stjórnendum síðnanna og þeirra fyrirtækja sem auglýsi þar skylda til að ganga úr skugga um að þar sé óhætt fyrir börn að vera.

„Þeir þurfa að passa hvers konar upplýsingum þeir safna um notendur og hvernig aðrir setja sig í samband við börnin,“ segir hann. „Einnig þurfa fyrirtæki að íhuga hvernig þau nota sína markaðssetningu í ljósi þess að notendurnir eru líka börn og um þau gilda aðrar reglur.“

## Goðsagnir um börn og Internetið

Rannsakendur tóku saman nokkrar goðsagnir um börn og internetið.

1. **Börn vita meira um netið en foreldrar þeirra**
   Um 36 prósent barna í rannsókninni, á aldrinum 9 til 16 ára, segjast vita meira um netið en foreldrar þeirra.
2. **Allir eru að búa til sitt eigið efni á netinu**
   Einungis eitt af hverjum fimm börnum deilir efni á netinu, býr til persónur í leikjum eða skrifar blogg.
3. **Börn undir 13 ára geta ekki notað samskiptasíður**
   58 prósent danskra barna á aldrinum 9 til 12 ára nota samskiptasíður, um 50 prósent sænskra og 46 prósent finnskra. Meðaltalið yfir Evrópu er um 40 prósent.
4. **Allir skoða klám á internetinu**
   Fjórðungur barna sá kynferðislegt efni á síðasta ári, hvort sem það var á netinu eða utan þess. Eitt af hverjum sjö sá kynferðislegt efni á netinu.
5. **Allir sem þú hittir á netinu eru ókunnugt fólk**
   Tæp 90 prósent af 11 til 16 ára börnum eru í sambandi við fólk á netinu sem þau þekkja persónulega.
6. **Að hafa tölvuna í stofunni mun hjálpa til**
   Um 53 prósent barna fara á netið heima hjá vinum sínum, 49 prósent í svefnherberginu sínu og 33 prósent í símanum sínum.
7. **Börn kunna að komast framhjá hönnuðum varnarforritum**
   Um 28 prósent barna á aldrinum 11 til 16 ára segjast geta komist framhjá varnarforritum sem foreldrar þeirra hafa sett upp.

HEIMILD: EU KIDS ONLINE



**UNDIR ALDRI Á FACEBOOK** Facebook-notkun Íslendinga er með því mesta sem gerist í heimi. Yfir helmingur skandinavískra barna á aldrinum 9 til 12 ára notar samskiptavefinn, þar sem er 13 ára aldurstakmark. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsóknin, EU Kids Online, er viðamikil og snýr að internetnotkun barna í 25 Evrópulöndum á árunum 2006 til 2009. Um 25 þúsund börn á aldrinum 9 til 16 ára tóku þátt. Tilgangurinn var að kortleggja internetnotkun barna og komast að raun um hversu hátt hlutfall þeirra yrði fyrir skaðlegum áhrifum af því efni sem þau sæju, eins og klámi og einelti.

Helstu niðurstöður sýna að um tólf prósent segjast hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum af einhverju sem þau sjái á netinu. Hafa ber í huga að hlutfallið er mun hærra ef spurt er hvort börnin hafi séð eitthvað klámfengið eða neikvætt, en flest láta það ekki á sig fá.

„Það er nauðsynlegt fyrir foreldra að vera meðvitaðir um að börn eru dugleg á netinu og þau nýta sér að sjálfsögðu þá möguleika. Og það er jákvætt,“ segir Kjartan. „En þetta er hröð þróun og án þess að gera of mikið úr hættunum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim neikvæðu þáttum sem geta fylgt netinu, eins og öllu öðru.“ **sunna@frettabladid.is**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDSTRENGUR**
Þrálátur vindstrengur við Vestfirði næstu daga með éljagangi og því áfram slæm færð á helstu fjallvegum þar. Annars ögn skaplegra og bjart og úrkomulítið syðra. Skil ganga yfir land aðra nótt með tilheyrandi úrkomu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 12° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 11° |
| París | 15° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

ENGIN VANDAMÁL - BARA LAUSNIR

TOYOTA

# Brrrrrrrrrrrrr. Brrrrrrrrrr brrrrrrrrrrrrrrrrrrrrr.

Komdu með Toyota bifreiðina þína og fáðu **sex punkta** yfirferð fyrir veturinn hjá **fagmönnum**. Það er **ókeypis** fyrir eigendur Toyota.




Þriggja ára ábyrgð á Toyota rafgeymum

## 11 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land. Engin vandamál – bara lausnir.

Komdu til viðurkennds þjónustuaðila í nóvember og fáðu sex punkta yfirferð án endurgjalds. Við förum yfir ljósin, rafgeyminn, þurrkurnar, rúðuvökvann, smyrjum lamir og læsingar og setjum sílikon á þéttikanta.

### 20% afsláttur

af rúðuþurrkublöðum, þurrkugúmmíum og bílaperum.

### 15% afsláttur

af rafgeymum.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

### Bókaðu tíma.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## KJÖRKASSINN



*Telur þú lúpínu vera of útbreidda á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,8% |
| Nei | 59,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú farin(n) að huga að jólunum?*

Segðu þína skoðun á visir.is. VÍSIR

Mæðgur sem sitja inni fyrir stórfelldan búðarþjófnað vandlega undirbúnar:

# Með álklædda poka undir þýfið

**LÖGREGLUMÁL** Mæðgur sem sitja nú í gæsluvarðhaldi, grunaðar um að hafa stolið geysimiklu magni af fatnaði úr verslunum, höfðu útbúið sérstaka poka til að koma í veg fyrir að þjófavarnarkerfi verslana næmu innihaldið. Pokinn sem þær voru með þegar lögreglan tók þær við iðju sína í verslun í Smáralind var úr pappír en búið að fóðra hann að innan með álpappír.

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að mæðgurnar skuli sitja í gæsluvarðhald þar til á morgun.

Í gæsluvarðhaldskröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kemur enn fremur fram að þegar leitað hafi verið á heimili móðurinnar, að fengnum dómsúrskurði, hafi fundist þar, auk þýfisins, 21 kannabisplanta sem hún hafi ræktað í sérútbúnu herbergi.

Þýfið, mest fatnaður, skór og fylgihlutir, sem fannst heima hjá mæðgunum fyllti samtals 40 svarta ruslapoka. Einnig fann lögregla tæplega hálfa milljón króna í reiðufé.

Áætlað verðmæti þýfisins er tíu til fimmtán milljónir króna.



**SMÁRALIND** Mæðgurnar voru teknar þegar þær voru að stela í Smáralind.

Fram kemur að viðurlög við verknaði af þessari stærðargráðu geti verið allt að sex ára fangelsi. - jss

Engar nýjar greiningar HIV:

## Enginn greinst síðan í júní

**HEILBRIGÐISMÁL Enginn hefur greinst með HIV hér á landi síðan í júní síðastliðnum. Á fyrstu sex mánuðum ársins greindust sautján manns með HIV, þar af þrettán sprautufíklar. Á síðasta ári greindust 24, fleiri en nokkru sinni, og þar af voru tíu sprautufíklar.**

**Haraldur Briem sóttvarnarlæknir segir að það sé nauðsynlegt að efla vitund almennings og heilbrigðisstarfsfólks varðandi blóðskimun og greiningu á sjúkdómnum til að sporna við frekari faraldri.** - sv

Betri Reykjavík gengur vel:

## Tillögur sendar til borgarinnar

**REYKJAVÍK Meira en tíu þúsund manns hafa heimsótt samráðsvefinn Betri Reykjavík síðan hann var opnaður 19. október síðastliðinn. Yfir 200 hugmyndir hafa verið lagðar fram og af þeim hafa sextán verið sendar til formlegrar meðferðar viðkomandi ráða hjá Reykjavíkurborg, að því er fram kemur í tilkynningu.**

**Verða hugmyndir notenda teknar af vefnum mánaðarlega héðan í frá. Meðal þeirra sem fengið hafa flest atkvæði eru fleiri greiðslumátar í strætó, aðstaða fyrir unga vegglistamenn og bætt mannréttindi útigangsfólks og fíkla. Sjálfseignarstofnunin Íbúar – Samráðslýðræði rekur vefinn fyrir og í samstarfi við Reykjavíkurborg.** - sv

Morðrannsókn í Ósló:

## Enn ekki búið að yfirheyra þann grunaða

**NOREGUR** Fátt nýtt hefur komið í ljós um morðið sem framið var í Ósló um nýliðna helgi, en þar var 22ja ára maður stunginn til bana. Annar særðist illa en komst undan.

Meintur árásarmaður er í haldi lögreglu en hefur ekki verið yfirheyrður enn sökum eigin áverka og meintrar lyfjavímu, að sögn Aftenposten.

Mennirnir þrír þekktust allir, eru á svipuðum aldri en höfðu ekki áður lent í útistöðum við lögreglu. Aðkoman að morðvettvangi var sérlega ófögur, þar sem blóði hafði verið makað upp um veggi stigagangsins. - þj

# Bandaríkin hætta að styðja UNESCO

**Fulltrúar á aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta að veita Palestínu fulla aðild. Bandaríkjamenn hafa tilkynnt að þeir muni hætta að veita stofnuninni fjárframlög.**

**FRAKKLAND** Aðalráðstefna UNESCO samþykkti í gær fulla aðild Palestínu að stofnuninni. Aðildin markar þáttaskil í baráttu Palestínumanna fyrir sjálfstæðu ríki.

Alþjóðasamfélagið í UNESCO viðurkennir nú Palestínumenn sem þjóð meðal þjóða. Ísland var eitt 107 ríkja sem greiddu aðild Palestínu atkvæði sitt, 14 ríki greiddu atkvæði gegn henni og 52 sátu hjá.

Ekki ríkti eining meðal Evrópusambandsríkja og voru Norðurlöndin þríklofin í afstöðu sinni. Íslendingar, Norðmenn og Finnar sögðu já, Svíar sögðu nei og Danir sátu hjá. „Afstaða Dana og Svía kemur mér á óvart,“ segir Valdimar Tr. Hafstein, formaður íslensku UNESCO-nefndarinnar, sem var viðstaddur atkvæðagreiðsluna. „Svíar hafa lengi haldið málstað Palestínu á lofti.“

Spenna hefur legið í loftinu á aðalráðstefnunni frá því að hún hófst í byrjun síðustu viku. Mikil rekistefna var í salnum í gær. Fulltrúar ríkja ráðguðust hver við annan í hálfum hljóðum á göngunum, sendu textaskilaboð og hringdu mörg símtöl „heim í höfuðstaðinn“.

Þegar fundarstjóri lýsti niðurstöðunni var dúndrandi lófatak í salnum og fundarmenn stóðu upp og buðu Palestínu velkomna í Unesco.

Að lokinni atkvæðagreiðslunni sagði sendiherra Ísraels að með því að hleypa ríki sem ekki væri til inn í UNESCO hefðu aðildarríkin gengist vísindaskáldskapnum á hönd. Fulltrúi Bandaríkjanna lagði áherslu á að sjálfstæði Palestínu fengist ekki nema með friðarsamningum við Ísrael og að þessi ótímabæra atkvæðagreiðsla ynni gegn friði fyrir botni Miðjarðarhafs.

Fimmtán ára gömul bandarísk lög kveða á um að ríkisstjórninni sé óheimilt að greiða framlög til þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem Palestína sé fullgildur aðili að. Því mun ríkið hætta að veita fé til stofnunarinnar, en framlag Bandaríkjanna nemur 22 prósentum af heildarframlögum til UNESCO.

Utanríkisráðherra Palestínu var snortinn eftir að atkvæði höfðu verið talin. Hann færði alþjóðasamfélaginu þakkir fyrir hönd þjóðar sinnar og fullvissaði þá sem ekki greiddu atkvæði með aðild Palestínu um að það yrði ekki erft.

„Þetta var söguleg stund og stórt skref á vegferð Palestínumanna til sjálfstæðis. Það voru forréttindi að fá að taka þátt. Ísland léði Palestínu óskoraðan stuðning sem við getum verið stolt af,“ segir Valdimar. „Í dag barst arabíska vorið til Parísar.“ steinunn@frettabladid.is



**FURÐU LOSTNIR** Viðbrögð sendifulltrúa Bandaríkjanna á þinginu þegar 107 ríki höfðu samþykkt aðild Palestínu gegn 14 mótatkvæðum. 52 ríki sátu hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umbætur í Mjanmar:

## Suu Kyi fundar með valdhöfum

**MJANMAR, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi lýðræðishreyfingarinnar í Mjanmar, fundaði í fyrradag með vinnumálaráðherra landsins um lýðræðisumbætur. Þau ræddu einnig sakaruppgjöf pólitískra fanga, friðarviðræður við vopnaða hópa og efnahagsmál.



**AUNG SAN SUU KYI**

Þíðu hefur gætt í samskiptum valdhafa við lýðræðishreyfinguna frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum í Mjanmar í mars eftir áratuga stjórn hersins. Nýja stjórnin nýtur þó stuðnings hersins og fékk umboð í kosningum sem lýðræðishreyfingin neitaði að taka þátt í. Hefur hún samt sem áður reynt að koma til móts við kröfur lýðræðishreyfingarinnar og sleppti til að mynda 200 pólitískum föngum úr haldi fyrr í þessum mánuði. - mþl

Skorar á innanríkisráðherra:

## Rannsóknir á vændi í forgang

**SAMFÉLAGSMÁL Femínistafélag Íslands skorar á Ögmund Jónasson innanríkisráðherra að veita baráttunni gegn vændi meiri athygli og frekara fjármagn. Þá fagnar félagið aðgerðum grasrótarsamtakanna Stóru systur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.**

**Félagið kallar eftir meiri eftirfylgni með þeim lagabreytingum sem urðu árið 2009, þegar kaup á vændi voru gerð ólögleg. Rannsóknir á málaflokknum þurfi að keppa hart um fjármagn og tíma innan lögreglunnar og því kallar félagið á að baráttan gegn vændi verði sett í frekari forgang og fái þar með aukið fjármagn.** - sv






**MM Outlander Intense**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**4.490.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Transporter**
**TDi ST** Árgerð 2006, dísel
Ekinn 103.000 km,beinsk.

Ásett verð
**2.190.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1.4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 44.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.750.000,-**



**VW Touran** 1.6
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 124.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.050.000,-**



**Honda Accord**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 63.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.290.000,-**



**VW Caravelle** TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 129.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**4.150.000,-**



**Suzuki** SX4
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.540.000,-**



**VW Passat** Comfort-line Árgerð 2007, bensín
Ekinn 75.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.550.000,-**



**Toyota Yaris** Terra
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 38.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**

**Tilboðsverð**



**MM Outlander**
**Comfort.** Árgerð 2004, bensín
Ekinn 131.000 km, beinsk.

Ásett: 1.250.000
Tilboðsverð
**930.000,-**

**Tilboðsverð**



**Audi A3** Sportback
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 52.000 km, beinsk.

Ásett: 2.690.000
Tilboðsverð
**2.390.000,-**

**Tilboðsverð**



**Ford Escape**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfsk.

Ásett: 1.430.000
Tilboðsverð
**1.090.000,-**

**Tilboðsverð**



**VW Caddy** 1.4
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 95.000 km, beinsk.

Ásett: 1.290.000
Tilboðsverð
**990.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**FRÉTTASKÝRING:** Samkeppnismarkaðir eftir bankahrun

# Bankar áhrifavaldar á olíumarkaði

**Tvö af þremur stærstu olíufélögum landsins hafa lent í fangi viðskiptabanka sinna á undanförnum árum. Það þriðja á í rekstrarerfiðleikum og er í viðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu. Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um samkeppnismarkaði eftir hrun.**

Olís tapaði 66 milljónum króna í fyrra og skuldaði 15,1 milljarð króna um síðustu áramót. Fyrirtækið á í viðræðum við viðskiptabanka sinn, Landsbankann, um fjárhagslega endurskipulagningu og vafi kann að leika um rekstrarhæfi fyrirtækisins. Eigið fé Olís var jákvætt um 1,4 milljarða króna í lok árs 2010. Samkvæmt honum var þó tæplega 1,4 milljarða króna krafa á móðurfélag Olís, FAD 1830 ehf., eignfærð líkt og hún væri innheimtanleg. Eiginfjárstaða móðurfélagsins er neikvæð og mikil óvissa ríkir um endurgreiðslu kröfunnar. Auk þess var lán upp á um tvo milljarða króna á gjalddaga í maí síðastliðnum. Olís hefur verið að reyna að semja um framlengingu á því láni, enda ekki til fé til að greiða það. Olís gjaldfærir heldur ekki 560 milljóna króna stjórnvaldssekt sem sett var á fyrirtækið vegna olíusamráðsins vegna þess að stjórn Olís hefur hafið málsókn til að reyna að fá henni hnekkt. Ef allt ofangreint fer ekki eins og stjórn Olís vonar að þau mál fari er eigið fé félagsins neikvætt.

Móðurfélag Olís hefur ekki skilað ársreikningi frá árinu 2007. Eigendur þess eru Einar Benediktsson og Gísli Baldur Garðarsson.

### Gengismunur tryggði hagnað

Gamli Glitnir fékk Skeljung í fangið eftir að bankinn sölutryggði fyrirtækið í heild sinn fyrir Fons, félag Pálma Haraldssonar, fyrir 8,7 milljarða króna í desember 2007. Í ágúst 2008 seldi bankinn 51% hlut fyrir um 1,5 milljarða króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kaupendur voru hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Þórðarson og viðskiptafélagi þeirra, Birgir Þór Bieltvedt.

Eftir bankahrun var 49% eignarhlutur bankans fluttur inn í dótturfélagið Miðengi og settur í opið söluferli í nóvember 2009. Í júní í fyrra keypti síðan Svanhildur Nanna eignarhlutinn og í sumar keyptu þau hjónin Birgi út. Svanhildur Nanna og Guðmundur eiga fyrirtækið því að fullu.

Samkvæmt nýjasta ársreikningi Skeljungs var velta fyrirtækisins 26,4 milljarðar króna í fyrra og hagnaður 824 milljónir króna. Ástæða hans er gengismunur vegna leiðréttingar á höfuðstóli lána Skeljungs sem voru í erlendri mynt sem lækkaði erlend lán fyrirtækisins um 1,1 milljarð króna. Alls skuldaði Skeljungur 13,7 milljarða króna um síðustu áramót. Í lánasamningum fyrirtækisins eru skilyrði varðandi eiginfjárstöðu, skuldsetningu og lausafjárstöðu. Skeljungur uppfyllti öll skilyrðin í lok síðasta árs. Íslandsbanki, viðskiptabanki fyrirtækisins, á allsherjarveð í skammtímakröfum og vörubirgðum Skeljungs fyrir 8,3 milljarða króna og í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 2,7 milljarðar króna.

### Miklum skuldum breytt í hlutafé

N1 er líkast til með sterkustu stöðu allra olíufélaganna á markaði í dag. Í apríl 2011 náðist samkomulag milli lánardrottna N1, Umtaks (eiganda fasteigna sem hýsa starfsemi N1) og BNT (móðurfélags N1 og Umtaks) um að breyta stórum hluta af skuldum samstæðunnar í hlutafé. Skuldir whennar námu að minnsta kosti um 60 milljörðum króna á þeim tímapunkti en eftir endurskipulagningu voru langtímaskuldir sameinaðs N1 og Umtaks um 8,5 milljarðar króna. N1 hafði tapað 11,8 milljörðum króna á árinu 2010 og eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um 5,2 milljarða króna.

Stærstu lánardrottnar N1 og BNT voru skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki en Arion banki var stærsti lánardrottinn Umtaks. Þessir aðilar urðu því stærstu eigendur hins sameinaða fyrirtækis. Í kjölfarið fór af stað valdabarátta á meðal eigendanna, sem endaði með því að Framtakssjóður Íslands (FSÍ) keypti stærstan hluta af eign Íslandsbanka og gamla Glitnis í N1 og gerði samkomulag um meirihlutaeign með Íslandsbanka og nokkrum lífeyrissjóðum. Við það einangraðist Arion banki sem minnihlutaeigandi með sinn 39% eignarhlut, við litla hrifningu stjórnenda bankans. Leyst var úr deilunni í lok september með því að FSÍ keypti eignarhlut Arion banka fyrir ótilgreinda upphæð. Við sama tækifæri var tilkynnt að N1 yrði skráð á markað ekki seinna en á miðju ári 2013.

Fjórði aðilinn á olíumarkaðinum er Atlantsolía, sem hefur skilað tæplega milljarði í hagnað á árunum 2009 og 2010. Helstu eigendur fyrirtækisins eru Guðmundur Kjærnested og Brandon C. Rose.



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is




**VAFI Á REKSTRARHÆFI** Eigendur Olís eru í viðræðum við Landsbankann um framtíð félagsins. Móðurfélag Olís hefur ekki skilað ársreikningi frá árinu 2007 en þó er vitað að eigið fé þess er neikvætt.

## Rekstrartekjur fjórðungur af því sem var

Kreppan hefur haft áhrif á fjölmarga aðra mikilvæga neytendamarkaði en þá sem þegar hafa verið teknir fyrir í úttektarröð Fréttablaðsins á samkeppni eftir bankahrun. Fjögur af stærstu bílaumboðum landsins lentu til að mynda í fangi bankanna, enda varð algjört hrun í sölu nýrra bíla eftir að krónan féll. Samkeppniseftirlitið segir að meiri samdráttur hafi orðið í bílasölu en nokkrum öðrum geira frá bankahruni, þar sem rekstrartekjur nema aðeins um fjórðungi tekna ársins 2007.

Toyota á Íslandi lenti í fangi Landsbankans, sem seldi 60% hlut í umboðinu til helstu stjórnenda þess í júní síðastliðnum. Bankinn mun áfram halda á 40% hlut. Arion banki tók yfir bílaumboðið Heklu í febrúar 2009. Tveimur árum síðar var það selt Friðberti Friðbertssyni og Franz Jerozki fyrir ótilgreinda upphæð eftir fjárhagslega endurskipulagningu.

Íslandsbanki tók yfir bílaumboðin B&L og Ingvar Helgason í október 2009 og sameinaði eignarhald yfir þeim í eitt félag. Bankinn á 63% hlut í sameinuðu félagi á móti SP-fjármögnun og Lýsingu. Umboðin voru sett í opið söluferli í lok ágúst síðastliðins í kjölfar þess að fjárhagslegri endurskipulagningu lauk.




**Urðarapótek**
er í viðskiptum
hjá okkur

**Guðrún Pálsdóttir** stofnaði Urðarapótek og keppir við þá stóru á markaðnum með áherslu á góð kjör og betri þjónustu. Við þekkjum slíkar aðstæður mjög vel. **Þess vegna er Urðarapótek í viðskiptum hjá okkur.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Fiton/SÍA

## FRÉTTASKÝRING: Ólíkar samþykktir landsfunda stjórnarflokkanna

### Ólíkar áherslur flokkanna

| | Samfylkingin | Vinstrihreyfingin – grænt framboð |
|---|---|---|
| **ESB-viðræður** | Lykilatriði að ljúka viðræðum og gera áætlun um upptöku evru. | Flokkurinn tryggi að íslenskt stjórnkerfi verði ekki lagað að stjórnkerfi ESB í viðræðum. |
| **ESB-aðild** | Forsenda stöðugleika, bættra lífskjara, verðmætasköpunar og uppbyggingar. Brýnasta verkefnið á sviði alþjóðasamvinnu. | Hagsmunum Íslands best borgið utan ESB. Forgangsverkefni að upplýsa þjóðina um eðli og afleiðingar ESB-aðildar. |
| **ESB-eðli** | Opið samfélag um samvinnu þjóða. Fyrirhugaðar breytingar á stefnu ESB í sjávarútvegi og landbúnaði fagnaðarefni. | Lýðræðisskerðing að ganga í ESB. Þróun í átt að enn frekari samruna með hertri miðstýringu. Kominn vísir að hernaðarsamstarfi. |
| **Sjávarútvegur** | Breyta kvótakerfi. Auðlindir sameign, gjald fyrir notkun í auðlindasjóð. Úthlutun á jafnræðisgrundvelli. | Breyta kvótakerfi. Auðlindir í þjóðareigu. Efla sjávarbyggðir, fiskvinnsla með forgang á afla. Samfélagsleg sjónarmið samhliða arðsemiskröfu. |
| **Heilbrigðismál** | Fjárfestingar í heilbrigðis- og velferðarþjónustu í fyrirrúmi eftir því sem hagvöxtur eykst. | Komið að þolmörkum í niðurskurði. Aukið svigrúm í ríkisfjármálum nýtt í þágu heilbrigðisþjónustu. |



**SÁTT FORYSTUFÓLK** Formenn og varaformenn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs voru bjartsýnir þegar saman náðist um áframhaldandi stjórnarsamstarf vorið 2009. Nýlegir landsfundir flokkanna sýna ólíkar áherslur þeirra, þrátt fyrir að þeir nái saman í samstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefna flokkanna áréttuð til heimabrúks

**Landsfundum beggja stjórnarflokkanna er nú lokið. Ljóst er að þrátt fyrir málamiðlun í ríkisstjórnarsamstarfi ber ýmislegt á milli í stefnu flokkanna. Flokksmenn eru þó rólegir yfir mismunandi stefnu samstarfsflokkanna enda virðist samstaða um að ályktanir á landsfundum séu ætlaðar til heimabrúks.**

Engum ætti að koma á óvart að himinn og haf skilur Samfylkinguna og Vinstrihreyfinguna – grænt framboð að þegar kemur að afstöðu til Evrópusambandsins. Aðild að sambandinu og upptaka evru er rauður þráður í gegnum stjórnmálaályktun Samfylkingarinnar. „Það er því lykilverkefni að ljúka viðræðum um aðild að Evrópusambandinu, gera skýra áætlun um upptöku evru og leggja málið í dóm þjóðarinnar," segir í fyrstu málsgrein ályktunarinnar.

Vinstri græn hafa hins vegar í engu hvikað frá því að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins.

### Viðræðum skuli ekki hætt

Vinstri græn samþykktu sérályktun um aðildarviðræður við ESB þar sem þessi stefna er áréttuð. Hún er ítarleg og þar er því hafnað að Ísland afsali sér forræði og yfirstjórn sjávarauðlinda innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þá er lögð áhersla á að Ísland haldi samningsrétti vegna deilistofna á Íslandsmiðum; makríls, kolmunna, úthafskarfa, loðnu og norsk-íslensku síldarinnar. Þá megi ekki afsala sér forræði varðandi stuðning við íslenskan landbúnað, svo og um náttúruauðlindir sem fyrirhugað er að lýsa þjóðareign í nýrri stjórnarskrá.

Síðan er klykkt út með yfirlýsingu landsfundarins um að það sé „eitt af forgangsverkefnum VG, flokkseininga og þingflokks, að herða róðurinn við að upplýsa þjóðina um eðli og afleiðingar ESB-aðildar".

Þetta verður varla öðruvísi skilið en sem stuðningur við stefnu Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem talað hefur mjög um mikilvægi þessa.

Samfylkingarfólk sem Fréttablaðið ræddi við kippti sér þó ekki mikið upp við þessa yfirlýsingu. Stefna Vinstri grænna varðandi Evrópusambandið ætti að vera öllum kunn. Ánægjuefni væri hins vegar að ekki hefði komið fram tillaga á fundinum um að aðildarviðræðum yrði slitið og umsókn dregin til baka.

Því má segja að samþykktir flokkanna rúmist vel innan stjórnarsáttmálans, þar sem kveðið er á um aðildarumsókn en frelsi flokkanna til að framfylgja eigin stefnu að öðru leyti.

### Stjórnkerfisbreytingar

Samfylkingin ályktaði um heildstæða umhverfis- og auðlindastefnu. Þar ber hæst endurskoðun á kvótakerfinu og stofnun auðlindasjóðs, sem fjárfesti arðinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda.

Flokkurinn kveður einnig á um nýskipan í orku- og auðlindamálum, sem innleidd verði í umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnumálaráðuneyti. Hér er hnykkt á hugmyndum um stjórnkerfisbreytingar, sem verið hafa nokkuð umdeildar innan ríkisstjórnarinnar.

Tvær tillögur komu fram á landsfundi Vinstri grænna varðandi stjórnarráðsbreytingar. Önnur þeirra kvað á um að farið yrði í umræddar breytingar á stjórnarráði, en hin að hætt skyldi við þær. Báðum tillögunum var vísað frá en heimildir Fréttablaðsins herma að það hafi fremur verið á tæknilegum forsendum en málefnalegum.

Ýmsir úr samstarfsflokki Vinstri grænna höfðu orð á því í samtali við Fréttablaðið að sérkennilegt væri að tillaga um stjórnkerfisbreytingar hefði ekki náð fram að ganga, enda væri kveðið á um hana í stjórnarsáttmála.

Eftir stendur samþykkt flokksins frá 2007, sem vísað var til í umræðum á fundinum, sem gengur undir heitinu Græn framtíð. Þar segir:

„Úrelt skipan mála innan Stjórnarráðsins má ekki lengur standa í vegi fyrir nauðsynlegum áherslubreytingum hvað snertir fjármagn og tilfærslu verkefna milli ráðuneyta. Jafnhliða mikilli eflingu umhverfisráðuneytisins þarf að huga að tilfærslu verkefna milli annarra ráðuneyta og hugsanlegri fækkun þeirra, meðal annars með uppbyggingu eins atvinnuvegaráðuneytis."

### Víða samhljómur

Ýmislegt sameiginlegt er með ályktunum stjórnarflokkanna. Báðir eru hlynntir sjálfstæðu ríki Palestínu, stofnun nýs þjóðgarðs kringum Hofsjökuls og skýru eignarhaldi þjóðarinnar á auðlindum sínum, svo dæmi séu tekin.

Húsnæðismál eru báðum flokkunum hugleikin og styðja þeir báðir að komið verði upp fjölbreyttari úrræðum á leigumarkaði. Þá vilja flokkarnir að tekið verði á skuldamálum heimilanna. Samfylkingin vill draga úr vægi verðtryggingar og Vinstri græn vilja koma upp sameiginlegum vettvangi til að finna málamiðlun um lánamál heimilanna. Það rímar ágætlega við stefnu samstarfsflokksins um að kanna frekari úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda.

Þá eru flokkarnir sammála um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og að endurskoða þurfi fiskveiðistjórnunarkerfið, þó að áherslumunur sé á ályktunum flokkanna.

### Handhægt heimabrúk

Ályktun Vinstri grænna um heilbrigðismál hefur vakið nokkra athygli. Kosið var á milli tveggja tillagna og sú felld sem gekk út á að ekki yrði skorið meira niður innan málaflokksins. Slík tillaga hefði gengið gegn fjárlagafrumvarpi fjármálaráðherrans Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna.

Á endanum var samþykkt að heilbrigðiskerfið yrði endurskipulagt í samræmi við stjórnarsáttmálann og að aukið svigrúm í ríkisfjármálum yrði nýtt í þágu heilbrigðisþjónustu. Það er ekki úr takti við stefnu samstarfsflokksins.

Flokksmenn beggja flokka sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að ekki þyrfti að koma á óvart að ályktanir flokkanna væru ólíkar. Þrátt fyrir ríkisstjórnarsamstarf væri stefna flokkanna að mörgu leyti ólík og það sæist á landsfundum þeirra.

Ríkisstjórnarsamstarf feli í sér málamiðlun en samþykktir landsfunda sýni stefnu flokkanna áður en til þeirrar málamiðlunar komi. Afsláttur á stefnu í ríkisstjórnarsamstarfi eigi ekki að breyta samþykktri stefnu flokkanna, enda muni menn halda í kosningar með sitthvora stefnuna sem byggi á samþykktum landsfunda.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is






Framtíðin er skýr



**...stækkunarlampar,** útiljós, breytiklær, flúrljós, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, fjöltengi, framlengingarsnúrur, símavörur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is




# ÞAÐ GERIST VARLA BETRA!

**ábyrgð sem hentar þér**

**GILDIR Á TÆKJUM SELDUM FRÁ 1. NÓVEMBER 2011**

Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

RÖNNING

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Endurskipulagning tekur of langan tíma.

## Tiltektariðnaður

Eftir bankahrun þurfti að ráðast í stórkostlega tiltekt á Íslandi. Það þurfti að endurskipuleggja efnahagsstjórnina, fjármálakerfið, atvinnulífið og heimilin. Margir hafa unnið við þessa tiltekt. Til varð nokkurs konar tiltektariðnaður. Enginn velkist í vafa um mikilvægi þess að koma föllnu kerfi aftur á fætur. Margir hafa hins vegar efast um að þeir sem sinna endurskipulagningunni hafi einhvern hvata til að ljúka henni.

Samkeppniseftirlitið hefur þær áhyggjur. Í nýlegri skýrslu þess er fjallað um „umsýsluvanda“, sem „endurspeglast í því að þeir sem starfa við að leysa úr vandamálunum hafa af því talsverðar tekjur og byggja lifibrauð sitt á því. Þrátt fyrir góðan ásetning vinna hagsmunir þeirra af tekjuöflun og atvinnuöryggi gegn hagsmunum samfélagsins af hraðri úrlausn“.

SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Skilanefndir eru holdgervingar tiltektarinnar. Þær verða leystar upp fyrir áramót. Eftir munu standa slitastjórnir sem taka yfir hlutverk skilanefnda. Því verður formbreyting, ekki eðlisbreyting, á starfseminni.

Kostnaður við rekstur skilanefnda og slitastjórna Landsbankans, Glitnis og Kaupþings var 19,8 milljarðar króna á árinu 2009. Hann var 20,5 milljarðar árið 2010 og 9,5 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Samtals gera þetta 49,8 milljarða króna á tveimur og hálfu ári. Hjá þessum nefndum og stjórnum starfa nokkur hundruð manns. Meðallaun þeirra eru hátt í ein milljón króna á mánuði. Þar starfa margir færustu starfsmenn gömlu bankanna.

Stærstur hluti kostnaðarins er vegna kaupa á utanaðkomandi þjónustu. Á henni hafa lögmenn og endurskoðendur malað gull. Þessar starfsstéttir, sem hjálpuðu oft til við að framkvæma viðskiptalegar ranghugmyndir fyrir bankahrun, hreinsa nú upp eftir þá sömu gerninga.

Fjórar stærstu endurskoðunarskrifstofur landsins högnuðust um tæpa tvo milljarða króna árin 2009 og 2010. Stærstu lögfræðistofurnar hafa einnig hagnast um hundruð milljóna króna hver á því að þjónusta endurskipulagningariðnaðinn með vinstri en aðstoða kröfuhafa við að hámarka endurheimtur sínar með þeirri hægri.

Innan nýju bankanna vinna nokkur hundruð manns við endurskipulagningu fyrirtækja, þjónustu við skilanefndir, Fjármála- og Samkeppniseftirlitið eða Umboðsmann skuldara vegna afleiðinga bankahrunsins. Öll þessi störf eru tímabundin.

Margir fyrrverandi starfsmenn banka hafa stofnað ráðgjafarfyrirtæki eftir hrun. Þau vinna fyrir nýja fjármálakerfið við að búta í sundur þær viðskiptablokkir sem sömu starfsmenn tóku áður þátt í að byggja, eða vinna verðmat á fyrirtækjum sem þeir tóku áður þátt í að ofmeta. Auk þess virðist það henta sitjandi stjórnvöldum ágætlega að við séum föst í tiltektarfasanum. Þá geta þau áfram notað fortíðina sem afsökun fyrir skorti á framtíðarsýn.

Tiltekt tekur tíma. Sérstaklega eftir svona mikið áfall. En miðað við þann tíma sem margir angar endurskipulagningarinnar hafa tekið, virðist sem töluvert sé til í greiningu Samkeppniseftirlitsins á röngum hvötum innan tiltektariðnaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Illskásti kosturinn

Neyðarlögin hafa verið mikið í umræðunni undanfarið og hefur mörgum verið brigslað um að hafa staðið gegn þeim. Því er rétt að rifja það upp að samþykkt var að hleypa þeim í gegn með 61 samhljóða atkvæði. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var í stjórnarandstöðu og sat hjá við afgreiðslu laganna. Í ræðu sinni sagði hann hins vegar margt benda til að lögin væru „illskásti kosturinn, neyðarkosturinn í stöðunni eins og hún er“.



### Ráðherrar á svig við reglur

Fréttablaðið greindi frá því í gær að frá ársbyrjun 2009 hefðu ráðuneytin ráðið í 77 stöður án auglýsinga. Í langflestum tilvikum er um tímabundnar ráðningar að ræða, en ekki þarf að auglýsa slíkar stöður. Þrjú ráðuneyti hafa hins vegar farið á svig við gildistíma ráðninga: fjármála-, innanríkis- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Athyglisvert er að Vinstri grænir ráðherrar sitja í öllum ráðuneytunum, en sá flokkur barðist eitt sinn fyrir því að við opinberar ráðningar væri í hvívetna farið eftir reglum.

### Landsbyggðin skilgreind

Vinstri græn fjölluðu ekki almennt um flugvelli á landsfundi sínum en sáu þó ástæðu til að samþykkja ályktun um að flugvöllurinn í Reykjavík ætti að vera áfram á sínum stað. Tryggja yrði „áfram reglubundið áætlunarflug milli höfuðborgar og landsbyggðar“. Þetta vekur ýmsar spurningar. Nú er flogið frá umræddum flugvelli til nokkurra staða á landsbyggðinni en fráleitt allra. Er það nóg til að uppfylla ályktunina, eða þarf að fljúga til allra landsbyggðarstaða? Dugar kannski einn?

**kolbeinn@frettabladid.is**



HALLDÓR




## Ferming hvað?

Hjálparstarf

Bjarni Gíslason
upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar



Það er sjálfsagt misjafnt hvað fólk hugsar um þegar það hugsar um fermingu. Sumir hafa þá skoðun að börnin sem láti ferma sig hugsi bara um gjafirnar og meini eiginlega ekkert með þessu. Ég tel að þetta séu fordómar sem eigi ekki við rök að styðjast. Ég hef bara of mikil samskipti við fermingarbörn og starfsmenn kirkjunnar sem sinna fermingarfræðslu til að taka mark á slíkri fullyrðingu.

Allt annar sannleikur blasir nefnilega við mér. Þau vita vel um hvað þetta snýst, hafa skoðanir á lífinu, trúnni og þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera maður. Um þetta eru þau að fjalla allan veturinn í fermingarfræðslunni.

Ferming hvað? Svar Hjálparstarfs kirkjunnar væri: Stórkostleg ábyrgð á systur og bróður í Afríku, ekki bara í orði heldur í verki. Þú hváir kannski enn.

Jú, um 3.000 fermingarbörn standa fyrir söfnun til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í nóvember á hverju ári. Þau ganga í hús með merkta bauka Hjálparstarfs kirkjunnar og setja þrýsting á okkur hin að leggja okkar af mörkum af því að þeim er ekki sama um þau sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni.

Þeim er ekki sama um að stúlkur komist ekki í skóla vegna þess að þær þurfi að nota svo mikinn tíma í að sækja vatn langar leiðir. Þeim finnst líka ósanngjarnt að skyldur heimilisins hvíli langmest á konum og stúlkum. Hreint vatn í næsta nágrenni gerir þeim kleift að komast í skóla, með menntun nær jafnrétti frekar fram að ganga, þó að það geti tekið tíma.

> Þau ganga í hús með merkta bauka Hjálparstarfs kirkjunnar og setja þrýsting á okkur hin að leggja okkar af mörkum af því að þeim er ekki sama um þau sem hafa ekki aðgang að hreinu vatni.

Þú getur verið ósammála innihaldi fermingarinnar en ertu ekki sammála því að allir eigi að hafa aðgang að hreinu vatni? Þú getur verið ósammála því að gera Jesú að leiðtoga lífs þíns, en ertu ekki sammála því að stúlkur fái að ganga í skóla og jafnrétti kynjanna aukist?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Er lögreglu heimilt að hlera samtöl fólks án vitundar þess?

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ



Í nýlegu svari innanríkisráðherra á Alþingi kom fram að á árinu 2009 hefðu 173 úrskurðir til símhlerana verið kveðnir upp, einum færri á síðasta ári og 73 úrskurðir það sem af er þessu ári. Á árinu 2010 hefði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og sérstakur saksóknari fengið heimild til símhlerana í 72 tilvikum hvor, þ.e. samtals 144 heimildir. Ekki lægi fyrir á þessu stigi í hversu mörgum tilvikum kröfum lögreglu um símhleranir hefði verið hafnað.

Að þessu sinni verður leitast við að útskýra hvaða reglur gilda um heimildir lögreglu til að hlusta á samtöl fólks án vitundar þess. Þá verður farið nokkrum orðum um það hvort ástæða sé til að gera athugasemdir við núverandi fyrirkomulag með tilliti til réttaröryggis.

### Reglur sakamálalaga um símahlustun

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála er lögreglu heimilt að taka upp samtöl eða nema annars konar hljóð eða merki með því að nota til þess sérstaka tækni án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því. Þessi aðgerð nefnist „símahlustun“ á lagamáli.

Skilyrði fyrir þessari aðgerð eru þau að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þeim hætti. Þá verður rannsókn að beinast að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Lögreglu er ekki heimilt að ákveða upp á sitt einsdæmi hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Henni er ávallt skylt að leita úrskurðar dómara áður en símahlustun á sér stað. Gera verður ráð fyrir því að kröfugerð lögreglu sé rökstudd og að með henni fylgi rannsóknargögn henni til stuðnings.

### Hvernig er gætt hagsmuna þess sem er hleraður?

Í dönskum og norskum lögum er kveðið á um að í hvert skipti sem lögregla biður um heimild til símahlustunar fyrir dómi skuli skipa talsmann til að gæta hagsmuna þess sem aðgerð á að beinast gegn. Með því móti þyki réttaröryggi betur tryggt.

Hér á landi var farin önnur leið. Ekki er gert ráð fyrir því að sérstakur talsmaður sé skipaður. Lögreglustjórum er hins vegar skylt að tilkynna þeim sem aðgerðin beindist gegn um hana svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Ríkissaksóknari á að fylgjast með því að lögreglustjórar sinni þessari skyldu sinni.

### Núverandi fyrirkomulag með tilliti til rannsóknarhagsmuna og réttaröryggis

Á því leikur enginn vafi að símahlustun getur verið öflugt tæki til rannsóknar í sakamáli. Því er nauðsynlegt að lögregla hafi slíkt úrræði tiltækt ef rík þörf krefur. Það er aftur á móti í samræmi við grundvallarreglu stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs að lögreglu sé alltaf skylt að leita dómsúrskurðar þegar hún telur þörf á símahlustun.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það í hversu mörgum tilvikum dómarar hafa hafnað kröfum lögreglu. Slíkar upplýsingar eru þó nauðsynlegar til að fært sé að leggja heildstætt mat á gildandi fyrirkomulag. Jafnframt má benda á eftirfarandi atriði sem eru umhugsunarverð eins og framkvæmd mála er nú háttað:

Í fyrsta lagi liggur t.d. fyrir að mörg þeirra brota sem eru til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara varða að hámarki sex ára fangelsi, s.s. umboðssvik og markaðsmisnotkun. Embættið þarf því að sýna dómara fram á að heimild til símahlustunar sé nauðsynleg þar sem „ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess“. Ekki eru miklar leiðbeiningar að finna í lögunum sjálfum um hvernig dómarar skuli beita þessu víðtæka mati. Úrskurður héraðsdóms, þar sem fallist er á símahlustun, sætir auk þess ekki endurskoðun í Hæstarétti þar sem enginn er til að kæra úrskurðinn.

> Þar skiptir verulegu máli að eftirlit ríkissaksóknara með símahlustun lögreglu sé eflt sem allra fyrst. Varla er ofmælt að núverandi ástand í þeim efnum er óviðunandi.

Í öðru lagi hefði hugsanlega verið betra að sérstakur talsmaður úr hópi lögmanna hefði verið skipaður til að gæta hagsmuna þess sem í hlut á. Í greinargerð með sakamálalögum er þeim rökum teflt fram gegn þessu fyrirkomulagi að skipun talsmanns feli í reynd í sér „falskt öryggi sem bæti litlu sem engu við aðkomu sjálfstæðs og óvilhalls dómara að málinu“.

Um þessa afstöðu má ef til vill deila. Skipun talsmanns kann að auka réttaröryggi og þarf ekki að vera til málamynda þótt málsmeðferð fyrir dómi verði að taka stuttan tíma. Þá verður ekki séð að slík leið skaði rannsóknarhagsmuni, enda talsmaður bundinn þagnarskyldu. Ítreka ber að bæði Danir og Norðmenn hafa farið þá leið.

Í þriðja lagi er lögreglustjóra skylt þegar símahlustun er lokið að tilkynna þeim sem í hlut á um hana svo fljótt sem verða má. Lögreglustjóri má þó fresta tilkynningu, telji hann að hún geti skaðað frekari rannsókn máls. Mikilvægt er að öflugt eftirlit sé með því hvort og þá hvernig þessi undanþáguheimild er nýtt. Það hlutverk hefur ríkissaksóknari nú á hendi. Í nýju hefti Tímarits lögfræðinga upplýsir Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari að vegna fjárskorts hafi embættið þó lítið getað sinnt þessu sérstaka eftirliti í þágu aukins réttaröryggis.

### Almannahagsmunir og réttaröryggi

Ávallt er togstreita á milli almannahagsmuna af því að refsiverð brot séu upplýst og réttaröryggis þeirra sem rannsókn beinist að. Símahlustun getur verið alvarlegt inngrip í friðhelgi einkalífs. Slík aðgerð kann þó að vera nauðsynleg í þágu rannsóknar máls og vera mikilvægt tæki til að koma lögum yfir þá sem það eiga skilið.

Afar brýnt er hins vegar að viðhalda eðlilegu jafnvægi á milli þessara sjónarmiða við framkvæmd aðgerðarinnar. Með það í huga kann að vera þörf á því að huga að þeim sjónarmiðum sem að framan eru rakin. Þar skiptir verulegu máli að eftirlit ríkissaksóknara með símahlustun lögreglu sé eflt sem allra fyrst. Varla er ofmælt að núverandi ástand í þeim efnum er óviðunandi.

# Þú skalt ekki listar njóta!

Menning

Kolbrún Halldórsdóttir
forseti BÍL – Bandalags íslenskra listamanna



Nú liggur fjárlagafrumvarp ársins 2012 fyrir Alþingi og víða er rýnt í boðskap þess. Ekki er óalgengt að spjótum sé beint að listum og menningu þegar gagnrýnt er með hvaða hætti opinberu fé er varið. Listafólki eru því töm á tungu rökin, sem réttlæta opinberar fjárveitingar til menningar og lista.

Þar vega að sjálfsögðu þyngst rökin um eigið gildi lista og menningar, en upp á síðkastið hafa komið fram tölulegar upplýsingar sem skipta líka máli. Hagræn áhrif lista og menningar eru umtalsverð og ljóst að ríkissjóður fær hverja krónu sem lögð er til listrænnar sköpunar aftur til baka og sumar fimm sinnum.

Hugmyndin um verkfall listafólks hefur oft skotið upp kollinum, til að leggja áherslu á gildi lista og menningar, en slík aðgerð er flókin og jafnvel óframkvæmanleg.

Nú hefur hugmyndin verið einfölduð og í stað þess að listafólk fari í verkfall í einn dag er því beint til hvers og eins okkar að við hugleiðum hversu stóran þátt listir eiga í okkar daglega lífi, hversu víða þær eru í okkar nánasta umhverfi og hversu fátæklegt lífið væri án þeirra. Þetta getum við gert með því að takmarka eigin aðgang að listum og listrænum upplifunum.

Til hægðarauka hafa verið útbúin 15 boðorð, sem hægt er að fylgja til að forðast allar listir í dag. Boðorðin eru aðgengileg víða á vefnum og hvetja þau fólk til að hlusta ekki á tónlist, fara ekki í bíó, sækja ekki listasöfn, lesa ekki bókmenntir, horfa ekki á byggingar hannaðar af arkitektum og þar fram eftir götunum. Með sameinuðu átaki og táknrænum gjörningum, sem víðast um landið, er ætlunin að koma boðorðum listalausa dagsins til skila til þjóðarinnar. Allt í þeim tilgangi að skapa umræðu um umhverfi okkar án lista.





KJARADAGAR
Notaðir bílar á góðu verði.
Sérstök kjör á völdum bílum og frábærir lánamöguleikar.

▸ Dæmi um kjarabíla

| Tegund | Gerð | Árgerð | Mán. | Tilboðsverð | Afborgun pr. mánuð* |
|---|---|---|---|---|---|
| Toyota | Yaris | 05/08 | 60 | 1.390.000 | ▸ 20.290 kr. |
| Mitsubishi | L200 | 10/06 | 60 | 2.190.000 | ▸ 31.890 kr. |
| Subaru | Legacy | 12/05 | 48 | 1.690.000 | ▸ 29.890 kr. |
| Toyota | Corolla | 05/05 | 36 | 990.000 | ▸ 22.390 kr. |
| Nissan | X-Trail | 07/08 | 72 | 2.990.000 | ▸ 37.490 kr. |
| Kia | cee'd | 01/11 | 84 | 3.490.000 | ▸ 38.890 kr. |
| Toyota | Yaris | 11/03 | 36 | 850.000 | ▸ 19.290 kr. |

▸ Dæmi um frábær kaup
Kia cee'd 2008
Verð 1.790.000 kr.
Útborgun 537.000 kr.
25.990 kr. m.v. 60 mán.
6 ára ábyrgð eftir frá framleiðanda

*Afborgun miðast við 30% útborgun og óverðtryggðan bílasamning á 8,95% föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Nánari upplýsingar á www.landsbankinn.is.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.
ASKJA

# Norrænt átak gegn hormónatruflandi efnum

Umhverfisvernd

Svandís Svavarsdóttir
Katrin Sjögren
Ida Auken
John Johannessen
Anthon Frederiksen
Erik Solheim
Lena Ek
Ville Niinistö
umhverfisráðherrar Norðurlandaríkjanna

Við, umhverfisráðherrar Norðurlanda, höfum ákveðið að ráðast í samstillt átak til að greina áhrif og draga úr notkun efna sem geta valdið röskun á hormónastarfsemi. Við munum beita okkur fyrir því að löggjöf ESB og alþjóðlegar reglur á þessu sviði verði efldar í því skyni að vernda neytendur. Einnig viljum við skuldbinda fyrirtæki til að axla meiri ábyrgð en nú er með því að hætta notkun vafasamra efna, bæta upplýsingar til neytenda og leita nýrra valkosta í stað efna sem geta valdið röskun á hormónastarfsemi.

Fyrir rúmum tuttugu árum gerðu vísindamenn sér grein fyrir að þalöt, PCB og önnur efni sem leynast í umhverfi okkar geta raskað hormónastarfsemi og haft áhrif á æxlunarhæfni manna og dýra. Gæði sæðisfruma hjá ungum körlum í Danmörku og Noregi eru einna minnst í heimi. Tíðni krabbameins í brjóstum og eistum hefur aukist hvarvetna á Norðurlöndum á undanförnum tuttugu árum. Fyrir rúmum áratug kynnti Evrópusambandið áætlun um rannsóknir á og varúðarráðstafanir gagnvart hormónatruflandi efnum. Prófunaraðferðir hafa verið þróaðar og sérstök ákvæði eru um hormónatruflandi efni í evrópskri löggjöf um efni og efnavöru (REACH), svo og löggjöf um snyrtivörur og varnarefni. En betur má ef duga skal. Aðgerða er þörf og Norðurlandaríkin eru reiðubúin til að ryðja brautina hvort sem er heima fyrir, innan ESB eða á alþjóðavettvangi.

Margir gamlir skaðvaldar, þar á meðal DDT, PCB og díoxín, eru nú ýmist bannaðir eða dregið hefur verið úr notkun þeirra sökum þeirrar hættu sem steðjar að fólki og umhverfi. Endanlegu markmiði hefur þó ekki verið náð. Enn skortir viðmið fyrir efni sem talin eru hormónatruflandi og evrópska löggjöf á því sviði. Mikilvægt er að slík löggjöf feli í sér aðgerðir til að draga úr notkun hormónatruflandi efna. Á degi hverjum verðum við fyrir áhrifum margra mismunandi efna samtímis. Slík áhrif eru kölluð samverkandi áhrif eða kokkteiláhrif og við þeim verður að sporna.

Fyrir skömmu greindi framkvæmdastjórn ESB frá stöðu mála hvað varðar framkvæmd áætlunar sambandsins um hormónatruflandi efni. Þess er vænst að framkvæmdastjórnin láti nú til skarar skríða og að samin verði viðmið fyrir hormónatruflandi efni og brugðist við samverkandi áhrifum hormónatruflandi efna á fullnægjandi hátt.

Samhliða lagasmíð ESB er brýnt að höfða til ábyrgðar atvinnulífsins. Í efnaiðnaði hefur þegar verið hafist handa við að meta þá hættu sem stafar af efnum og efnavörum sem nú eru notuð, en skriður komst á þau mál í kjölfar hinnar nýju ESB-löggjafar um efni og efnavörur (REACH). Samkvæmt lögunum er fyrirtækjum gert að tryggja ábyrga notkun á efnum og efnavörum og axla siðferðislega ábyrgð á framleiðslu sinni. Því felst m.a. að kanna hvaða efni eru hormónatruflandi og hvernig draga má úr notkun þeirra – jafnvel þótt ganga þurfi lengra en löggjöfin kveður á um. Í þessu tilliti er einkum átt við efni í daglegum neysluvörum, svo sem snyrtivörum, matvælum, vefnaði og leikföngum. Þá ber að herða kröfur um að efnaiðnaðurinn nýti sér nýjustu rannsóknir og prófunaraðferðir þegar áhrif efna og efnasambanda eru metin.

Fyrirtæki verða að leggja sitt af mörkum við að leita nýrra valkosta og þróa prófunaraðferðir, meðal annars með því að fjármagna rannsóknastarf. Ýmis norræn fyrirtæki eru farin að þróa örugga valkosti við þalöt, svo dæmi sé nefnt. Þau eru á réttri leið en mun fleiri verða að feta í fótspor þeirra.

Þeir neytendur sem vilja sýna ábyrgð við innkaup geta stuðst við umhverfismerkingar á borð við Svaninn og Evrópublómið.

> Brýnt er að slaka ekki á taumunum. Saman viljum við vekja athygli stjórnmálamanna á skaðsemi hormónatruflandi efna og leggum jafnframt áherslu á að stöðugt verði dregið úr notkun þeirra.

Á síðasta ári komst skriður á norrænt samstarf um þessi málefni. Í Danmörku hafa tvö tiltekin parabenefni og bísfenól-A verið bönnuð í vörum sem ætlaðar eru börnum yngri en þriggja ára. Um þessar mundir vinna Danir að tillögu um evrópskt bann við þalötum. Á vegum umhverfisyfirvalda í Svíþjóð fer fram rannsókn á bísfenól-A. Þar í landi er einnig í gildi fjögurra ára framkvæmdaáætlun þar sem lögð er áhersla á að forðast hormónatruflandi efni og er um 1,8 milljörðum íslenskra króna varið í áætlunina. Norska umhverfisráðuneytið leggur til að bönnuð verði fjögur eiturefni í neysluvörum.

Í Noregi hefur einnig verið stofnuð ný heimasíða (Erdetfarlig.no) þar sem finna má ráðgjöf um hættuleg efni og öruggar afurðir. Samkvæmt finnska stjórnarsáttmálanum (frá 17. maí 2011) skal metið hvort nýjar áherslur kalli á frekari aðgerðir, þar á meðal samstarf um nanóefni og hormónatruflandi efni.

Á Íslandi hefur verið gefið út fræðsluefni um varasöm efni í neytendavörum og er það að finna á vef Umhverfisstofnunar – http://www.ust.is/einstaklingar/graennlifsstill/. Grænlendingar hyggjast grípa til ýmissa aðgerða til að leysa vanda af völdum hormónatruflandi efna, þar á meðal PCB.

Með þessum aðgerðum stíga Norðurlandaríkin fyrstu skref í þá átt að herða löggjöf heima fyrir sem og á vettvangi ESB. Undir formennsku Svía í ESB síðari hluta árs 2009 ákváðu umhverfisráðherrar ESB-ríkjanna að beina sjónum sérstaklega að hormónatruflandi efnum og samverkandi áhrifum þeirra. Brýnt er að slaka ekki á taumunum. Saman viljum við vekja athygli stjórnmálamanna á skaðsemi hormónatruflandi efna og leggum jafnframt áherslu á að stöðugt verði dregið úr notkun þeirra. Brýnt er að vernda líffræðilega fjölbreytni og frjósemi manna og dýra. Þannig stöndum við vörð um viðkvæm vistkerfi okkar – líf barna okkar og barnabarna er í húfi.

25% afsláttur í nóvember
Barnahúsgögn
Dönsk og umhverfisvottuð



Verðdæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Lágt rúm* | ~~55.800~~ | 41.850 |
| Hátt rúm* | ~~66.900~~ | 50.175 |
| Fataskápur | ~~61.500~~ | 46.125 |
| Mjó kommóða | ~~29.700~~ | 22.275 |
| Skrifborð m/yfirhillu | ~~34.100~~ | 25.575 |

*Verð án dýnu





Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

# Skylmingar með orðum

Menning

Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður



Um aldir hafa verið stundaðar svonefndar bardagaíþróttir. Sumar þeirra eru huglægar eins og til dæmis skák, þar sem aðgerðir á skákborðinu miða að því að drepa menn. Í skylmingum æfa menn sig í því að sýna fram á hvernig þeir geti rekið hver annan á hol, í íslenskri glímu er tilgangurinn að fella menn til jarðar og í júdó m.a. að „hengja“ menn. Í engri af fyrrgreindum íþróttum er litið á athæfið sem saknæmt ofbeldi.

Eitt svið íslenskrar bragíþróttar hefur falist í því að skylmast með orðum og má líta á það sem huglæga bardagaíþrótt.

**Dæmi: Maður ljóðaði á Bólu-Hjálmar og sagði:**

*„Á þig ég þeim augum lít /*
*að þú líkist fífli......“,*

**og Bólu-Hjálmar svaraði að bragði:**

*„...Andskotinn með úldnum skít*
*á þér kjaftinn stífli!“*

Báðir stóðu jafnréttir eftir; Bólu-Hjálmar þó betur sem hagyrðingur. Þetta skoðaðist meira sem íþrótt orðanna en að taka bæri það of bókstaflega.

Í bókinni Þingvísur, sem gefin var út hér um árið, mátti sjá margar svona vísur um þingmenn og voru sumar þeirra um menn sem gegndu æðstu embættum þjóðarinnar, m.a. embættum forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþings, samanber þessar tvær vísur:

*„Leiðari ei leit ég meiri*
*Mammonslappaskemil*
*eða meiri happahemil*
*heldur en þennan slappa Emil.“*

Og önnur vísa:

*„Jón á Akri af elju stakri*
*áfram berst*
*fyrir okri og eymdarhokri*
*uns hann ferst.“*

Ekki voru höfðuð meiðyrðamál út af þessu, heldur þessar vísur ásamt mörgum svipuðum gefnar út í bók fólki og þingmönnum til skemmtunar. Í lokuðu skemmtisamkvæmi nýlega varpaði ég í gamni ljósi á ákveðna þróun í opinberum samskiptum forsætisráðherra og forseta Íslands með því að sýna hvernig hún gæti stigmagnast með notkun ferskeytlna í stíl skylminga með orðum.

Ein vísan, sú eina sem var ekki eftir mig, komst í fjölmiðla og var ég ranglega talinn höfundur hennar. Með birtingu hennar einnar og sér, tekinnar úr samhengi, varð það slys að líta mátti á hana sem árás mína á viðkomandi persónu. Er það í fyrsta sinn á 53ja ára opinberum skemmtikraftsferli mínum sem slíkt gerist. Ekki tjáir að fást um þetta óhapp en upplýst skal að í öll þessi ár hafa skylmingar með orðum verið hluti af dagskrá minni og tekur því varla að hætta því úr þessu.

Sumar af þessum „skylmingavísum“ hafa verið um mig sjálfan, ýmist eftir mig eða aðra og birtar með leyfi höfunda þar sem það hefur átt við. Nefni hér eina þeirra sem dæmi með leyfi höfundar og held raunar upp á hana vegna þess hvernig innihald hennar snýst snarlega úr því sem sýnist vera hól. Steindór Andersen gerði hana um mig og hún hljóðar svona:

*„Hann birtu og gleði eykur andans;*
*illu burtu hrindir*
*og þegar hann loksins fer til fjandans /*
*fáum við sendar myndir.“*

Vinátta okkar Steindórs hefur verið óbreytt eftir gerð þessarar vísu og væntanlega munum við báðir halda áfram að „skylmast með orðum“ okkur og öðrum til dægrastyttingar.

# Tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð

## Dell netþjónn

Dell PowerEdge eru öflugir netþjónar sem henta vel fyrir allar stærðir fyrirtækja.



5 ára varahlutaábyrgð 3 ára vinnuábyrgð

## NCR afgreiðslukassi

RealPos 25 afgreiðslukassar frá NCR. Öflug tölva með 15" snertiskjá, kortalesara og kúnnaskjá.



2 ára ábyrgð

## Iomega gagnageymslur

Gagnageymslur sem henta vel fyrir minni fyrirtæki, útibú, vinnuhópa eða heimanetkerfi.



3 ára ábyrgð

## Dell skjár

Dell Professional eru vandaðir skjáir sem hægt er að snúa, hækka og lækka og eru því sérstaklega hentugir fyrir skrifstofuna.



3 ára ábyrgð

## Dell fyrirtækjafartölvur

Dell Latitude eru öflugar, öruggar og sérstaklega sterkbyggðar fartölvur fyrir viðskiptalífið.



5 ára varahlutaábyrgð 3 ára vinnuábyrgð

## Dell skjávarpar

Dell skjávarparnir koma þínum skilaboðum á framfæri með bjartari og skarpari mynd.



2 ára ábyrgð

## Dell netbúnaður

Dell PowerConnect netbúnaður er hagkvæmur kostur og hentar öllum fyrirtækjum, stórum sem smáum.



3 ára ábyrgð

## Dell OptiPlex

Öruggar og auðveldar í umsýslu, OptiPlex tölvurnar passa í nánast hvaða skrifstofuumhverfi sem er.



5 ára varahlutaábyrgð 3 ára vinnuábyrgð

## Dell Vostro

Sterkbyggð hönnun og fágað útlit á fartölvum sem skila fyrsta flokks árangri fyrir fyrirtæki. Með USB 3.0 tengimöguleika, HD vefmyndavél og frábærri rafhlöðuendingu.



3 ára ábyrgð

## Hvað er okkar ábyrgð?

Okkar ábyrgð er meira en lögleg lágmarksábyrgð. Okkar ábyrgð nær líka yfir þjónustuverið sem er alltaf opið og yfir vöruúrvalið sem samanstendur af vörum sem þú getur treyst.

**Kauptu tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð.**

www.ejs.is/abyrgd

Okkar ábyrgð

Grensásvegi 10
108 Reykjavík | Tryggvabraut 10
600 Akureyri | 440 9000
sala@ejs.is

EJS | HLUTI AF SKÝRR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-2321

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar.



BEKO HEIMILISTÆKI
– einföld, endingargóð og umfram allt á LÁGMAX verði!
• Þvotthæfni A
• Orkunýtni A+
• 1400 snúninga
74.989 kr.
Beko WMB61421
1400 snúninga og 6kg þvottavél með 30-90° hitastilli, ullarkerfi, skolstoppi, aukaskoli, hraðkerfi, þvottahæfni A, vinduhæfni B, orkuflokki A+ ofl. Stærð (bxhxd): 60x85x54sm.
• 1400 snúninga
• Þvotthæfni A
• Tekur 7kg
79.989 kr.
Beko WMB71431
1400 snúninga og 7kg þvottavél með 11 þvottakerfi, þvottahæfni A, vinduhæfni B, orkuflokki A ofl. Stærð (bxhxd): 60x84x54sm.
Aðeins brot af úrvalinu!
• Þvotthæfni A
• Orkunýtni A
• Vatnsflæðivörn
69.989 kr.
Beko DUN1303
60sm uppþvottavél með 3 kerfum, lætur vita ef gljáefni vantar, þurrkar með hita frá elementum, vatnsflæðivörn, þvottahæfni A, orkunýtni A og þurrkgeta B. Stærð: (hxbxd): 82x60x55sm.
• 60sm eldavél
• 4 steyptar hellur
• 53 lítra ofn
59.989 kr.
Beko CM86000
60sm eldavél 4 steyptum hellum, 53 lítra Multifunction ofni með yfir- og undirhita og grilli. Mál (hxbxd): 85-92x60x60sm.
• Barkalaus þurrkari
• Með rakaskynjara
• Tekur 7kg
69.989 kr.
Beko DC7110
Tvíátta barkalaus þurrkari með rakaskynjara, krumpuvörn, 8 stillingum og 104 lítra tromlu. Tekur 7kg. Orkunýting C. Mál (bxhxd): 69,5 x 85 x 54sm
• Þurrkari fyrir barka
• Tekur 7kg
49.989 kr.
Beko DV7110
Þurrkari fyrir barka með 8 stillingum. Tekur 7kg. Orkunýting C. Mál (bxhxd): 69,5 x 85 x 54sm

# HÁGÆÐA SJÓNVÖRP




**99.989 kr.**

**- sem lýsa upp skammdegið!**

## FRÁBÆR TILBOÐ




**39.989 kr.**

**Aðeins brot af úrvalinu!**

**Panasonic TXL32UX3**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro, 24p Playback Plus/Playback, Progressive Scan, x.v Colour, Digital Cinema Colour 3D Colour management, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T/C móttakara (MPEG4), Viera Link, SD/SDHC kortalesara, 2x HDMI, Scart, Component, CI rauf, CVBS, heyrnatólstengi, Optical út o.fl.

**Finlux 19FLX850UD**
19" HD LCD sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, CVBS, heyrnartólstengi o.fl.




**129.989 kr.**

**Philips 42PFL3606H**
42" LCD Digital Crystal Clear sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, 2x HDMI, Scart, VGA, S/PDIF, Audio L/R, tengi og CI Rauf ofl.




**169.989 kr.**

**Panasonic TXP42S30Y**
42" Full HD Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 600Hz Sub Field Drive Intelligent Frame Creation Pro, Vreal Live Engine, 2.000.000:1 skerpu, háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænum móttakara, 24p Playback, x.v Colour, 3x HDMI, SD kortalesara, Wi-fi ready ofl.




**164.989 kr.**

**Panasonic TXP50C3**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal Plus, 600Hz Sub-field Drive, 24p Playback, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamiskri skerpu, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakari (MPEG4), kortalesara ofl.




**79.989 kr.**

**Finlux 26FLX910LHU**
26" HD LCD LED sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn, 20.000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, Scart, HDMI, USB, D-Coax, Ci, CVBS, heyrnartólstengi o.fl.




**69.989 kr.**

**Philips HTS3560**
1000w heimabíósett með Blu-Ray spilara með 1080p uppskölun, DTS-HD og Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, Dolby Prologic II, DTS, Stereo, PAL, NTSC, MP3 line-in, HDMI, USB, AUX, CVBS, Optical Digital inn, USB flash drive afspilun ofl.




**24.989 kr.**

**Panasonic DMPBD75**
Vandaður Blu-ray/DVD spilari á ótrúlegu tilboði. Nú er tækifærið til að skipta DVD spilaranum í Blu-ray spilara.

*Tilboðin gilda til 8. nóvember eða meðan birgðir endast.*

**12 mánaða vaxtalausar greiðslur í boði!***

*Vaxtalausar raðgreiðslur með 3% lántökugjaldi og 295kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

# Áherslur á Norðurlandaráðsþingi

Norðurlandaráð

Helgi Hjörvar
alþingismaður og formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs



Í dag er 63. þing Norðurlandaráðs sett í Kaupmannahöfn. Á þinginu eru tekin fyrir mál sem snerta beint hagsmuni Íslendinga. Það er því ánægjulegt að stuðningur Íslendinga við norrænt samstarf mælist endurtekið mikill.

Norðurlandaráðsþingin eru mikilvæg vegna þess, að þar koma saman á einum fundi ráðherrar og þingmenn allra Norðurlandaríkjanna og ræða þau mál sem eru efst á baugi varðandi sameiginlega hagsmuni Norðurlandaríkja. Þá gefst norrænum þingmönnum einnig einstakt tækifæri til að beina óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra norrænna samstarfsmála frá öðrum Norðurlandaríkjum.

Sú umræða sem vekur jafnan einna mesta athygli er leiðtogafundur með þátttöku

> Siglingar á norðurslóðum koma einnig við sögu í umræðu um umhverfismál á Norðurlöndum þegar tekin verður fyrir tillaga umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs um aukið öryggi á sjó og umhverfisvernd við norðurskautið.

forsætisráðherra Norðurlandaríkjanna. Að þessu sinni verður fjallað um hin opnu norrænu samfélög og mun umræðan án efa litast af hinum skelfilegu atburðum er urðu í Noregi 22. júlí sl. sem beindust ekki aðeins að fórnarlömbum þeirra heldur einnig að mikilvægum norrænum gildum svo sem lýðræði og umburðarlyndi. Við megum aldrei láta undan í baráttunni gegn pólitískum öfgum.

Önnur umræða sem athygli beinist að er umræðan um utanríkismál, sem hefur aukist til muna í norrænu samstarfi síðasta áratuginn, sérstaklega með tilkomu Stoltenberg-skýrslunnar um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála. Utanríkismálaumræðan á Norðurlandaráðsþinginu í ár fjallar til að mynda um endurnýjaða samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautið, en fyrsta áætlunin tók gildi 1996. Málefni norðurslóða hafa orðið sívaxandi hluti íslenskra utanríkismála og er mikilsvert fyrir Ísland að stuðla að verkefnum á þessu svæði í norrænu samstarfi. Sérstök áhersla verður lögð á byggðaþróun, að viðhalda umhverfi norðurskautsins og líffræðilegum fjölbreytileika, að dreifa upplýsingum um loftslagsbreytingar, að styðja við sjálfbæra atvinnustarfsemi og að styðja við menntun og frjáls félagasamtök íbúa á svæðinu.

Þá er á dagskrá samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar við nágranna í vestri. Með nágrönnum í vestri er átt við héruð í Kanada við Atlantshafið, ríki Bandaríkjanna við Atlantshafið, Írland og Skotland. Markmiðið er að stuðla að frekari þróun núverandi samstarfs og styrkja tengslin við nágrannana. Samstarfið á að byggja á sameiginlegum áskorunum og hagsmunum sem fylgja fámennum dreifbýliskjörnum á stórum landsvæðum, löngum vegalengdum, köldu loftslagi, auðlindum hafsins og auknum siglingum á norðurslóðum.

Siglingar á norðurslóðum koma einnig við sögu í umræðu um umhverfismál á Norðurlöndum þegar tekin verður fyrir tillaga umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs um aukið öryggi á sjó og umhverfisvernd við norðurskautið. Í henni er meðal annars lagt til að efla, innan Nuuk-samkomulags Norðurskautsráðsins um leit og björgun, norrænt samstarf um eftirlit með hafsvæðum og að koma á fót norrænni viðbragðssveit á sjó, með þátttöku norrænna landhelgisgæslna og björgunarsveita. Hvort tveggja gæti reynst þýðingarmikið fyrir Ísland.

Af öðrum einstökum málum ber að nefna sérstaklega umfjöllun um tillögu velferðarnefndar Norðurlandaráðs um mænuskaða í umræðum um félags- og heilbrigðismál. Sú tillaga var upphaflega lögð fram af Íslandsdeild Norðurlandaráðs og hefur verið aukin í umfjöllun nefndarinnar. Tillagan fjallar um að fela nefnd sérfróðra vísindamanna og lækna að safna upplýsingum og gera yfirlit yfir norrænar og aðrar rannsóknir og meðferðir við mænuskaða, í formi skýrslu, og gera tillögur um úrbætur um rannsóknir og meðferðir á mænuskaða, auk þess að gera rannsókn á þátttöku fólks með mænuskaða á vinnumarkaði og að vinna að norrænni gæðaskrá um mænuskaða. Mænuskaðastofnun Íslands hefur staðið fyrir undirskriftarherferð kvenna til stuðnings tillögunni og hafa 8.500 konur sýnt stuðning sinn í verki. Það er gleðilegt enn á ný að almenningur lætur sig varða málefni norræns samstarfs.



# Sannleikurinn

Trúmál

Hanna Pálsdóttir
fv. stjórnarmaður Hjálparstarfs kirkjunnar



Mér brá verulega þegar ég horfði á fréttirnar á RÚV á sunnudagskvöldið og sá stutt brot úr ræðu Karls biskups, sem hann flutti í Hallgrímskirkju þá um morguninn, vegna 25 ára vígsluafmælis Hallgrímskirkju. Mér brá vegna þess að ég var í kirkjunni og hlustaði á ræðuna, sem mér þótti frábærlega góð. Þetta brot úr ræðunni, sem sýnt var í umræddum fréttum, gaf litla hugmynd um inntak ræðunnar í heild.

Það getur verið auðvelt að misskilja, mistúlka eða jafnvel rangtúlka ræðubrot sem tekið er úr samhengi.

Svo virðist eiga við í þessu tilfelli því ekki stóð á bloggurum að tjá sig.

Mig grunar að þeir byggi skoðanir sínar á þessu fréttabroti, en hafi hvorki verið í kirkjunni og hlustað á ræðuna í heild, né lesið hana á Kirkjan.is.

Upphafsorð biskups að ræðunni eru eftirfarandi tilvitnun:

> Ég hvet alla til að lesa ræðu biskupsins í heild. Hana er að finna á Kirkjan.is. Ræðan heitir: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“

Þá sagði Jesús við Gyðingana, sem tekið höfðu trú á hann: „Ef þér farið eftir því sem ég segi eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ Fólkið svaraði honum: „Við erum niðjar Abrahams og höfum aldrei verið nokkurs manns þrælar. Hvernig getur þú þá sagt: Þið munuð verða frjálsir?“ Jesús svaraði þeim: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Hver sem drýgir synd er þræll syndarinnar. En þrællinn dvelst ekki um aldur á heimilinu, sonurinn dvelst þar um aldur og ævi. Ef sonurinn frelsar yður munuð þér sannarlega verða frjálsir. Jóh 8.31-36

Síðar segir Karl:

Orð guðspjallsins sem hér var lesið þekkjum við flest, orð frelsarans: „Ef þér farið eftir því sem ég segi eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ Þessi orð eru skráð í hornstein Alþingishússins: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“ Já, þessi orð meistarans frá Nasaret eru í hornsteini löggjafarvalds okkar frjálsa þjóðríkis! „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“ (Tilvitnun lýkur.)

Ég hvet alla til að lesa ræðu biskupsins í heild. Hana er að finna á Kirkjan.is. Ræðan heitir: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa”.

Sannleikurinn er líka sagna bestur og hafa skal það sem sannara reynist.

# Að loknum landsfundi Samfylkingarinnar

Samfélagsmál

Jón Kr. Óskarsson
Hafnfirðingur



Landsþing 60+ lýsir þeim vilja sínum, að í áföngum verði afnumin skerðing tryggingabóta almannatrygginga vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Fundurinn er þeirrar skoðunar, að greiðslur úr lífeyrissjóðum til lífeyrisþega eigi að vera viðbót við lífeyri frá almannatryggingum.

Landsþing 60+ hvetur til sameiningar og fækkunar lífeyrissjóða og aðgerða til að samræma réttindi sjóðfélaga.

Landsþingi 60+ leggur á það áherslu, að bætur almannatrygginga fylgi þeim breytingum, sem verða á launum í almennum kjarasamningum.

Bent skal á að mikil óánægja kom fram um lokun líknardeildar á Landakoti og samþykkt ályktun um þá framkvæmd.

Undirritaður lét einnig koma fram á landsfundinum eftirfarandi skoðanir sínar.

Mesta niðurrifssstarfsemi hér á landi í íslenskri heilbrigðisþjónustu er lokun St. Jósefsspítala í Hafnarfirði eftir 80 ára frábært starf spítalans.

Hvernig staðið var að þessari lokun er hreint með ólíkindum. Komið var á St. Jósefsspítala. Allt merkt LSH, tæki og tól hirt, lá við að starfsfólk væri afklætt til að merkja LSH, svo mikið gekk á.

Gjafir frá ýmsum klúbbum úr Hafnarfirði, tæki og tól, málverk hirt, eftir stóð starfsfólk hálfgrátandi yfir vinnubrögðum starfsfólks LSH eða fulltrúa hans, við þá framkvæmd að taka yfir St. Jósefsspítala. Þar var einnig verið að svíkja loforð við Hafnfirðinga um að svona lokun myndi aldrei eiga sér stað.

Ekki hefur verið sýnt fram á hagræðingu við þessa lokun.

En það er virðulegur velferðarráðherra, jafnaðarmaðurinn Guðbjartur Hannesson, sem ábyrgð ber á þessari framkvæmd.

Einnig skal þess getið að undirritaður lýsti yfir mótmælum sínum um að verðtrygging yrði tekin af, við verðum að vernda okkar lífeyrissjóði og réttindi.

Ég tel að virðisaukaskattur á lyfjum ætti hiklaust að lækka, er 25,5% á meðan ýmsar heilsuspillandi vörur eru með allt niður í rúmlega 7% virðisaukaskatt.

Þessi breyting kæmi ungu fólki og eldri borgurum hiklaust til bóta.

Nóg að sinni.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



69 **ÚTGEFANDINN LARRY FLYNT** er 69 ára.

*„Það er ekki hægt að láta fimm úlfa og eina kind kjósa um hvað á að hafa í kvöldmatinn. Þess vegna gildir ekki meirihlutareglan nema réttur einstaklingsins sé líka hafður í hávegum.“*

## MERKISATBURÐIR

1197 Jón Loftsson, goðorðsmaður í Odda á Rangárvöllum og voldugasti höfðingi á Íslandi um sína daga, deyr 73 ára.

1710 Klukkan í dómkirkjunni á Hólum rifnar „þá hringt var til messu, af engri orsök, svo menn vissu“.

1845 Veðurathuganir hefjast í Stykkishólmi.

1896 Mynd af berbrjósta konu birtist í fyrsta sinn í tímaritinu National Geographic.

1947 Síldar verður vart í Hvalfirði og veiðar hefjast. Á rúmum fjórum mánuðum veiddust 1.100 þúsund mál sem á sér ekki hliðstæðu.

1961 Vilhjálmur Einarsson stekkur 175 sentimetra í hástökki án atrennu innanhúss.

1967 Almannagjá lokað fyrir bílaumferð, vegna slysahættu og með tilliti til sögulegra minja.

1980 Skúli Óskarsson setur heimsmet í réttstöðulyftu í 72 kg þyngdarflokki. Hann lyfti 315,5 kg.

**ÞETTA GERÐIST: 1. NÓVEMBER 1988**

## Fjórburar fæðast á Íslandi

Fyrstu fjórburarnir fæddust á Íslandi þegar fjögur stúlkubörn voru tekin með keisaraskurði á fæðingardeild Landspítalans fyrir 23 árum. Fæðingaraðgerðin tók rúman klukkutíma og heilsaðist móður og dætrum vel.

Í frétt Vísis þriðjudaginn 1. nóvember 1988 er haft eftir Auðólfi Gunnarssyni, sérfræðingi í kvenlækningum, að systurnar hafi vegið á bilinu 1.707-1.826 grömm og fæðst sex vikum fyrir tímann. Til að byrja með voru þær settar í hitakassa og fylgst náið með heilsu þeirra og framförum þar sem lungu þeirra voru ekki fullþroskuð og enn óvíst hvort þær gætu andað án aðstoðar.

Foreldrarnir Margrét Þóra Baldursdóttir og Guðjón Sveinn Valgeirsson voru sögð afar lukkuleg með dæturnar.

Fæðing fjórburanna var önnur í röðinni á heimsvísu þar sem tæknifrjóvgun var beitt. Tvisvar áður var vitað að konur hefðu gengið með fjórbura á Íslandi; í fyrsta sinn árið 1880 og í annað skiptið 1957. Þá lifðu þrjú barnanna eftir fæðingu. Líkur á því að fjórburar komi undir eru 1 á móti 500.000.





✝

*Elskuleg háöldruð móðir okkar og ættmóðir fjögurra ættliða,*

**Hansína F. Guðjónsdóttir**

áður búsett að Grandavegi 47,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 18. október s.l. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Skjóls fyrir dásamlega umhyggju og hlýju. Þökk sé öllum sem hafa sýnt vinar- og samúðarhug.

**F.h. afkomenda,**
**Þröstur Sveinsson**
**Rúnar Sveinsson**
**Inga Björk Sveinsdóttir**
**Halldór Sveinsson.**



✝

*Hjartkær eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Ólafur H. Óskarsson**

landfræðingur og fv. skólastjóri,
Logalandi 16, Reykjavík,

lést í Gautaborg mánudaginn 24. október. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Rauða kross Íslands njóta þess.

**Ingibjörg Björnsdóttir**
**Vilhjálmur Þorsteinsson** **Anna Ragna Magnúsardóttir**
**Þorsteinn og Hlín**
**Björn Þorsteinsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Snædís, Matthildur og Lena Charlotta**
**Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir** **Ásgeir Thoroddsen**
**Tómas Jökull, Ingibjörg og Svanbjörn Orri**
**Signý Þ. Óskarsdóttir**
**Anna H. Óskarsdóttir** **Þorgrímur Ólafsson**
**Þráinn Sigurbjörnsson**



✝

*Okkar ástkæri*

**Árni Þorkelsson**

Hörðukór 5, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 28. október síðastliðinn.

**Þorkell S. Árnason** **Rakel Egilsdóttir**
**Georg Þorkelsson** **Elísabet Iðunn Einarsdóttir**
**Sigurður Þorkelsson**
**Auður Rakel Georgsdóttir** **Agnar F. Agnarsson**
**Einar Þorri Georgsson**
**Agnes Rut Georgsdóttir**
**Agla Rán Georgsdóttir**
**Elinóra Inga Egilsdóttir**
**Pétur Laxdal Egilsson**
**Alma Hlökk Agnarsdóttir**



**RANGÁ ÁTTRÆÐ** Kristbjörg segir viðskiptavini Verslunarinnar Rangár helstu ástæðu þess að verslunin standi nú á áttræðu og þótt hún sé hverfisbúð komi gamlir hverfisbúar einnig um langan veg til að versla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VERSLUNIN RANGÁ Í SKIPASUNDI 56: FAGNAR 80 ÁRA AFMÆLI Í DAG

## Sveitakaupfélagið í borginni

„Hér er ekkert færibandaviðmót; bara heimilislegur andi þar sem öllum er boðið góðan dag og spjallað er við fólk á vinalegum nótum,“ segir Kristbjörg Agnarsdóttir, kaupmaður í Versluninni Rangá sem stendur á áttræðu í dag.

Rangá var stofnuð 1. nóvember 1931 af Jóni Jónssyni frá Ekru í Rangárvallahreppi, en Jón rak búðina með dætrum sínum til ársins 1971. Þá keypti Rangá faðir Kristbjargar, Agnar Árnason, í félagi við Sigrúnu Magnúsdóttur. Þau ráku búðina saman til ársins 1991, þegar Sigrún sneri sér að alþingisstörfum, en eftir það sá Agnar um reksturinn ásamt eiginkonu sinni, Magnhildi Friðriksdóttur.

„Við systkinin máttum byrja að vinna í Rangá þegar við náðum upp á búðarkassann. Ég var átta ára þegar ég óx upp í þá hæð og ógleymanleg tilfinning sem fylgdi þeim heiðri,“ segir Kristbjörg sem var þriggja ára þegar faðir hennar hætti sem kaupfélagsstjóri á Bíldudal og hóf verslunarrekstur í Reykjavík.

„Gamli vestfirski kaupfélagsandinn fylgdi pabba suður og alltaf ákveðið að halda þeirri ímynd hér. Því má segja að Rangá sé eina sveitakaupfélagið í borginni þar sem fæst allt milli himins og jarðar, hvort sem það er matvara, gler, gjafavara eða ullarsokkar í stærðinni 50,“ segir Kristbjörg hlæjandi.

Hún tók við rekstri Rangár úr höndum föður síns um áramótin 2010.

„Búðin er lítil og notaleg, um 80 fermetrar og vissulega oft höfuðverkur að koma hlutunum fyrir,“ segir hún keik yfir ómótstæðilegu vöruúrvali sem margir leggja lykkju á leið sína til að koma, skoða og kaupa.

„Við heyrum oft að hér fáist sitthvað sem ekki fæst annars staðar. Tryggðin er enda óendanleg hjá viðskiptavinum okkar og margir af þeim fólk sem ég afgreiddi sem barn og afgreiði enn í dag. Það er því sérstakt hlutskipti að sjá viðskiptavini sína í áratugi koma og fara um lífsins veg,“ segir Kristbjörg um gefandi starf sitt við búðarborðið í Rangá.

„Búðin var líf og yndi pabba sem féll frá í fyrra. Ég hef gríðarlega sterkar tilfinningar til búðarinnar og á héðan afskaplega góðar minningar um pabba og mömmu, sem enn stendur stöku sinnum vaktina, systkini mín og viðskiptavinina. Því gæti ég ekki hugsað mér að selja búðina né breyta neinu. Ég mun reka Rangá áfram eins og hún hefur verið rekin síðustu fjörutíu ár. Fólk vill koma í Rangá eins og hún er og það viljum við í fjölskyldunni líka.“

Í tilefni dagsins verður á boðstólum kaffi og kökur frá morgni til kvölds. Allir viðskiptavinir og velunnarar eru hjartanlega velkomnir.

thordis@frettabladid.is

### AFMÆLI



**JÓHANN HAUKSSON** fréttamaður er 58 ára.



**JÓN SIGURBJÖRNSSON** leikari er 89 ára.



**HRAFN JÖKULSSON** skákfrömuður er 46 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**TILBOÐSDAGAR**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

***MOSAIK*** • Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is



**Átröskunarteymi Landspítalans** heldur opinn kynningarfund fyrir aðstandendur fólks með átröskun miðvikudaginn 2. nóvember klukkan 16.30 til 17.30. Fundurinn fer fram á Hvítabandinu, Skólavörðustíg 37, 2. hæð.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Kristján Samúelsson, eða Kiddi Sam eins og hann er kallaður, gerðist nýlega atvinnumaður í fitness.**

# Tími nýrra ævintýra

Það er vissulega heiður að vera boðið af heimssambandi að gerast atvinnumaður í vaxtarrækt og fitness," segir Kristján Samúelsson, betur þekktur sem Kiddi Sam, sem skrifaði nýlega undir samning hjá WBFF (World Bodybuilding & Fitness Federation). Þá mun hann keppa um peningaverðlaun en kveðst samt ekki verða ríkur af tiltækinu. „Aðalspenningurinn er að prófa eitthvað nýtt," segir hann.

;FRAMHALD | 2




EINN ALVEG FRÁBÆR



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Vertu vinur

teg 8115 - mjúkur og yndislegur, létt fylltur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

;HEILSA



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg



Autoslide snúningssessan
Auðveldar snúning
þegar sest er inní bíl og farið útúr honum aftur
Verð 12.750 kr.
Opið virka daga kl. 9 - 18 og á **laugardögum** kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

FJALLAGRASA
íslenskir brjóstdropar
Gegn særindum í hálsi og öndunarvegi
íslensk fjallagrös





**Klamydíusmit** eru æði algeng á íslandi. Fyrstu níu mánuði þessa árs greindust 1.584 einstaklingar með klamydíu. Fjöldi tilfella á þessu ári hefur dregist saman um tæplega tíu prósent miðað við sama tíma í fyrra. www.landlaeknir.is

# Hreyfing sem meðferð

**Tilraunaverkefni með hreyfiseðla stendur nú yfir á fimm heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúklingar fá ávísun á hreyfingu frá lækni, en rannsóknir sýna að það er meðferð sem ber árangur.**

Tilraunaverkefni með hreyfiseðla, þar sem sjúklingar fá ávísun á hreyfingu frá lækni, stendur nú yfir á fimm heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið hófst í vor og mun Jón Steinar Jónsson, læknir á Heilsugæslunni í Garðabæ, kynna fyrirkomulagið á Fræðadögum Heilsugæslunnar sem verða haldnir dagana 10. og 11. nóvember næstkomandi.

„Fyrirkomulagið hefur verið að ryðja sér til rúms í Skandinavíu og eru Svíar leiðandi á því sviði. Hugmyndin er að koma hreyfingu á sem meðferð en ekki einungis almennri ráðgjöf eða tilmælum. Ástæðan er sú að rannsóknarniðurstöður hafa safnast upp sem sýna að hreyfing virkar sem meðferð við ýmsum sjúkdómum,“ segir Jón Steinar. Hann segir það lengi hafa verið þekkt að hreyfingarleysi sé áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdóma eins og reykingar og of hátt kólestreról. „Heilbrigðiskerfið hefur hins vegar ekki tekið á því með beinum hætti ef frá er talin hjartaendurhæfing á Reykjalundi og HL-stöðinni.“



„Markmiðið er ekki að sýna fram á að úrræðið virki, enda búið að því. Hugmyndin er að þróa það frekar og koma því almennilega á koppinn,“ segir Jón Steinar.

Jón Steinar segir að farið hafi verið að ræða hreyfiseðla á vettvangi stjórnmálanna fyrir nokkrum árum en lítið hafi orðið ágengt í þeim efnum. „Við í Garðabæ tókum af skarið og gerðum eigin tilraun fyrir nokkrum árum. „Það sem við lærðum af henni var að fólk vissi ekki um hvað var að ræða og fór mikill tími í að kynna úrræðið. Eins að það þyrfti öfluga eftirfylgni,“ segir Jón Steinar.

Sjúkraþjálfunarstöðin Styrkur tók við keflinu fyrir nokkru. Hún sótti um styrk til Velferðarráðuneytisins í því skyni að setja verkefnið aftur af stað og er nú í samvinnu við heilsugæslustöðvarnar í Garðabæ, Glæsibæ, Grafarvogi, Efra-Breiðholti og Árbæ.

Úrræðið virkar að sögn Jóns Steinars þannig að sjúklingi með tiltekið vandamál er boðið upp á hreyfiseðil. „Þetta getur verið sjúklingur með hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, offitu, stoðkerfissjúkdóma eða geðsjúkdóma svo dæmi séu nefnd. Fallist hann á að nýta sér úrræðið fylgir viðtal við sjúkraþjálfara. Hann og sjúklingurinn koma sér saman um æskilega hreyfingu og hversu mikil hún skal vera, sem getur verið mjög mismunandi eftir eðli vandans. Sjúkraþjálfarinn veitir síðan nauðsynlegt aðhald auk þess sem sjúklingurinn mætir í eftirlit hjá lækni alveg eins og ef hann hefði fengið ávísun á lyf við of háum blóðþrýstingi.“

Jón Steinar segir hugmyndina ekki endilega að hreyfingin komi í staðinn fyrir aðra meðferð. Hún geti hins vegar verið hluti af meðferð og átt þátt í að minnka lyfjagjöf, svo dæmi séu nefnd.

Tilraunaverkefnið stendur í ár. „Markmiðið er ekki að sýna fram á að úrræðið virki, enda búið að því. Hugmyndin er að þróa það frekar og koma því almennilega á koppinn,“ segir Jón Steinar. Hann segir um ódýran kost að ræða og að ávinningurinn sé ótvíræður. „Áhrifin eru einna mest ef fólk er að fara úr engri hreyfingu í einhverja hreyfingu en minni ef fólk fer úr hreyfingu í maraþonvinnu. Markhópurinn er því það fólk sem hreyfir sig lítið eða ekkert.“

*vera@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

Kristján er 32 ára og hefur náð lengst allra Íslendinga í fitness. Hann vann Íslandsmeistaramótið í fitness 2004, danska meistaramótið og sænska Grand Prix mótið 2006, Norðurlandamótið vann hann með yfirburðum 2008 og varð sama ár í 7. sæti heimsmeistaramótsins. Hingað til hefur hann keppt innan IFBB (International Federation of Bodybuilders) en segir þar engan atvinnumannaflokk nú í Classic Bodybuilding, sem hann keppti í. Tekur þó fram að hann hafi haft unun af að keppa fyrir IFBB og kveðst alltaf munu meta það sem IFBB á Íslandi hafi gert fyrir hann. „En núna er kominn tími á ný ævintýri,“ segir hann.



Kristján glímir í augnablikinu við axlarmeiðsl en vonast til að geta keppt í fitness í ágúst á næsta ári.

Kristján býr í Malmö í Svíþjóð og starfar sem sölumaður fæðubótaefna en þegar viðtalið fer fram er hann heima yfir ungum syni með hlaupabólu. Þess má geta að Kristján og Björn Þór Sigurbjörnsson (Bjöddi) eru líka að endurvekja og betrumbæta vefsíðuna www.body.is með kennsluæfingum, ráðleggingum um mataræði og öðrum fróðleik.

„Ég er í smá tjóni núna með aðra öxlina en vonast til að fá hana uppskorna á næstunni. Hún er búin að vera mér erfið í rúmt ár og ég er búinn að prófa allt til að bæta hana,“ segir Kristján. „En ég ætla mér að keppa í fitness í ágúst á næsta ári í Toronto í Kanada og mæta þar í mínu besta formi.“

*gun@frettabladid.is*









# BÍLAMÁLUN &RÉTTINGAR

**Kynningarblað** Tjónamat, viðgerðir, sérmenntaðir starfsmenn, bílaleiga, öryggi, öðruvísi bílar



Friðrik Helgi Friðriksson, deildarstjóri á Kletthálsi, og Aðalgeir Gíslason, deildarstjóri á verkstæðinu í Auðbrekku, bjóða upp á faglega þjónustu sem byggir á áralangri reynslu. MYND/GVA

## Fimm stjörnu þjónusta

**Málningar- og réttingaverkstæði Toyota er gæðavottað af BSI á Íslandi samkvæmt kröfum Bílgreinasambandsins. Áhersla er á faglegar viðgerðir og starfsmenn sérmenntaðir. Auk þess fá vottuð verkstæði 5 stjörnur í flokkun Sjóvá.**

Toyota rekur tvö réttingaverkstæði, annars vegar hér í Auðbrekku 27 og hins vegar á Kletthálsi 9. Við önnumst alla tjónaskoðun og viðgerðir fyrir öll tryggingafélögin," útskýrir Aðalgeir Gíslason, deildarstjóri á verkstæði Toyota í Auðbrekku.

Bæði verkstæðin vinna eftir svokölluðu Cabas-tjónamatskerfi og eru með gæðavottun Bílgreinasambandsins. Þá fá þau bæði fimm stjörnur frá tryggingafélaginu Sjóvá.

„Við uppfyllum BGS gæðastaðal númer 3.0:2011 fyrir „þjónustu málningar- og réttingaverkstæða". Það þýðir að við bjóðum ávallt úrvalsþjónustu og gott viðmót, könnum bótaskyldu og rétt tjónþola til bílaleigubíls og framkvæmum



Toyota leggur áherslu á faglegar viðgerðir.

faglegar viðgerðir," segir Aðalgeir. „Við erum enn fremur með sérfræðinga á öllum sviðum og háan starfsaldur, en hér í Auðbrekku hafa menn unnið allt frá 7 árum og upp í 16 ár og búa því yfir sérþekkingu sem ekki er á allra færi," bætir hann við og Friðrik Helgi Friðriksson, deildarstjóri á verkstæðinu á Kletthálsi, tekur undir það.

„Á Kletthálsi eru einnig allir lærðir og gaman að segja frá því að hjá okkur vinnur fyrsta og eina konan með sveinspróf í bifreiðasmíði, Anna Kristín Guðnadóttir," segir Friðrik. Sjálfur hefur hann unnið hjá fyrirtækinu í 21 ár, fyrst í Auðbrekku áður en Toyota keypti verkstæðið á Kletthálsi fyrir 5 árum. „Starfsemin gengur út á það sama á báðum verkstæðum en á Kletthálsi erum við í stærra húsnæði. Þar vinna 11 manns og við sinnum frekar stærri verkefnum. Við sérhæfum okkur í Toyota-bifreiðum en tökum á móti öllum bílum. Megnið af þeim verkum sem fara í gegn hjá okkur er tryggingatjón," segir Friðrik.

„Fólk getur pantað tíma gegnum þjónustuverið hjá Toyota eða haft beint samband við verkstæðin," útskýrir Aðalgeir. „Við byrjum á að gera tjónamat áður en viðgerð hefst og viðskiptavinurinn kynnir sér bótarétt sinn. Yfirleitt tekur ferlið 10 daga hjá tryggingafélögunum en biðtíminn hjá okkur er ekki langur, ef bílarnir eru mikið skemmdir reynum við að taka þá sem allra fyrst í viðgerð," segir Aðalgeir. „Varahlutir eru ávallt til hjá okkur og bílaleigubílar eru til staðar fyrir þá sem hafa rétt á því en einnig erum við með þjónustubíl sem keyrir viðskiptavini heim eða í vinnuna og sækir þá svo aftur þegar bíllinn er tilbúinn."

Á heimasíðunni www.toyota-kopavogi.is er að finna frekari upplýsingar. Tímapöntun er í síma 570 5000.



### AUKA- OG VARAHLUTAVERSLUN TOYOTA KÓPAVOGI

**Ef viðskiptavinir** Toyota Kópavogi lenda í óhappi er algjört lykilatriði að allir varahlutir séu til staðar eða hægt að nálgast þá með skömmum fyrirvara. Toyota Kópavogi á 95 prósent af þeim varahlutum sem mest er beðið um á lager. Ef varahlutur er ekki til hjá okkur en til á lager í Belgíu fáum við hann til okkar á innan við tveimur sólarhringum, án aukakostnaðar fyrir viðskiptavini. Einnig er til mikið úrval af aukahlutum á allar tegundir Toyota- og Lexus-bíla, svo sem þakbogar, húddhlífar, dráttarkrókar, krómpúst og svo mætti lengi telja.

**Þegar kemur** að þjónustu við réttingaverkstæðin í landinu kappkostar Toyota Kópavogi að veita yfirburðaþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu eru farnar tvær ferðir á dag með auka- og varahluti og fleiri ef þurfa þykir. Varahlutir eru sendir daglega út á verkstæðin um land allt til að tryggja að viðgerð taki sem allra skemmstan tíma með sem minnstum óþægindum fyrir viðskiptavini enda er okkar mottó: „engin vandamál – bara lausnir".




# Góð viðgerð er arðbær fjárfesting

Lakkhúsið er réttinga- og málningarverkstæði sem leggur höfuðáherslu á vandaðar viðgerðir. Viðgerðir sem endast. Lakkhúsið er til húsa í Kópavogi, á Smiðjuvegi 48 rauðri götu, í hverfi sem er oft nefnt hjarta bifreiðaverkstæðanna. Lakkhúsmenn leggja alla áherslu á að viðgerðin geri góðan bíl betri og að halda umstangi tjónþola í lágmarki.

**„Frá stofnun fyrirtækisins árið 1988 hefur áhugi okkar aldrei beinst að því að verða stærstir á markaðnum, heldur að því að bjóða upp á persónulega þjónustu og vönduð vinnubrögð. Stöðug endurnýjun á nýjungum í tækjum og tólum og metnaðarfullir fagmenn sem sækja endurmenntun í greininni bæði hérlendis og erlendis hafa gert okkur þetta kleift," segir Jón Bergur Hilmisson, eigandi og framkvæmdastjóri Lakkhússins.**

Ávallt er fylgst með þróun og nýjungum í greininni en það er afar mikilvægt, því hröð þróun er í þessari grein iðnaðar. Það sem var gott og gilt í gær getur verið úrelt á morgun, að sögn Jóns Bergs.

„Á sumum verkstæðum eru oft of margar mislagðar hendur sem koma að of mörgum þáttum viðgerðarinnar og jafnvel þarf bifreiðin að fara bæjarfélaga á milli frá réttingamanni til sprautarans. Lakkhúsið tekur á öllum þáttum tjónsins, tjónamati, réttingu, plastviðgerðum, rúðuskiptum og sprautun, hvort sem um er að ræða bifreið, bifhjól eða jafnvel ferðavagninn, allt á sama stað. Tjónþoli fær bílaleigubíl meðan á viðgerð stendur," segir Jón Bergur.

Faðir Jóns, Hilmir Þorvarðarson, og bróðir, Kjartan Hilmisson, stofnuðu Lakkhúsið fyrir tuttugu og þremur árum og hafa verkefnin síðan þá verið fjölbreytt svo ekki sé meira sagt, allt frá skrautmálun á GSM-símafrontum til heilsprautunar á flugvélum. Í dag sérhæfir Lakkhúsið sig í viðgerðum á bifreiðum, húsbílum og hjólhýsum eftir tjón, fyrir utan þessi hefðbundnu tjón.

„Það er alls ekki sama hvernig brugðist er við ef tjón verður á bifreiðinni," segir Jón Bergur. „Hvort sem tryggingafélagið eða eigandinn sjálfur borgar tjónið er það á herðum eigandans að velja verkstæðið sem framkvæmir viðgerðina og getur það verið vandasamt verk, því illa viðgerður bíll getur verið verri en óviðgerður. Hann fellur ekki bara í verði í endursölu heldur það sem verra er, hann getur orðið hættulegur í umferðinni ef ekki er rétt staðið að verki." Lakkhússmenn leggja alla áherslu á að viðgerðin geri góðan bíl betri. „Með réttum aðferðum, tækjum, gæðaefnum og bullandi áhuga er okkur þetta mögulegt," segir Jón Bergur. „Það er mikið atriði að gera rétt við bílinn, svo hann standist ekki bara allar öryggiskröfur sem fyrr, heldur sé viðgerðin forvörn og verði ekki völd að ryðvandamáli í framtíðinni. Nokkuð sem er mjög dapurlegt að sjá og allt of algengt. Samstarf tryggingafélaganna og Lakkhússins lágmarkar allt umstang tjónþola; þekking og vönduð vinnubrögð starfsmanna Lakkhússins gerir tjónið fyrir tjónþola tímabundið en ekki langvarandi."

> **„Illa viðgerður bíll getur verið verri en óviðgerður.**



„það er alls ekki sama hvernig brugðist er við ef tjón verður á bifreiðinni," segir Jón Bergur Hilmisson, eigandi og framkvæmdastjóri Lakkhússins á Smiðjuvegi 48 í Kópavogi. MYND/GVA


## BÍLEIGENDUR ATHUGIÐ!

Ef þið lendið í tjóni er það ykkar að krefjast bóta eða fullnægjandi viðgerðar.

Nauðsynlegt er að bíleigendur geri sér grein fyrir rétti sínum að leita til þess viðgerðaraðila sem þeir kjósa.

Á heimasíðum tryggingarfélaganna er sumstaðar að finna lista yfir viðgerðarverkstæði sem þau flokka með beinum eða óbeinum hætti og benda viðskiptavinum sínum á eða mæla með.

Nýlega voru verkstæði sem kröfðust leiðréttingar á samningum við eitt tryggingarfélag felld út af þessum lista án þess að lögmæts uppsagnarfrests samnings væri gætt.

Það er álit okkar, að tryggingarfélög eigi ekki að mismuna verkstæðum á slíkri skrá en beri að veita viðskiptavinum sínum sem bestar upplýsingar um verkstæði og val á þeim á hlutlausan hátt.

FRM – Félag réttinga- og málningarverkstæða

**Bíleigendur – ykkar er valið.**





Nemandinn sér umhverfið í gegnum sérstök þrívíddargleraugu sem eru í suðuhjálminum og stjórnar aðgerðum í gegnum 22" snertiskjá.

## SUÐUKENNSLA Í SÝNDARVERULEIKA

**Ný tækni** sem felst í því að málmsuða er kennd í nokkurs konar suðuhermi hefur verið tekin í notkun á málm- og véltæknisviði Iðunnar, fræðslusetrs. Búnaðurinn er frá Fronius í Austurríki, sem er eitt af leiðandi fyrirtækjunum í suðumálum á heimsvísu.

**Sýndarveruleikinn gefur** ýmsa möguleika í kennslunni og sparnaður við þjálfun suðumanns lækkar um 25 prósent því ekki er um neinn efniskostnað að ræða. Einnig minnkar mengun við kennsluna verulega.

**Búnaðurinn er** bæði notaður til kennslu byrjenda og þeirra sem þurfa þjálfun til þess að bæta sitt handverk. „Þetta er þó einkum til að æfa grunnþættina í suðu. Hvar á að byrja, hvernig á að halda á pinnunum, í hvaða hæð og fjarlægð og hvað gerist við breytingar á straumi," segir Ragnar B. Ingvarsson, sviðsstjóri bílgreinasviðs Iðunnar. „Þetta er gott til að spara vírinn og gasið og svo minnkar mengunin auðvitað verulega."

**Ekki er** hægt að komast áfram í þjálfuninni fyrr en ákveðinni leikni hefur verið náð, til dæmis 85 prósenta leikni í færsluhraða. Gefin eru stig fyrir hverja umferð og hægt er síðan að skoða í upptöku hvað gert var rangt og lagfæra það í næstu umferð. *- gun*



Upphaflega var Trabant aðeins framleiddur í fjórum litum en það breyttist með tímanum.

## EINSTAKUR BÍLL

**Trabant er** bíll sem lítið erindi hefur átt á réttingaverkstæði. Hann var nefnilega gerður úr trefjaplasti að stórum hluta vegna skorts á stáli í Austur-Þýskalandi eftir síðari heimsstyrjöldina, en þar var Trabant framleiddur af Sachsenring-verksmiðjunum. Upphaflega var hann hannaður sem þriggja hjóla skellinaðra með húsi en í lok þróunarferilsins var honum breytt í fjögurra hjóla bíl og kom sá fyrsti á markað árið 1957. Vélin var tveggja strokka, svipuð og í skellinöðrum, og var smurolíunni bætt út í bensínið.

Upphaflega var Trabant aðeins framleiddur í fjórum litum: beinhvítum, bláum, pastelgrænum og sinnepsgulum, en síðasti Trabantinn, sem framleiddur var árið 1991, var bleikur. *- gun*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hanssen ivarorn@frettabladid.iss. 512 5429.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Þessi smábíll á Sikiley er litríkur í meira lagi og eflaust segja myndirnar einhverja merkilega sögu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Litríkur veruleiki

**Silfur og hvítt eru vinsælustu litir á bíla í heiminum. Sumir synda á móti straumnum og fá sér græna og gula bíla meðan örlítill hluti mannkyns kýs að skreyta farartæki sín á stórfurðulegan máta.**



Bandarískir skutbílar eru margir hverjir með viðarklæðningu. Eigandi þessa bíls gerir góðlátlegt grín að því og hefur málað múrsteina á skutbílinn sinn.



Cadillac Ranch er listræn innsetning nærri Amarillo í Texas við gömlu leiðina Route 66. Listaverkið var búið til árið 1974 af þremur listamönnum hönnunarstofunnar Ant Farm. Innsetningin samanstendur af tíu gömlum niðurgröfnum Cadillac-bifreiðum.



Sportbíll þakinn afar smágerðu og flóknu mynstri.



Amerískur trukkur skreyttur litríkum hestum.



Glæsilega málaður Ford Hot Rod frá 1933.

# Traustir í fjörutíu ár

**Réttingarverkstæði Trausta hefur þjónustað tryggingafélög og bíleigendur síðan 1971, en þar eru vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta í hávegum höfð.**

Það er okkar hagur að gera sem best; veita trausta og persónulega þjónustu og framúrskarandi bílaviðgerðir,“ segir Hallsteinn Traustason, bílasmiður og framkvæmdastjóri Réttingarverkstæðis Trausta á Smiðjuvegi 18.

Verkstæðið er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem faðir Hallsteins, Trausti Hallsteinsson, stofnaði árið 1971. Saman standa þeir feðgar vaktina, ásamt góðu starfsfólki.

„Undirstaðan í rekstrinum er viðgerðir fyrir tryggingafélög landsins, en hingað koma líka margir inn af götunni,“ útskýrir Hallsteinn um annir verkstæðisins, sem sér um bílaréttingar, bílamálun og framrúðuskipti.

„Margir leita tilboða þótt ekki sé farið út í viðgerðir strax og í fyrsta sinn í áratugi koma bílaeigendur með farkosti sína í ryðviðgerðir, svo lengja megi lífdaga þeirra,“ segir Hallsteinn.



Hallsteinn Traustason bílasmiður við störf sín á Réttingarverkstæði Trausta, sem hefur veitt úrvals þjónustu og viðgerðir í 40 ár. MYND/GVA

Hópur viðskiptavina Réttingarverkstæðis Trausta fer stækkandi ár hvert því orðsporið er gott og fólk veit að það gengur að gæðum.

„Það er enda mikilvægt að leita til fagfólks í bíliðngreinum því fæstir utan þeirra vita mikið um dugandi bílaviðgerðir og auðvelt er að gabba fólk. Sumir leita úrræða hjá svokölluðum bílskúrsköllum en sitja eftir með lélega viðgerð sem beinlínis varðar umferðaröryggi. Við hvetjum því bíleigendur til að koma til skrafs og ráðagerða, fá álit fagmanna og verðtilboð, jafnvel þótt eigandi kjósi að fresta viðgerð enn um sinn,“ segir Hallsteinn.

„Í dag keyrir fólk á mun eldri bílum en áður og mikilvægt er að koma snemma með bíla til viðgerða svo kostnaður sé viðráðanlegur. Tíminn vinnur með fólki þegar um ryðviðgerðir er að ræða og auðvelt er að bæta nýtt ryð, sem annars skemmir fljótt út frá sér. Eðlilega draga margir í lengstu lög að fara með bíla sína í viðgerð og oft gerist það ekki fyrr en bíll þarf í skoðun, en til að tryggja öryggi sitt og annarra í umferðinni þarf að láta viðgerðir ganga fyrir.“



# Flottar línur og fallegt lakk

**Glæsikerrur frá fimmta og sjötta áratugnum eru að margra mati vitnisburður um bílaframleiðslu eins og hún gerðist best. Enda var þá ekkert til sparað, hvorki í innra rými né ytra byrði, línum og lakki til að gera þessa fornbíla gullfallega.**


Buick-blæjubíll, árgerð 1958.


Cadillac Eldorado Biarritz frá árinu 1959.


Ford Fairlane Sunliner frá árinu 1955.


Opel/Vauxhall Astra er á meðal þeirra ellefu bíla sem hlutu fimm stjörnur í nýlegu árekstrarprófi.

## NÝIR BÍLAR EINSTAKLEGA ÁREKSTRARÞOLNIR

**Niðurstöður nýrra** árekstrarprófana á nýjum bílum Euro NCAP leiða í ljós hversu árekstrarþolnir nýir bílar eru, en ellefu þeirra tólf bíla sem prófaðir voru hlutu fimm stjörnur af fimm mögulegum. Þar af er Ford Ranger fyrsti pallbíllinn til að hljóta nokkru sinni fimm stjörnur.

Hinir fimm stjörnu bílarnir er Audi Q3, BMW 1-línan, Chevrolet Captiva, Fiat Freemont, Ford Ranger, Hyundai Veloster, Mercedes M-lína, Opel/Vauxhall Astra, Opel/Vauxhall Zafira Tourer, Lancia Thema og Toyota Yaris. Lancia Voyager hlaut síðan fjórar stjörnur.

## KÍNVERJAR KAUPA SAAB

**Kínversku bílafyrirtækin** Pang Da og Youngman hafa keypt Saab í Svíþjóð af Swedish Automobile N.V. og hyggjast endurreisa það, að því er fram kemur á fréttavef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is. Til að byrja með setja Kínverjarnir tvo milljarða sænskra króna í að koma framleiðslunni í gang á ný. Þeir hyggjast síðar verja 5,5 milljörðum sænskra króna til að þróa nýja kynslóð Saab 9-3 og fleiri nýjar gerðir. Sænska sjónvarpið greindi frá endurreisnaráætlunum Kínverjanna í fréttaskýringarþættinum Rapport á sunnudag og sagði að þær yrðu lagðar fyrir héraðsdóm Vänersborgarléns. Samþykki rétturinn áætlanirnar hefst endurreisnin fljótlega. Áætlanir nýrra eigenda eru hins vegar háðar samþykki margra málsaðila eins og sænsku og kínversku ríkisstjórnanna og General Motors, sem átti Saab um langt árabil. General Motors þarf að samþykkja tæknilegar áætlanir, þar sem veigamiklir þættir í Saab-bílum byggjast á tækni frá General Motors.









Burt's Bees-línan er fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Vörurnar fást í apótekum um land allt.

# Margverðlaunuð náttúruleg vörulína

**Burt's Bees, vinsælasta náttúrulega húðlínan í Bandaríkjunum, fæst nú loks á Íslandi. Öll vörulínan er unnin úr afurðum hunangsflugna og er náttúruleg auk þess sem öll framleiðsla hennar er umhverfisvæn.**

Burt´s Bees eru náttúrulegar snyrtivörur sem nýkomnar eru á markað hér á landi,“ segir Berglind Erna Þórðardóttir, vörumerkjastjóri hjá Icepharma sem flytur inn snyrtivörurnar. Hún bendir á að Burt´s Bees sé margverðlaunuð náttúruleg vörulína og hafi verið kosin vinsælasta náttúrulega vörulínan í Bandaríkjunum árið 2010. „Vörulínan er náttúruleg og framleiðslan öll umhverfisvæn,“ segir Berglind.

„Vörulínan er án Parabenefna, silíkons og tilbúinna lyktar- og litarefna,“ upplýsir Berglind. Hún segir Burt´s Bees einnig njóta nokkurrar sérstöðu vegna einstakrar virkni afurða hunangsflugunnar. „Þar má nefna drottningarhunangið eða Royal Jelly, sem er fullt af næringu og andoxunarefnum og er talið eitt næringarríkasta efni í heimi,“ segir Berglind. Hún útskýrir að drottningarhunang sé efnið sem hunangsflugurnar safni saman og færi aðeins drottningu sinni. „Þetta sérstaka hunang er undirstaða Radiance-línu Burt´s Bees, sem ásamt drottningarhunanginu inniheldur fjölda náttúrulegra innihaldsefna sem öll hafa þá eiginleika að draga úr fínum línum og laða fram náttúrulegan ljóma húðarinnar,“ segir Berglind.

Hún bendir á að húðkremin frá Burt´s Bees séu einstök í sinni röð vegna 24 klukkustunda rakavirkni þeirra. „Lykillinn að þessari einstöku virkni er í fljótandi kristöllun sem felst í því að blanda saman olíu og vatni. Það gerir það að verkum að kremið dregst betur inn í húðina og eykur rakamyndun og upptöku næringarefna í húðinni,“ segir Berglind með áherslu.

Burt´s Bees-línan er fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað fyrir sitt hæfi. „Barnalínan er ómótstæðileg ásamt spalínunni, svo ekki sé talað um varasalvana og varaglossin, sem veita mýkt og raka samhliða því að gefa flottan lit,“ segir Berglind.

Vörurnar frá Burt‘s Bees fást í apótekum um land allt en frekari upplýsingar um vöruna er að finna á www.icepharma.is




Berglind Erna Þórðardóttir, vörumerkjastjóri hjá Icepharma, mælir með vörunum frá Burt's Bees. MYND/VILHELM



Burt býflugnabóndi með hundinum sínum.

## Skemmtileg saga að baki Burts Bees

Saga Burt‘s Bees hófst fyrir aldarfjórðungi. Upphafið má rekja til þess þegar býflugnabóndinn Burt Shavitz hitti listamanninn Roxanne Quimby, en hún var að húkka far í Maine í Bandaríkjunum. Burt fór að segja henni frá undrum hunangsflugunnar og afurðum hennar. Roxanne varð innblásin af sögum Burts og málin þróuðust þannig að hún varð eftir hjá Burt. Full af áhuga og sannfæringu um gæði, kraft og einstaka eiginleika afurða hunangsflugnanna hófu Burt og Roxanne framleiðslu á snyrtivörum úr náttúrulegum innihaldsefnum. Frá framleiðslu fyrsta varasalvans til margverðlaunaðra snyrtivara býður Burt´s Bees í dag upp á fjölbreytta snyrtivörulínu sem ekki aðeins veitir frábæra líðan heldur er húð- og umhverfisvæn.



## BÍLAR & FARATÆKI

bilfang.is S. 567 2000



ALVÖRU TILBOÐ ! Range Rover Sport Supercharged 06/2006 ek 95 þ.km Einn eigandi, innfluttur nyr af B & L nyleg 20" vetrardekk hlaðinn búnaði ma krókur nú á tilboði 4490 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Bíla Prís



### Ekinn 22þ.km.!!! - Sjálfskiptur!!!

OPEL Corsa enjoy sjálfskiptur. Árgerð 2008, ekinn aðeins 22þ.km. sjálfskiptur, 5 dyra. Verð 1.790þ. Rnr.100179. - Er á staðnum - Bílaprís



### Ekinn 34þ.km.!!! - Sjálfskiptur!!!

HYUNDAI I 10 gls. Árgerð 2008, ekinn aðeins 34þ.km., sjálfskiptur, 5 dyra. Verð 1.690þ. Rnr.100177. - Er á staðnum - Bílaprís

**Bílaprís**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 575 1010**
**Opið virka daga 10-18 og laug. 12-16**
**http://www.bilapris.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

TOYOTA SELFOSSI



Erum með kaupanda af Land Cruiser 120 VX disel sjálfsk árg 03-06 lítið ekinn (undir 100.000km)

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000 / 664 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100 bílar.is bílasala



VW Touareg 2 V6, árg. 2008, ek. 52þ.km, 281hö, bensín, leður, lúga, rafmagns hleri, 19" felgur og góð heilsársdekk, Sparneytinn bíll sem lítur mjög vel út, Ásett verð aðeins 5990þús. kr, er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Nissan Vanette cargo 2003 ekinn 105000 verð 450þús. Sími 892 0402.



Subaru forester. Árg.'98. Ek. 207þús. Ný sk. Nagladekk, álfelgur. Mjög vel með farinn og reyklaus. Uppl í s. 865 8654.




50% ódýrara eldsneyti og lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Reiknaðu sparnað á www.islandus. is. Engin útborgun. Greitt með rekstrarsparnaði! Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



### Ódýrir nýsk!

MMC CARISMA, árg. '98, ssk, ek. 135 þ. V. 260 þ. Toyota Carina árg. '94 ssk. V. 180 þ. Góðir bílar ath. skipti á ód. S. 844 6609.



Nissan Note 1600 cc. sjálfskiptur, ekinn aðeins 16.000 km, sumar og vetrardekk. Verð 1.990 þús. Stgr. Uppl í síma 698 8888 / 696 1111. Bein sala.

## 0-250 þús.



### ný skoðaður og ódýr !!!

Hyundai Accent árg. '01, ekinn aðeins 136þús. bsk., 3 dyra, ný skoðaður og í góðu lagi, ásett verð 420þús. Tilboðsverð aðeins 290 þús., uppl í s: 659-9696.

Litið notaður Necky sjó-Kayak til sölu verð: 150þús. uppl. í s: 6620170

## 250-499 þús.



### TILBOÐ 370 ÞÚS!!!

SKODA OCTAVIA 1,6 árg.'99 ek.171 þús, beinskiptur, 5 dyra, skoðaður 2012, cd, álfelgur, ný massaður! flottur og rúmgóður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 490 þús! TILBOÐ 370 ÞÚS! s.841 8955.



### TILBOÐ 499 þúsund 100% LÁN?

Til sölu Skoda Fabia nýskráður 27.03.2001, nýskoðaður 2012 ekinn aðeins 117 þúsund, 1400 vél, 5 dyra Verð 590 þúsund en TILBOÐ 499 stðagreitt eða 100% vísa/euro lán í allt að 59 mánuði, upplýsingar í síma 693-5053.

## 500-999 þús.



### YARIS, LÍTIL ÚTBORGUN

Til sölu Toyota yaris nýskráður 15.06.2005, skoðaður 2012 ekinn 134 þúsund, 1000 vél, 5 dyra Verð 990 þúsund, áhvílandi lán 600 þúsund, afborgun 19 þúsund á mánuði, ath skipti. upplýsingar í síma 855-5556



### Tilboð

Landrover Freelander árg. 2000, ek. 160 þús, 1800 vél, nýleg tímareim, bs, 5 g, nýsk, '12. Sumar og vetrardekk. Tilboð 650 þús. Skoða skipti á ód. S. 659 3459.



### Lancer '99 tilboð 300þús!

Ek 163þ. nýsk. ssk. með rafmagni. Svolitið af hagkaupsdældum. 1300 vél, nýleg heilsárs dekk, ryðlaus. Frekari uppl. í 659 3459

## Bílar óskast

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

### Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !

Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar



Til sölu Musso árg. '98 vél 2,9 diesel. Gott eintak. Verð 350.000.-kr uppl. í síma 864 2744.

3. herb íbúð 83fm til leigu í 108. Verð 130þ. Upplýsingar 860-4969, Bjarni. Laus strax

## Bátar

BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www. batarogbunadur.is

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



### Dekkjavélar

Affelgunar og Ballancevélar. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

## Varahlutir




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

## Útsala




## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Sendibílastöðin hf
Bílstjórarnir aðstoða
553 5050

**Allt frá umslagi upp í stórflutninga!**

## Námskeið

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

### Slitgigtarnámskeið

Þann 8. nóvember hefst þriggja kvölda slitgigtarnámskeið að Ármúla 5.

Fagfólk fjallar um greiningu sjúkdómsins, einkenni hans,meðferð og tilfinningalega og félagslega þætti. Skráning er á skrifstofu félagsins í síma 530 3600.

**Gigtarfélagið**

## Þjónusta

### Leiguumsjón

**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leigulíðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

## Tilkynningar

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

sky
Skýrslutæknifélag Íslands

### Ný fjarskiptaáætlun stjórnvalda 2011 – 2022

Opinn fundur verður haldinn miðvikudaginn 2. nóvember klukkan 11:50 til 14:00 á Grand Hótel Reykjavík í samstarfi við Ský – Skýrslutæknifélag Íslands.

**Yfirskrift fundarins:**
**Ný fjarskiptaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2011 – 2022**

Dagskrá:

| | |
|---|---|
| 11:50 – 12:05 | Afhending gagna |
| 12:05 – 12:20 | Fundur settur og hádegisverður borinn fram |
| 12:20 – 12:30 | Ávarp innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar |
| 12:30 – 12: 50 | Kynning á áætluninni: Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri |
| 12:50 – 13:05 | Öryggismál og mikilvægi fjarskiptainnviða: Þorleifur Jónasson og Stefán Snorri Stefánsson, fulltrúar frá Póst- og fjarskiptastofnun |
| 13:05 – 13:25 | Snertifletir fjarskiptaáætlunar við upplýsingasamfélagið: Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu |
| 13:25 – 13:55 | Umræður |
| 13:55 – 14:00 | Samantekt: Gunnar Svavarsson, formaður Fjarskiptasjóðs |

Fundarstjóri: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneyti

Fundurinn er opinn hagsmunaaðilum og áhugamönnum um fjarskiptamál.

Skráning og upplýsingar um verð er að finna á www.sky.is

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis. Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www. leiguibudir.is og síma 898 6224

For rent fully furnished room, downtown Reykjavik, with access to kitchen, bathroom, washing, internet. Tel. +3546921681

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. Sími: 661 5219

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 77 33182.

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4ja herb. íbúð miðsvæðis í rvk. s. 8498337 eða 6929781.

## Geymsluhúsnæði

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík S. 555 3464-

## Gisting

Barcelona, Exsample. 60 evrur nóttin fyrir tvær persónur. 80 evrur 4 persónur. 100 evrur 5 persónur. www.starplus.is

Menorca, Mahon. Laust í vetur, 100.000 kr. mánuðurinn. www.starplus.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Tískuvöruverslun fyrir konur í Smáralind**
óskar eftir jákvæðu starfsfólki með ríka þjónustulund í 75% starf, inní því er unnið aðra hverja helgi, einnig vantar okkur helgarstarfsfólk, aðeins konur yfir þrítugt koma til greina.
Umsóknir sendist á
kristjanfreyr@hotmail.com

kerfi

**Óskum eftir tæknimanni**
Tæknimaður / Viðgerðir.
Starfsmaður þarf að geta séð um viðgerðir á kaffi- og vatnsvélum og hafa kunnáttu eða reynslu af því. Þarf einnig að vera góður sölumaður.

Helstu starfskröfur: Aldur 24 og eldri. - Snyrtimennska - heiðarleiki.
Reyklaust fyrirtæki. Þarf að geta starfað sjálfstætt.
Umsóknir sendist á
gudmundur@kerfi.is

kerfi

**Óskum eftir Þjónustu/ Sölumanni**
Starfið krefst þess að fara út til viðskiptavina, selja vörur, stilla og þrífa vatns- og kaffivélar. Mannleg samskipti þurfa að vera góð.

Helstu starfskröfur: Aldur 24 eða eldri. - Snyrtimennska - heiðarleiki.
Reyklaust fyrirtæki. Þarf að geta starfað sjálfstætt.
Umsóknir sendist á
gudmundur@kerfi

Rizzo Pizzeria

**Pizza bakara vantar/ Pizza baker needed**
Vantar vanan pizzubakara sem fyrst.
Áhugasamir hafi samband við Billy á Grensásvegi 10, milli kl 11-18 í dag og á morgun.
rizzo@rizzo.is

**Fjarðarbakarí**
Óskar eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun okkar að í Hafnarfirði. Starfsmaður þarf að vera stundvís og snyrtilegur.
Umsóknir sendist á
vildisbuad@gmail.com

Háseti helst vanur vélum vantar á 60 tn línubát frá Hafnarfirði. (Lúða). Sími: 866 9874.

## Atvinna

TE & KAFFI

### Te & Kaffi óskar eftir liðsauka

Starfsmann vantar í útkeyrslu- og eldhússtarf.

**Starfslýsing:**
- Vinnutími 06.00-16.00 á völdum, alls 15 vaktir í mánuði og unnið aðra hvora helgi.
- Almenn störf í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins og dreifing á vörum.

**Hæfniskröfur:**
- Eldri en 22 ára.
- Stundvís, jákvætt hugarfar og vönduð vinnubrögð.

Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

## Viðskiptatækifæri

**Aukavinna - Viðskipti ?**
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www. lw-global.com/is eða 564 5959.

## TILKYNNINGAR

## Fundir

LÍFSSÝN

Lífssýn heldur félagsfund, þriðjudagskvöldið 1. nóvember kl. 20:30 að Bolholti 4, 4.h. Fyrirlesari verður séra Gunna Kristjánsson með fyrirlestur um þýsku abbadísina Hildegard von Bingen sem uppi var á 12. öld. Léttar veitingar. Aðgangseyri kr. 1000,-.Allir velkomnir. Stjórnin

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


**;Á FERÐINNI**



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457


## Fasteignir

### OPIÐ HÚS Í DAG



þrið. 1.nóv **frá kl. 17:00-17:30**

# Rauðagerði 45

**108 Reykjavík**

Stór sérhæð á jarðhæð
4 svefnherbergi
Gott eldhús
Afgirtur garður
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi

**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **34,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Við leitum að ...

**... einbýli/parhúsi/raðhúsi í Salahverfi í Kópavogi**

Fimm svefnherbergi eða möguleiki á því fimmta.

Skipti koma til greina en þó ekki skilyrði, um er að ræða 130 fm íbúð með 4 svefnherbergjum í litlu fjölbýli í Sölunum.



Nánari upplýsingar veitir
**Davíð Jónsson**
sölufulltrúi

**sími:** 697-3080
david@miklaborg.is


FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FRÁ NÝJA SJÁLANDI
LÍFRÆNT RÆKTUÐ RAUÐ EPLI
398 KR. KG
FRÁ AKURSELI
500 G. LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR
359 KR.
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
145 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA & RAUÐAR
698 KR. 400G
TE & KAFFI
ESPRESSO ROMA
BAUNIR & FÍNMALAÐ
400 GRÖMM
NÝTT Í BÓNUS
898 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT - GRÍS - LAMB
norðanfiskur
LÉTTSALTAÐIR ÞORSK-HNAKKAR
1998 KR.KG
NICKY
Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
798 KR. 12 STK
NICKY SALERNISPAPPÍR
3 RÚLLUR Í KAUPAUKA
SAMTALS 12 WC RÚLLUR
KS
298 KR. KG
FROSIN LAMBAHJÖRTU
KS
259 KR. KG
FROSIN LAMBALIFUR
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR.KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
ØKONOMIKØB - 68 VASKE
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
0%
Neutral 8.kg.
ÞVOTTAEFNI
2498 kr.
68 þvottar
Kyckling/Kylling
FROSINN 1.6 KG.
DANSKUR KJÚKLINGUR
1298 KR.STK
MEIRA KJÖT, MINNA BEIN
MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA!
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
598 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS Kjúklingur
Vængir
298 KR. KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJARNAFÆÐI
Veldu gæði - veldu Kjarnafæði
698 KR. 620G
KJARNAFÆÐI
FROSIÐ NAUTAHAKK
620 GRÖMM
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Auður Stefánsdóttir**
Skúlagötu 20, 101 Reykjavík,

lést 19. október síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Björg Haraldsdóttir**
**Pálmi Haraldsson** **Halla R. Halldórsdóttir**
**barnabörn og systur hinnar látnu**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Marín Einarsdóttir**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, lést fimmtudaginn 27. október á Landspítala Fossvogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Einar Guðni Ólafsson**
**Guðlaug Ólafsdóttir**
**Pétur Ólafur Einarsson**



**AUÐNUTITTLINGUR** Hugleiðing um fuglana og náttstað þeirra verður flutt í skógargöngunni.

# Kvöldganga og heitt kakó í skógi

Efnt verður til skógargöngu í kvöld klukkan 19.30 frá gróðrarstöðinni Þöll við Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Þaðan verður gengið upp Værðarstíg og um svæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar sem stendur að göngunni ásamt Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar. Við upphaf göngunnar flytur Anna Borg, formaður Krabbameinsfélagsins, stutt ávarp, síðan tekur Steinar Björgvinsson skógfræðingur við leiðsögn og flytur hugleiðingu um fuglana í skóginum og náttstað þeirra. Á göngunni um Værðarstíg mun Jóhann Guðni Reynisson flytja frumort ljóð. Gert er ráð fyrir að skógargangan taki um eina klukkustund og að henni lokinni verður boðið upp á súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar.

Tryggast er fyrir göngufólk að taka með sér ljósfæri þar sem skuggsýnt er orðið. Nánari upplýsingar gefur Magnús Gunnarsson í síma 665 8910, magnus@vistir.is.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Halldór Hermann Friðbjörnsson**
Dalbraut 12, Hnífsdal,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 26. október 2011, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 14.00.

**Jóhanna Sigrún Ingvarsdóttir**
**Salbjörg Sveinsdóttir Hotz** **Peter Eugen Hotz**
**Ingvar Friðbjörn Sveinsson**
**Jón Hermann Sveinsson**
**og barnabörn**



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Steinþórsdóttir**
Austurbrún 6, Reykjavík,

lést þann 20. október. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Laugheiður Bjarnadóttir** **Ketill R. Tryggvason**
**Steinþór Nicolai**
**Sigurður Nicolai**
**Kristinn Nicolai**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður Stefánsdóttir**
Háaleitisbraut 30,

andaðist fimmtudaginn 20. október á heimili sínu. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Inga Helgadóttir** **Sverrir Þórhallsson**
**Stefán Ó. Helgason** **Elín Vilhelmsdóttir**
**Auður Sverrisdóttir** **Frank Rasmussen**
**Þórhallur Sverrisson** **Katla Sigurðardóttir**
**Hjördís Stefánsdóttir** **Anton Karl Ingason**
**Finnur Freyr Stefánsson** **Margrét Lára Höskuldsdóttir**
**Garðar Þór Stefánsson** **Úlfhildur Sigursveinsdóttir**
**og langömmubörn**



*Faðir okkar og tengdafaðir,*

**Einar B. Pálsson**
verkfræðingur og prófessor,
Ægisíðu 44, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 28. október.

**Sigríður Einarsdóttir** **Gunnar Sigurðsson**
**Páll Einarsson** **Ingibjörg Briem**
**Baldvin Einarsson** **Sigrún Steingrímsdóttir**
**Árni Einarsson** **Unnur Þóra Jökulsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Sigrún Valgeirsdóttir**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, að kvöldi fimmtudagsins 27. október.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Friðgerður Sigurðardóttir**
Kirkjulundi 6, Garðabæ,

lést á líknardeild Landakotsspítala 27. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Páll Kristmundsson** **Sigurbjörg Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Kristmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**Jens K. Hansen**
Eyrarvegi 5, Grundarfirði,

lést þann 23. október á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 5. nóvember kl. 14.00.

**Aðstandendur**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,*

**Óli Tynes Jónsson**
fréttamaður
Hamrahlíð 23, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Styrktarsjóð Sólheima njóta þess.

**Vilborg Halldórsdóttir**
**Jón Gunnar Ólason**
**Indíana Rut Jónsdóttir**
**Karítas Ósk Jónsdóttir**
**Eva Dögg Jónsdóttir**
**Þráinn Berg**
**Jón Þór Ólason** **Elín Björg Harðardóttir**
**Tryggvi Garðar Jónsson**
**Arna Sif Jónsdóttir**
**Jón Örn Jónsson** **Guðrún Sigurlína Mjöll Guðbergsdóttir**
**Ingvi Hrafn Jónsson** **Ragnheiður Sara Hafsteinsdóttir**
**Sigtryggur Jónsson** **Guðlaug Helga Konráðsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Emil Ágústsson**
fyrrverandi lögregluvarðstjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 29. október. Jarðarför auglýst síðar.

**Kristín Sigurðardóttir**
**Greta Sigurðardóttir**
**Hermann Sigurðsson** **Alexis Boyanowski**
**Guðjón Sigurðsson** **Sigríður Pálsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir** **Sigurður Harðarson**



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Ebeneser Konráðsson**
Ægisgrund 19, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 21. október. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, fimmtudaginn 3. nóvember kl. 15.00.

**Jóhannes Konráðsson** **Þóra Kristjánsdóttir**
**Leví Konráðsson**
**Þorsteinn Konráðsson** **Margrét Sigurðardóttir**
**Sigríður Konráðsdóttir** **Gylfi Óskarsson**
**Ósk Konráðsdóttir**
**Anna Konráðsdóttir** **Gísli Árnason**
**Jódís Konráðsdóttir** **Gísli Sigurþórsson**
**Unnar Reynisson** **Guðrún Gunnarsdóttir**
**frændsystkini hins látna.**

www.husa.is

*Allt fínt fyrir jólin*

# Réttu tækin fyrir jólin!

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**30 DAGA SKILARÉTTUR**

Húsasmiðjan býður upp á mikið úrval af heimilistækjum á frábæru verði.

Gæði og gott verð skipta okkur miklu máli. Þess vegna bjóðum við 5 ára ábyrgð og 30 daga skilarétt á öllum stórum heimilistækjum.

Það borgar sig að versla í Húsasmiðjunni.



**Orkunýting A**
**Þvottahæfni A**
**1200 snúninga**
**Tekur 7 kg**

Electrolux

**Þvottavél**
EWN127540W
1200 snúninga
7 kg.
1805566

**99.900**

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ofn og hellur**



**105.900**
~~129.900~~

VIÐ MÆLUM MEÐ



**48.900**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Frigor

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Frystikista**
G115. H 84,5cm B 57cm D 55cm, 103 ltr. Orkunýting A+
1805483



**16.990**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**Kaffivél Senseo II**
Philips, svört.
1840911

**Háfur**
Hvítur, 60 cm.
1850566



**19.900**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Amica

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Ofn og helluborð**
Stál, blástursofn, 6 kerfi.
1850510

Amica

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN

*Nánar á husa.is*

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

HÚSASMIÐJAN

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** nálægt, **6.** tveir eins, **8.** tilvera, **9.** taug, **11.** öfug röð, **12.** ólögl. innflutningur, **14.** endurtekning, **16.** karlkyn, **17.** titill, **18.** farfa, **20.** til, **21.** útgáfunúmer tónverks.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sæti, **3.** tveir eins, **4.** svelgja, **5.** málmur, **7.** gufuskip, **10.** gagn, **13.** útdeildi, **15.** fiskur, **16.** nögl, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. næst, 6. ee, 8. ævi, 9. sin, 11. on, 12. smygl, 14. stagl, 16. kk, 17. frú, 18. lit, 20. að, 21. ópus.
**LÓÐRÉTT:** 1. sess, 3. ææ, 4. svolgra, 5. tin, 7. eimskip, 10. nyt, 13. gaf, 15. lúða, 16. kló, 19. tu.




AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.




AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055, benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349, ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344, sigridurdagny@365.is




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011

# Sameinuðu þjóðirnar standa sig

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) samþykkti í gær aðild Palestínu að stofnuninni. Fjöldi ríkja, þar með talið Ísland, lét hótanir Bandaríkjanna um að hætta fjárstuðningi við stofnunina ekki á sig fá og samþykkti aðild Palestínu. Vonandi slær þetta tóninn fyrir afgreiðslu á umsókn Palestínu um aðild að sjálfum Sameinuðu þjóðunum.

**EKKI** voru allir á eitt sáttir með afgreiðslu UNESCO. Fulltrúi Ísraels sagði atkvæðagreiðsluna vera harmleik. Stofnunin ætti að fjalla um vísindi, ekki vísindaskáldsögur. Í hans huga var aðild Palestínu að samtökunum ekki annað; ótrúverðugur skáldskapur. Bandaríkin telja að aðildin muni geta gert þeim erfiðara fyrir með fjárstuðning til UNESCO, sem er vandamál, þar sem Bandaríkin greiða um 22 prósent af kostnaði við stofnunina. Fulltrúar 107 ríkja létu þetta ekki á sig fá og samþykktu aðildina.

**KANNSKI** þau ríki hafi leitað í stofnsáttmála Sameinuðu þjóða eftir rökum fyrir afstöðu sinni. Eitt af markmiðum og grundvallarreglum SÞ er eftirfarandi: „Að koma á alþjóðasamvinnu um lausn alþjóðavandamála, fjárhagslegs, félagslegs, menningarlegs og mannúðarlegs eðlis, og að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða.“

**SAMEINUÐU** þjóðirnar voru nefnilega stofnaðar til að stuðla að friðsamlegri sambúð þjóða á millum. Með stofnun þeirra var viðurkennt að friðarhorfur bötnuðu þegar fleiri véluðu um mál en deiluaðilar sjálfir. Þess vegna var búinn til fjölþjóðlegur vettvangur til að leysa úr deilumálum. Settar voru yfirþjóðlegar reglur sem bundu hendur einstakra ríkja.

**EINMITT** þess vegna á deila Ísraela og Palestínu að vera deila jafn rétthárra ríkja innan Sameinuðu þjóðanna. Deiluaðilar eiga að sitja við sama borð og lúta samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Svo er ekki í dag. Þess vegna eru Ísrael og Bandaríkin á móti aðild Palestínu að Sameinuðu þjóðunum og hamra á því að deilu landanna tveggja þurfi áður að leysa. Í beinum viðræðum landanna tveggja. Þess vegna segir Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, aðild Palestínu að UNESCO óútskýranlega.

**FULLTRÚAR** Unesco stóðu hins vegar sýna plikt. Þeir ákváðu að halda tilgang Sameinuðu þjóðanna í heiðri frekar en hagsmuni einstakra ríkja, þó öflug séu. Það er vel.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# RÁÐGÁTA NORÐAN HEIÐA



Arnfríður Ragna hjá Eymundsson í Hafnarfirði mælir með bók mánaðarins.

## Bók mánaðarins er Ómynd eftir Eyrúnu Ýr Tryggvadóttur

Kaldan desemberdag hverfur barn á fyrsta ári úr vagni á Akureyri. Bæjarbúum er mjög brugðið og lögreglan er ráðþrota. Blaðamaðurinn Andrea heldur norður í land til að grennslast fyrir um málið. Fljótlega kemur í ljós að hjá fjölskyldu barnsins er ekki allt sem sýnist ....

**Eyrún Ýr Tryggvadóttir er ungur íslenskur glæpasagnahöfundur sem hefur vakið verðskuldaða eftirtekt fyrir fyrri bækur sínar, Hvar er systir mín? og Fimmta barnið. Ómynd gefur þeim ekkert eftir og spennan vex með hverri blaðsíðunni.**

ENNEMM / SÍA / NM48847

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

Eymundsson.is

# menning

menning@frettabladid.is

**LISTALAUSI DAGURINN** Bandalag íslenskra listamanna stendur fyrir listalausa deginum í dag. Markmiðið er að minna á hve stóru hlutverki listir gegna í daglegu lífi. Almenningur er hvattur til að reyna að sniðganga allar listrænar afurðir í einn dag með það að markmiði að vekja meðvitund á listum í kringum okkur. Til þess þarf að fylgja 15 boðorðum sem má finna á heimasíðunni bil.is.

## Töfrandi óperusýning í Hörpu

Tónlist ★★★★

**Töfraflautan**

Íslenska óperan

**Eldborgarsalur Hörpu**

Af óviðráðanlegum ástæðum komst ég ekki á frumsýningu Töfraflautu Mozarts. Og næsta sýning var ekki fyrr en viku síðar, á laugardagskvöldið síðasta. Hér verður fjallað um þá sýningu.

Uppfærslan er tímamótaviðburður í íslensku tónlistarlífi. Íslenska óperan hefur þurft að dúsa í Gamla bíói árum saman. Þar er hljómburðurinn afleitur, sviðið allt of lítið og hljómsveitargryfjan svo þröng að útkoman hefur verið skrumskæling á því hvernig ópera á að hljóma.

Það fór um mig sæluhrollur strax á fyrstu tónum Töfraflautunnar í Eldborginni í Hörpu. Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni og það var mýkt, en samt unaðsleg breidd og dýpt, í hljómsveitarhljómnum. Ekki síðri hljómaði söngur hirðmeyjanna þriggja í upphafi óperunnar (Auðar Gunnarsdóttur, Huldu Bjarkar Garðarsdóttur og Sigríðar Óskar Kristjánsdóttur). Hann var einstaklega áferðarfagur og jafnvægið á milli raddanna fínt. Þetta lofaði góðu!

**Íslenskan í lagi**

Nokkuð hefur verið rifist um hvort það sé viðeigandi að Töfraflautan sé sungin á íslensku. Ég gat ekki heyrt að það skemmdi nokkuð tónlistina. Töfraflautan er sú tegund óperu sem kallast singspiel, þ.e. söng-leikur, eða söngleikhús. Talað er á milli söngatriða og það er ekkert óeðlilegt að þá fari allt fram á íslensku.

Töfraflautan er ævintýri sem er að miklu leyti innblásið af fræðum Frímúrarareglunnar, en Mozart var í henni. Seinni hluti óperunnar er risastórt innvígsludrama þar sem sögupersónurnar þurfa að standast raunir og sanna sig á ýmsan hátt. Sagt er að slíkt eigi sér stað í innvígslum Frímúrara. Töfraflautan er m.ö.o. ekki „bara" ærslafullt ævintýri. Það er í henni „dýpri sannleikur" og táknfræði sem ótal greinar hafa verið skrifaðar um.

Uppfærslan í Hörpu er prýðileg. Vissulega má gagnrýna hversu sviðsmyndin er fátækleg, en Harpa er ekki óperuhús – það má ekki gleyma því. Þær lausnir sem boðið var upp á voru hugvitssamlegar og smekklegar miðað við aðstæður. Fyrst og fremst byggðust þær á stílhreinni notkun á lýsingu, sem Páll Ragnarsson sá um, og hún skapaði viðeigandi áhrif.

Atburðarásin var nokkuð hæg undir stjórn Ágústu Skúladóttur, líklega vegna þess hve leikhúshlið uppfærslunnar var fábrotin. Það var t.d. undarlega lítill hasar í því þegar Garðar Thór Cortes barðist við orminn langa í upphafi óperunnar. Í það heila var útkoman sérkennilega óraunveruleg, en fyrir bragðið fann maður enn betur fyrir dýpri hliðum sögunnar. Atburðarásin var eins og merkilegur draumur sem maður getur endalaust velt vöngum yfir.

Helst mátti finna að því að talaður texti var ekkert sérstaklega skýr. Ég sat á 16. bekk niðri og heyrði reyndar ágætlega, en ég efast um að fólk á efri svölum hafi heyrt nægilega vel. Það var textavél fyrir ofan sviðið með öllum söngtextunum, sennilega mætti bæta þar við taltextanum líka.

**Söngvarar oftast frábærir**

Söngvararnir voru flestir frábærir. Garðar Thór sem Tamínó hefur aldrei verið eins góður, hljómfögur rödd hans kom ótrúlega vel í hljómburði Eldborgarinnar. Sömu sögu er að segja um Þóru Einarsdóttur í hlutverki Pamínu, sem unaður var að hlusta á. Jóhann Smári Sævarsson var líka frábær Sarastró og Valgerður Guðnadóttir smellpassaði í hlutverk Papagenu.

Ég var ekki eins ánægður með Ágúst Ólafsson, sem var Papagenó.



Leikurinn hefði mátt vera ærslafengnari og svo var söngurinn ekki alltaf nógu litríkur. Það var líka áberandi á köflum að hann og hljómsveitin voru ekki alveg samtaka.

Næturdrottningin var ekki heldur sérlega góð. Að þessu sinni var Alda Ingibergsdóttir í hlutverki hennar. Hún virkaði stíf, auk þess sem söngurinn var ekki alltaf ásættanlegur. En Viðar Gunnarsson var flottur og Snorri Wium skemmtilegur. Aðrir söngvarar voru ágætir og kórinn söng afar fallega.

Búningar Filippíu I. Elísdóttur voru smart – ég væri alveg til í að eiga einhverja þeirra sjálfur! Brúðugerðin, sem var eftir Bernd Ogrodnik, var líka kostuleg og átti stóran þátt í sjarma fyrri hluta óperunnar.

Ég hef áður nefnt hljómsveitina, en hún spilaði afburðavel. Og heildarhljómurinn, sem skrifast á Daníel hljómsveitarstjóra, var almennt glæsilegur.

Auðvitað voru annmarkar á sýningunni, það er ekki við öðru að búast í fyrsta sinn sem Íslenska óperan sýnir í Hörpu. En það góða var göllunum yfirsterkara. Varla er annað hægt en að óska öllum aðstandendum til hamingju með vel heppnaða frumraun.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Almennt skemmtileg sýning þar sem hljómburðurinn skilaði tónlistinni mjög vel.




Bækur ★★★★

**Ekki líta undan – saga Guðrúnar Ebbu dóttur Ólafs biskups**

Elín Hirst

**JPV-útgáfa**

## Einlæg og áhrifarík reynslusaga

Stundum koma út bækur sem ræddar eru á öllum kaffistofum og í öllum eldhúsum landsmanna. Efni þeirra vekur þá sterkar tilfinningar á borð við hneykslun, vantrú, undrun, samúð eða reiði – og efni þeirra er oftast æviminningar fólks eða reynslusögur þess. Það er í það minnsta töluvert langt síðan íslensk skáldsaga hefur vakið ámóta viðbrögð og Myndin af pabba – Saga Thelmu gerði eða umfjöllun um þá bók sem hér er skrifað um: Ekki líta undan, saga Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, skrifuð af Elínu Hirst.




Kápa bókarinnar er einstaklega vel heppnuð, en jafnframt hrollvekjandi. Þar sjáum við litla stúlku á sparifötum með bleika slaufu í hári við hliðina á svarthvítum, jakkafataklæddum manni sem gnæfir svo yfir hana að hann næst ekki inn á myndina. Vegna umræðnanna veit maður um hvað bókin fjallar áður en hún er opnuð og þessi mynd nístir inn að beini.

Bókin hefst þegar Guðrún Ebba byrjar að muna fyrst eftir sér og síðan er ævisaga hennar sögð lauslega, en einkum með tilliti til þess hvernig kynferðisofbeldið sem hún var beitt hefur mótað allt hennar líf. Guðrún Ebba glímir frá unglingsárum við alkóhólisma, átröskun, skaðahegðun, vinnufíkn og margs konar vanlíðan, og hún er aldrei sátt í eigin skinni fyrr en hún með nánast ofurmannlegu átaki nær að horfast í augu við það sem í raun og veru gerðist og hvernig það hefur mótað hana.

Guðrún Ebba og Elín Hirst hafa bersýnilega tekið ákvörðun um tvennt, sem að mínu mati sýnir mikla smekkvísi: Þær leggjast ekki í nákvæmar lýsingar á kynferðisofbeldinu sem Guðrún Ebba var beitt, og þær draga ekki fleiri inn í frásögnina en þurfa nauðsynlega að vera þar. Þannig er fyrrverandi eiginmaður Guðrúnar Ebbu og kærastar hennar ekki nefndir á nafn og eins lítið talað um móður hennar og systkini og mögulegt er, þó að vandlega komi fram að þau hafi aldrei trúað sögu Guðrúnar Ebbu, en staðið þétt saman við hlið níðingsins.

Eins og Guðrún Ebba er nánast ofurmannlega nærgætin við fjölskyldu sína, þá hlífir hún sjálfri sér hvergi; segir t.d. frá drykkju sinni og ítrekuðum framhjáhöldum, og því að hafa ekki verið dætrum sínum nægilega góð móðir á tímabilum.

Vandlega er sneitt hjá því sem sumir nefna tilfinningaklám í þessari bók, sem svo sannarlega gæti boðið upp á slíkt. Guðrún Ebba ræðir tilfinningar sínar af einlægni en hefur engu að síður oft í bakhöndinni rannsóknir sem sýna að svona bregðist þolendur ofbeldis oft við og vísar til greina, bóka og fyrirlestra um efnið. Stundum hefur maður á tilfinningunni að hún treysti lesandanum ekki alveg til þess að trúa sögu sinni og vilji því gulltryggja sig með því að vísa í fræðin og sambærilega reynslu annarra. Vegna þessa er Ekki líta undan ekki aðeins áhrifarík reynslusaga, heldur líka einkar fræðandi rit um víðtæk áhrif kynferðisofbeldis á manneskjuna.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Átakanleg og sérlega vel unnin reynslusaga um það hvernig ofbeldi getur mótað líf manneskjunnar á öllum sviðum.

Tónlist

LISTAR TEGUND FLYTJENDUR HLJÓÐBÆKUR Nýtt




Nýtt á Tónlist.is

# Hljóðbækur á Tónlist.is

Hátt í 100 titlar í frábærum flutningi ástsælustu leikara þjóðarinnar.




**Ekki líta undan**
Elín Hirst og Guðrún Ebba




**Jó jó**
Steinunn Sigurðardóttir




**Hjarta mannsins**
Jón Kalman Stefánsson




**Fallið**
Þráinn Bertelsson




**Lygarinn**
Óttar M. Norðfjörð




**Lýtalaus**
Tobba Marínós




**Trúir þú á töfra?**
Vigdís Grímsdóttir




**Flugan sem stöðvaði stríðið**
Bryndís Björgvinsdóttir




Væntanleg

**Málverkið**
Ólafur Jóhann Ólafsson




Væntanleg

**Brakið**
Yrsa Sigurðardóttir


Kristján Franklín Magnús


Elva Ósk Ólafsdóttir


Arnar Jónsson


Jóhannes Haukur Jóhannesson


Unnur Ösp Stefánsdóttir


Ólafía Hrönn Jónsdóttir



Tónlist | skynjun

www.tónlist.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**29** **ÁR ERU Á MILLI SÖNGKONUNNAR MADONNU** og hins nýja kærasta hennar, Brahim Zaibat. Madonna telur að konur séu í eilífri leit að hinum fullkomna maka en átti sig ekki á því að þær beri sjálfar ábyrgð á eigin hamingju. Madonna á að baki hjónabönd með Sean Penn og Guy Ritchie.

## Svanasöngur Amy Winehouse

Ný plata með söngkonunni Amy Winehouse kemur út í byrjun desember, en hún lést fyrr á þessu ári vegna ofneyslu áfengis.

Upptökustjórarnir Mark Ronson og Salaam Remi lögðu lokahönd á lögin sem Winehouse var byrjuð að taka upp þegar hún lést. Platan hefur hlotið nafnið Lioness: Hidden Treasures.

Platan inniheldur meðal annars útgáfur Winehouse af lögunum Will You Still Love Me Tomorrow með The Shirelles, A Song For You með Donny Hathaway og Our Day Will Come með Ruby & The Romantics. Þá inniheldur platan nýjar útgáfur af Valerie og Tears Dry on Their Own ásamt Body & Soul, sem Winehouse söng með Tony Bennett skömmu áður en hún lést.

Loks verða nokkur óútgefin lög sem söngkonan tók upp áður en fyrsta plata hennar, Frank, kom út. Hluti af ágóða plötunnar rennur í Amy Winehouse-góðgerðarsjóðinn, sem var stofnaður henni til heiðurs eftir að hún lést.



**NÝ PLATA** Amy Winehouse lést fyrr á þessu ári en ný plata frá henni kemur út í desember.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 01. nóvember**

### ➔ Tónleikar



**21.00** Tónlistarmennirnir og feðgarnir **Helgi Pétursson** og **Snorri Helgason** koma fram á tónleikaröðinni Fuglabúrinu á Café Rosenberg.

**12.00** Jóhanna Ósk Valsdóttir messósópran kemur fram á hádegistónleikum Hafnarborgar. Antonía Hevesi leikur á píanó. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Jana María Guðmundsdóttir og Ívar Helgason taka fyrir þekktustu lög Ingibjargar Þorbergs og Alfreðs Clausen. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.30** Latín kvartett Tómasar R. Einarssonar kemur fram á nýrri djasstónleikaröð á Kexi Hosteli. Ókeypis aðgangur.

**20.30** Reykjavík! og Hljómsveitin Ég koma fram á tónleikaröðinni Kaffi, kökur og rokk & ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Aðgangseyrir er kr. 500. Kökur og kaffi á boðstólum.

**21.00** Tónleikar með slagverksleikaranum Manu Delago og saxófónleikaranum Christoph Pepe Auer fara fram á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Hljómsveit gítarleikarans **Ómars**



**Guðjónssonar** kemur fram á tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Norræna Húsinu, Sturlugötu 5. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### ➔ Uppákomur

**21.00** Pólar deildin fer fram á Bakkusi þar sem keppt verður í fótboltaspili.

### ➔ Tónlist

**22.00** Dj HalliValli sér um tónlistina á Kaffibarnum.

### ➔ Fyrirlestrar

**12.05** Lilja Árnadóttir, fagstjóri munasafns við Þjóðminjasafn Íslands, flytur fyrirlestur um myndir og skreytingar á íslenskum útskornum hornum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur er ókeypis.

### ➔ Útivist

**19.30** Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar stendur fyrir kvöldgöngu um skógarstíga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Gengið frá Gróðrarstöðinni Þöll við Kaldársselsveg. Gangan tekur um eina klukkustund. Allir velkomnir.

### ➔ Samkoma

**09.30** Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**HRIFIN AF NOREGI** Rihanna hélt tónleika í Ósló við mikinn fögnuð viðstaddra.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Féll fyrir Ósló

**Söngkonan Rihanna tróð upp í Ósló um helgina, en meðal áhorfenda var meðal annars norska krónprinsessan Mette-Marit og sonur hennar Maríus. Rihönnu líkaði dvölin í höfuðborg Noregs vel og hrósaði áhorfendum sérstaklega að tónleikum loknum á samskiptavefnum Twitter. „Takk fyrir móttökurnar Ósló. Þið létuð mér líða eins og heima hjá mér.“**

**Norskir aðdáendur söngkonunnar bjuggust við að hún léti sjá sig úti á lífinu eftir tónleikana en Rihanna eyddi frekar nóttinni í hljóðveri ásamt norsku framleiðendunum Stargate. Rihanna hefur ekki sagt skilið við Skandinavíu og heldur þrenna tónleika í Svíþjóð í vikunni.**



**DÆTURNAR URÐU FYRIR VONBRIGÐUM** Þær Shiloh og Zahara urðu fyrir vonbrigðum með föður sinn, Brad Pitt, er þær komu að honum reykjandi. Leikarinn ætlar að hætta þessum ósið.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Drepur í fyrir börnin

**Leikarinn Brad Pitt skammast sín ógurlega eftir að dætur hans, Zahara og Shiloh, komu að honum reykjandi úti á tröppum. Pitt á eflaust erfitt með að finna sér stað á heimilinu þar sem hann getur reykt óáreittur enda á hann sex börn með leikkonunni Angelinu.**

**Atvikið átti sér stað í húsi fjölskyldunnar í Búdapest þar sem Pitt er við tökur, en dæturnar urðu víst fyrir miklum vonbrigðum með föður sinn, sem hefur ávallt kennt þeim að reykingar séu skaðlegar. Pitt leitar því allra leiða til að hætta þessum ósið, meðal annars hefur hann farið í dáleiðslu og birgt sig upp af nikótínplástrum.**

# Gefur frumsmíðinni ekkert eftir

Tónlist ★★★★

**Mesópótamía**
Sykur

Danspoppsveitin Sykur sló í gegn fyrir tveimur árum með fyrstu plötunni sinni Frábært eða frábært. Nú er plata númer tvö komin út. Hún heitir Mesópótamía og eins og fyrri platan er hún full af 80´s-lituðu syntapoppi. Á fyrri plötunni voru meðlimir Sykurs bara þrír, þeir Halldór og Kristján Eldjárn og Stefán Finnbogason, en ýmsir gestir sáu um sönginn. Á nýju plötunni hefur hins vegar fjórði meðlimurinn bæst í hópinn, söngkonan Agnes Björt Andradóttir, en auk hljómsveitarmeðlima syngja Árni Vilhjálmsson (úr FM Belfast) og Kormákur Örn Axelsson sitt lagið hvor á Mesópótamíu.

Tónlistin á nýju plötunni er svipaðrar gerðar og tónlistin á Frábært eða frábært, en það er meiri kraftur á Mesópótamíu. Platan er reyndar svolítið kaflaskipt. Hún byrjar á danssmellum eins og Messy Hair, Reykjavík, Curling og Sekur sem öll þrælvirka á dansgólfinu eins og sjá mátti á Nasa á Airwaves. Seinni hlutinn er svolítið rólegri. Lögin Shed Those Tears, 7 am og Feit eru öll poppsmellir með sterkum 80´s-áhrifum og lagið Battlestar er með hægu tempói og ólíkt öðrum lögum plötunnar. Gott lag.

Á heildina litið er Mesópótamía flott plata sem gefur frumsmíðinni ekkert eftir. Agnes Björt er skemmtileg söngkona sem gerir mikið fyrir sveitina, bæði á plötunni og með líflegri sviðsframkomu á tónleikum. Aðdáendur FM Belfast, Gus Gus og Bloodgroup ættu að kíkja á Sykur.

Trausti Júlíusson



**Niðurstaða:** Fleiri fín popplög og klúbbasmellir frá Sykri.





Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

# Hrekkjavaka í Hollywood

**Eins og flestir vita var hin fræga hrekkjavökuhátíð um liðna helgi í Bandaríkjunum. Að vanda hélt fyrirsætan Heidi Klum stórt búningapartí fyrir fræga og fallega fólkið í Hollywood. Það var gestgjafinn sjálfur sem bar af í veislunni, en Klum er vön að vera hugmyndarík í búningavali.**

Að þessu sinni sló Heidi Klum alla út af laginu er hún lét rúlla sér út á rauða dregilinn undir laki á skurðbekk. Ofurfyrirsætan var óþekkjanleg í búningi sem sýndi líkamann eins og búið væri að fletta húðinni af. Fyrirsætan greindi frá því að undirbúningurinn í búningahönnunninni hefði hafist þegar í byrjun júlí.



**HÚÐFLETT HEIDI** Ofurfyrirsætan Heidi Klum fór fram úr sjálfri sér þetta árið þegar hún mætti eins og búið væri að fletta húðinni af henni. Það er óhætt að segja að Klum hafi verið óþekkjanleg um kvöldið.



**JERSEY SHORE** Raunveruleikaþáttastjarnan Snookie var tígrisdýr.



**GRÆNKLÆTT** Kim Kardashian klæddi sig upp sem teiknimyndapersónan Poison Ivy.



**RAUÐHETTA** Leikkonan Jamie Lee Curtis gaf epli á rauða dreglinum enda Rauðhetta.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

ÆVINTÝRI TINNA 700 KR. 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér
BORGRÍKI ★★★★ A.K. - DV ★★★ K.H.K. - MBL
EIN MAGNAÐASTA SPENNUMYND ÁRSINS THE THING 700 KR. ENGIN UNDANKOMA, ENGIN MISKUNN
Þriðjudagur er tilboðsdagur.
KILLER ELITE 700 KR.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA - 3D | 5 og 8 |
| ÆVINTÝRI TINNA - 2D | 5 |
| THE THING | 8 og 10.15 |
| BORGRÍKI | 6, 8 og 10.15 |
| KILLER ELITE | 10.15 |

SAMBÍÓIN
The Help
Tilboð 750 kr.
Myndin sem allir eru að tala um sem óvæntasta smell ársins
Byggð á metsölubókinni Hushjálpin eftir Kathryn Stockett
ÆVINTÝRI TINNA 1000 kr. á 3D sýningar
„Fjörug eins og trilljón trylltir túnfiskar í Trékyllisvík"
ALL FOR ONE 1000 kr. á 3D sýningar
FRÁBÆR TÓNLIST MÖGNUÐ DANSATRIÐI Footloose Tilboð 750 kr.
Glænýtt ævintýri um bangsann sem allir elska Bangsímon Tilboð 750 kr.
ÞÓR 1000 kr. á 3D sýningar

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| TINTIN M/ Ensku Tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE HELP | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. (5:50 vip) - 8 | 2D | 10 |
| REAL STEEL | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 | 2D | L |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |
| DRIVE Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HELP | kl. 6 - 9 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TINTIN | kl. 5:30 - 8 | 3D | 7 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| BANGSÍMON m/ísl.tali | kl. 6 | 2D | L |
| BORGRÍKI m/ísl.tali | kl. 8 | 2D | 14 |
| KILLER ELITE | kl. 10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| THE ADVENTURES OF TINTIN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | L |
| HELP | kl. 6 - 9. | 2D | 7 |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 - 10:30 | 3D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| THE HELP | kl. 6 - 9 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA M/ Ensku Tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| BORGRÍKI | kl. 10:10 | 14 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
„GÓÐUR HASAR OG FRÁBÆR HÚMOR, SJÁIÐU HANA UNDIR EINS!" - TÓMAS VALGEIRSSON, KVIKMYNDIR.IS
„FJÖRUG EINS OG TRILLJÓN TRYLLTIR TÚNFISKAR Í TRÉKYLLISVÍK" - Þ.Þ., FT
„STÚTFULL AF FJÖRI OG HASAR!" - IAN NATHAN, EMPIRE
ÆVINTÝRI TINNA
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
FRÁ STEVEN SPIELBERG OG PETER JACKSON
LÚXUS VARIETY 90/100 - BOXOFFICE MAGAZINE 90/100 - ROTTEN TOMATOES 89% midi.is
HEADHUNTERS -K.G., DV -H.S.S., MBL ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ midi.is
ÞÓR "TIL HAMINGJU, ÍSLAND" -H.S.S., MBL -R.E., FBL -Þ.Þ., FT ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ midi.is
ADRIANA LECOUVREUR ROYAL OPERA HOUSE Í LONDON

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D LÚXUS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ADRIANA LECOUVREUR | KL. 6.30 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| BORGRÍKI | KL. 10.20 | 14 |
| MIDNIHGT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

| BORGARBÍÓ (ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI; NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE THING | KL. 10 | 16 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
ÞRIÐJUDAGUR: KÍNA: PIANO IN A FACTORY 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 18:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVINALANGORNA* 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!
KÍNVERSKIR KVIKMYNDADAGAR
JÓN OG SÉRA JÓN



VIÐ MINNUMST MEISTARA FREDDIE MERCURY MEÐ FERNUM
STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU 23. OG 24. NÓVEMBER
ÞEGAR 20 ÁR VERÐA LIÐIN FRÁ ÞVÍ HANN LÉST
SALA Á ALLRA SÍÐUSTU
AUKATÓNLEIKANA
HEFST Í DAG KL. 12:00
FREDDIE
MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
Í HÖRPU
SILFURBERGI
23. NÓVEMBER KL. 20:00-UPPSELT
23. NÓVEMBER KL. 22:30-AUKATÓNLEIKAR
24. NÓVEMBER KL. 20:00-UPPSELT
24. NÓVEMBER KL. 22:30-UPPSELT
EIRÍKUR HAUKSSON - MAGNI- FRIÐRIK ÓMAR
EYÞÓR INGI - MATTHÍAS MATTHÍASSON
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT
RÁS 2
RIGG EVENTS
midi.is
MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKANA HEFST Í DAG, 1. NÓVEMBER KL. 12:00
Á MIDI.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050.
NÚMERUÐ SÆTI - MIÐAVERÐ 6.400.-

# sport

sport@frettabladid.is



**ANTON GYLFI PÁLSSON OG HLYNUR LEIFSSON** hafa verið tilnefndir af evrópska handboltasambandinu, EHF, til þess að dæma á lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Serbíu í janúar 2012. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir Anton og Hlynur dæma í lokakeppni A-landsliða karla en áður hafa þeir dæmt í lokakeppni A-landsliði kvenna í Makedóníu 2008. Anton og Hlynur feta því í fórspor Stefán Arnarsonar og Gunnars Viðarssonar sem dæmdu á fjölmörgum stórmótum á árum áður.

# Skammast sín fyrir You'll Never Walk Alone tattúið

**Bjarki Már Elísson var verðlaunaður fyrir frábæra frammistöðu með HK-liðinu síðustu vikurnar með því að vera valinn í íslenska landsliðið í gær. Nýjasti strákurinn okkar viðurkennir að hann hafi eitthvað að fela inni á vellinum.**

**HANDBOLTI** HK-ingurinn Bjarki Már Elísson hefur spilað sig inn í íslenska landsliðið með frábærri frammistöðu sinni í vinstra horni Kópavogsliðsins síðustu vikurnar. Eftir 41 mark og 76 prósenta skotnýtingu í síðustu fjórum leikjum ákvað landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson að gera breytingu á áður tilkynntum hópi sínum og kalla á hinn 21 árs gamla Bjarka Má fyrir æfingabúðir liðsins.

„Ég átti ekki von á þessu og þess vegna kom þetta mikið á óvart. Þetta var virkilega sætt og gaman að fá þessar fréttir. Ég leit á leikinn í gær sem tækifæri fyrir mig að sýna það að ég ætti heima í landsliðinu. Ég er búinn að standa mig vel og var búinn að lesa um það að Gummi vissi af mér," sagði Bjarki, en langþráður draumur er nú að rætast.

„Mig hefur dreymt um það að komast í landsliðið síðan ég byrjaði í handbolta og sérstaklega frá því að maður valdi handboltann fram yfir fótboltann. Mig hefur sérstaklega dreymt um að komast á stórmót og vonandi verður það líka að veruleika líka. Maður fær tækifæri núna og þá þarf maður að standa sig. Það þýðir ekkert bara að mæta og vera ánægður með að vera valinn því maður þarf líka að sanna sig," segir Bjarki Már.

HK tapaði fyrsta leik sínum í vetur en hefur síðan náð í 9 stig af 10 mögulegum. „Þetta fór hægt af stað og ekki bara hjá mér heldur öllu liðinu. Ég er að njóta góðs að því að vera fyrir framan í vörninni. Við byrjuðum í 6:0 í fyrsta leik en breyttum svo í 5:1 þar sem að ég er fyrir framan. Ég hef fengið meira af hraðaupphlaupum og svo hafa strákarnir verið duglegir að henda boltanum út í horn. Þegar maður skorar fær maður meira traust frá strákunum og þetta helst allt í hendur," segir Bjarki. Hann segist líka hafa notað sumarið vel.



**LÍKA Í SÍÐERMABOLNUM Á ÆFINGU** Bjarki Már Elísson sést hér á sinni fyrstu A-landsliðsæfingu í Vodafone-höllinni í gærkvöldi. Hér er hann með hornamönnunum Þóri Ólafssyni og Alexander Peterssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er einhverjum sex til sjö kílóum þyngri en ég var síðasta vetur. Ég lyfti mikið í sumar, hljóp nánast ekki neitt og reyndi að borða aðeins meira. Þá verður maður sterkari. Mér finnst ég eiga eitthvað inni og það er ennþá rúm til að bæta sig líkamlega," segir Bjarki, en fyrirmynd hans er ekki landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson heldur maðurinn sem hélt Guðjóni Val á bekknum hjá Rhein-Neckar Löwen.

„Ef maður horfir á þessa bestu hornamenn í heimi, eins og fyrirmyndina mína Uwe Gensheimer, þá þarf maður að bæta við sig. Hann er einhver 95 kíló af massa," segir Bjarki, en að hans mati er ekki annað hægt annað en að halda upp á Gensheimer. „Hann er þvílíkur slúttari," segir Bjarki.

Það hefur vakið athygli að Bjarki Már spilar í síðerma bol undir HK-treyjunni og Bjarki hefur sérstaka skýringu á því. „Ég er með You'll Never Walk Alone tattú á hendinni og ég er að fela það því ég skammast mín aðeins fyrir það. Ég hef alltaf verið harður Liverpool-maður en svo hefur bara voða lítið gengið hjá mínum mönnum og ég ætla því að bíða aðeins með það að sýna það aftur," segir Bjarki og bætir því reyndar við að bolurinn haldi betur hita og að honum finnist þægilegt að spila í honum. „Það er líka ástæða," segir Bjarki léttur.

Fréttablaðið heyrði í honum rétt fyrir fyrstu æfinguna með landsliðinu í gær. „Það er spenningur í manni í bland við stress. Málið er að hugsa sem minnst og láta bara vaða á þetta," sagði Bjarki.

ooj@frettabladid.is



**ALBERT BRYNJAR INGASON** Fór í FH eins og pabbi og afi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Albert Brynjar Ingason í FH:

## Fæ fleiri færi með FH-liðinu

**FÓTBOLTI** Albert Brynjar Ingason ákvað í gærkvöldi að yfirgefa Fylki og gera tveggja ára samning við FH.

„Það er mjög erfitt að fara frá Fylki og þeir voru alltaf inni í myndinni hjá mér. Ég hringdi fyrst í Fylki og þakkaði þeim fyrir allt. Mér leist líka rosalega vel á Ása þannig að þetta var ekki létt ákvörðun," sagði Albert.

„Ég er tilbúinn í samkeppnina hjá FH. Þú getur ekki sleppt því að fara í toppklúbb af því að það eru aðrir góðir leikmenn þar því þá vinnur maður aldrei neina bikara. Ég vildi líka sjá hversu langt ég gæti náð með svona liði sem spilar sóknarbolta eins og FH. Ég mun örugglega fá fleiri færi hjá FH," segir Albert.

„Ég held að ég muni njóta mín mjög vel hjá FH. Ég hef horft á FH spila og þá hef ég ímyndað mér að það gæti verið ljúft að spila frammi hjá þeim," segir Albert, sem fann sig vel á móti FH í sumar og skoraði í öllum þremur leikjunum gegn liðinu. „Það er hundrað prósenta árangur á móti þeim í sumar og ég vona að það verði líka á næsta ári því þá gæti ég átt ansi gott sumar," sagði Albert léttur. - óój

## ÚRSLIT Í GÆR

### Lengjubikar karlar, A-riðill

**ÍR-Skallagrímur** **90-78 (46-33)**
**Stigahæstir:** Nemanja Sovic 27, Eiríkur Önundarson 14, Hjalti Friðriksson 13, Ellert Arnarson 11 - Dominique Holmes 25 (16 frák.), Sigmar Egilsson 13, Lloyd Harrison 12, Davíð Ásgeirsson 11.
**Stigin:** KR 4, Þór Þ.2, ÍR 2, Skallagrímur 0

### Lengjubikar karlar, B-riðill

**Haukar-KFÍ** **76-79 (34-35)**
**Stigahæstir:** Jovanni Shuler 17, Chris Smith 14, Óskar Ingi Magnússon 12, Örn Sigurðarson 11 - Christopher Miller-Williams 24 (12 frák.), Kristján Andrésson 18, Ari Gylfason 16, Craig Schoen 9 (8 frák./10 stoðs.).

**Grindavík-Fjölnir** **82-78 (38-33)**
**Stigahæstir:** Páll Axel Vilbergsson 20, Giordan Watson 17, J'Nathan Bullock 14 (10 frák.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12 (12 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 11 - Nathan Walkup 28 (14 frák.), Calvin O'Neal 17, Árni Ragnarsson 14, Jón Sverrisson 11.
**Stigin:** Grindavík 4, KFÍ 2, Haukar 2, Fjölnir 0.

### Lengjubikar karlar, D-riðill

**Njarðvík-Hamar** **90-54 (51-24)**
**Stigahæstir:** Travis Holmes 24 (10 frák.), Cameron Echols 20 (16 frák.), Maciej Stanislav Baginski 10, Styrmir Gauti Fjeldsted 10 - Brandon Cotton 23, Louie Arron Kirkman 10.

**Keflavík-Valur** **72-54 (42-26)**
**Stigahæstir:** Charles Michael Parker 21, Jarryd Cole 19, Magnús Þór Gunnarsson 14 - Birgir Björn Pétursson 12 (12 frák.), Darnell Hugee 11, Benedikt Blöndal 10.
**Stigin:** Njarðvík 4, Keflavík 4, Valur 0, Hamar 0.

**Hádegisfundur ÍSÍ**

**Miðvikudagur 2. nóv. kl. 12.00-13.00** í E-sal Íþr.-miðstöðv. í Laugardal. Dr. Skúli Skúlason o.fl. munu m.a. fjalla um lyfjamisnotkun, bannlista WADA og notkun fæðubótarefna og orkudrykkja. **Aðgangur ókeypis og öllum heimill.**

Sjá nánar á **www.isi.is**



**LIONEL MESSI** Vantar bara eitt mark í 200. markið. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í kvöld:

## Barca, AC og Arsenal áfram?

**FÓTBOLTI** Barcelona, AC Milan og Arsenal tryggja sér öll sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar með sigri í leikjum sínum í kvöld og Chelsea og Bayer Leverkusen komast líka áfram með hagstæðum úrslitum.

Bæði AC Milan og Barcelona eru á útivelli og geta náð níu stiga forskoti á hin liðin í riðlinum. AC Milan heimsækir BATE Borisov en Barcelona mætir Viktoria Plzen í Tékklandi.

Arsenal fær Marseille í heimsókn á Emirates, en þarna mætast tvö efstu liðin. Arsenal kemst í tíu stig með sigri og gulltryggir sæti sitt í 16 liða úrslitunum. Chelsea og Bayer Leverkusen eru bæði á útivelli og komast bæði áfram ef þau klára sína leiki. Chelsea heimsækir Genk en Leverkusen spilar við Valencia á Spáni. - óój

**Leikir kvöldsins (stig)**

**E:** Valencia (2)-Leverkusen (6) Stöð 2 Sport 4
**E:** Genk (1)-Chelsea (7) Stöð 2 Sport3
**F:** Arsenal (7)-Marseille (6) Stöð 2 Sport
**F:** Dortmund (1)-Olympiakos (3)
**G:** Zenit (4)-Shakhtar (2) 17.00 á Stöð 2 Sport
**G:** Apoel Nicosia (5)-Porto (4)
**H:** Bate Borisov (1)-AC Milan (7)
**H:** Viktoria Plzen (1)-Barcelona (7)

Newcastle upp í 3. sætið:

## Þrenna hjá Ba

**FÓTBOLTI** Demba Ba skoraði öll mörk Newcastle í 3-1 útisigri á Stoke í ensku úrvalsdeildinni í gær. Newcastle er því enn taplaust í deildinni og komst upp fyrir Chelsea og í 3. sætið með fjórða sigri sínum í síðustu fimm leikjum. Demba Ba hefur skorað átta af ellefu síðustu mörkum liðsins í þessum 5 leikjum. - óój

Ole Gunnar Solskjær sló í gegn sem þjálfari og gerði Molde að norskum meisturum á sínu fyrsta tímabili:

# Dreymir um að mæta sem þjálfari á Old Trafford

**FÓTBOLTI** Ole Gunnar Solskjær var ein af hetjum Manchester United fyrir ekki svo löngu og er nú einn af fjölmörgum lærisveinum Sir Alex Ferguson sem hafa reynt fyrir sér í þjálfun. Solskjær var fljótur að sýna hæfileika sína á hliðarlínunni því á sínu fyrsta ári gerði hann æskufélagið Molde að Noregsmeisturum í fyrsta sinn í hundrað ára sögu félagsins. Molde fór á einu ári frá því að vera í 11. sæti í að vinna deildina þegar enn eru tvær umferðir eftir óspilaðar.

„Ég var alltaf að spila Champions Manager þegar ég var ungur og ætlaði alltaf að verða stjóri. Síðan spilaði ég fyrir United og fannst það ekki koma lengur til greina því mér fannst ég þurfa að losna undan sviðsljósinu og sleppa úr fyrirsögnunum. Þegar ég meiddist og fótboltinn var tekinn frá mér hugsaði ég hlutina upp á nýtt. Ég vildi vera í fótboltanum eins lengi og ég gæti. Það er ekkert betra en að spila fótbolta en þetta starf er miklu meira krefjandi," sagði Solskjær, sem er strax farinn að skipuleggja næsta tímabil. Solskjær eyddi nánast engum peningum í nýja leikmenn þrátt fyrir að fara með liðið úr fallbaráttu árið á undan í það að verða besta lið landsins. Hann viðurkennir alveg fúslega að sig dreymi um að mæta með Molde á Old Trafford í Meistaradeildinni.

„Auðvitað dreymir mig um að koma á Old Trafford sem þjálfari. Það væri ekki leiðinlegt að mæta stjóranum [Sir Alex Ferguson]," sagði Solskjær. Ole Gunnar segist oft hafa hugsað hvað Sir Alex hefði gert í sömu stöðu, en hann hefur þegar unnið sér inn mikla virðingu fyrir það hvernig hann hefur borið sig á erfiðum stundum.

„Ég hef ekki talað við hann síðan deildin byrjaði en ég fór nokkrum sinnum inn á skrifstofuna hans fyrir tímabilið. Ég gæti spurt hann en ég vil vera minn eigin herra. Ég hlustaði á hann í fimmtán ár en nú ætla ég að gera þetta á minn hátt," sagði Solskjær. Hann hefur strax verið orðaður við stærri lið eftir þessa frábæru byrjun með Molde.

„Ég hef sett stefnuna á það að vera hér í mörg ár. Ég flutti heim út af fjölskyldunni og vegna þess að ég vildi að börnin mín myndu alast hér upp. Það eru alltaf einhverjar sögusagnir í gangi en ég er vanur því," sagði Solskjær en Jan Åge Fjørtoft er viss um að Solskjær eigi eftir að ná langt.

„Ég held að Ole Gunnar verði stjóri Manchester United í framtíðinni en hann mun þó ekki taka við af Sir Alex Ferguson. Hann mun samt fá tækifærið því hann hefur United-andann, hefur góð tengsl við félagið og er vinsæll meðal stuðningsmannanna," sagði Fjørtoft. - óój



**HLUSTAÐI Í FIMMTÁN ÁR** Ole Gunnar Solskjær og Sir Alex Ferguson. MYND/AFP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**> Stöð 2 Sport kl. 19.30**

**Meistaradeild Evrópu**

***Leikur Arsenal og Marseille verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Liðin mættust í Frakklandi fyrir hálfum mánuði og þá skoraði Arsenal sigurmarkið í uppbótartíma. Í kvöld verða einnig sýndir leikir Genk og Chelsea á Sport 3 og leikur Valencia og Bayer Leverkusen á Sport 4.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ ER ÞÁÞRÁRÞEGI

# Upprisa sagnfræðinördanna



Trauðla eru til gegnsærri og skemmtilegri orð í íslenskri tungu en orðið þáþrá. Þáþrá. Þrá eftir því sem var þá. Fallegt. Ekkert nostalgíutal á íslensku, nei þáþráin skal það vera. Þáþráin stingur reglulega upp kollinum, enda var allt miklu betra í gamla daga. Nú virðist sem sjónvarpsþáttaframleiðendur þessa heims hafi áttað sig á því sem sagnfræðingar hafa lengi vitað; fortíðin er töff.

Það er sama fyrir hvaða stöð er opnað þessa dagana, á skjánum má sjá fallegt fólk í fortíðaraðstæðum. Mad Men, Boardwalk Empire, The Hour, Cold Case, Life on Mars, jafnvel Game of Thrones, þó að vissulega hafi verið þar einhvers konar fantasía á ferð. Svo virðist sem sagnfræðinördarnir hafi náð völdum í handritaskrifum sjónvarpsframleiðenda. Gerist það í fortíðinni er það töff og áhugavert, virðist mottóið í dag.

Verst er að þessir þættir eru ekkert öðruvísi en annað heilalaust dót sem fyllir sjónvarpsstöðvar hins vestræna heims. Það hver sefur hjá hverjum, hverjir skilja, hverjir ná saman, hverjir níðast á hverjum á leið sinni til valda; ekkert af þessu verður merkilegra við að klæðaskápur leikaranna taki mið af 6. áratug síðustu aldar eða þeim 3. En sagnfræðingar kætast yfir þáþránni, kannski fáum við vinnu við sjónvarpsþáttagerð.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Arabískar sönggyðjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (30:52)
**17.31 Þakbúarnir** (29:52)
**17.43 Skúli skelfir** (12:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (22:26)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Laus og liðugur** (11:20)
**18.45 Maður og jörð - Á tökustað** (3:8) (Human Planet: Behind the Lens)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður**
**20.40 Svona á ekki að lifa** (6:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
**21.15 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (1:4) (Luther II) Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna John Luther sem fer sínar eigin leiðir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Anna Pihl** (8:10) (Anna Pihl) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Little Nicky**
**08.00 Fur**
**10.00 Dirty Rotten Scoundrels**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 Fur**
**16.00 Dirty Rotten Scoundrels**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Little Nicky**
**22.00 Ghost Voyage**
**00.00 Pan's Labyrinth**
**02.00 The Dead One**
**04.00 Ghost Voyage**
**06.00 Angels & Demons**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (58:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (24:25)
**11.00 Hawthorne** (1:10)
**11.45 The Bill Engvall Show** (10:12)
**12.10 Wonder Years** (18:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (2:23)
**14.20 So You Think You Can Dance** (3:23)
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (6:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (10:21)
**20.10 Two and a Half Men** (12:16)
**20.35 Mike & Molly** (8:24)
**21.00 Chuck** (7:24)
**21.45 Terra Nova** Glæný og spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Stevens Spielberg um venjulega fjölskyldu sem fær að að taka þátt í mikilvægu tilraunaverkefni sem gæti bjargað mannkyninu. Þau ferðast 85 milljón ár aftur í tímann til að byggja upp nýtt samfélag en hætturnar eru á hverju strái. þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu þeirra í bandarísku sjónvarpi.
**22.30 Community** (4:25)
**22.55 Daily Show: Global Edition**
**23.20 Cougar Town** (15:22)
**23.45 The Middle** (2:24)
**00.10 Grey's Anatomy** (4:22)
**00.55 Medium** (2:13)
**01.40 Satisfaction** (7:10)
**02.30 Nip/Tuck** (19:19)
**03.15 Once Upon a Time In the West**
**05.55 Two and a Half Men** (12:16)

## SPORT *besta sætið*

**16.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar**
**16.50 Meistaradeild Evrópu: Zenit - Shakhtar Donetsk** BEINT
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Marseille** BEINT. Á sama tíma er leikur Genk og Chelsea á Sport 3 og leikur Valencia og Bayer Leverkusen á Sport 4.
**21.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.25 Meistaradeild Evrópu: Genk - Chelsea**
**00.15 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Leverkusen**
**02.05 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Stoke - Newcastle**
**14.25 Norwich - Blackburn**
**16.15 Chelsea - Arsenal**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Tottenham - QPR**
**20.50 Everton - Man. Utd.**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Man. City - Wolves**

## EXTRA

**19.35 The Doctors** (146:175)
**20.15 Bones** (3:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (2:22)
**22.40 Covert Affairs** (4:11) Ný og spennandi þáttaröð í anda Chuck um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA. Annie Walker er nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún er skyndilega kölluð til starfa en er alls ekki tilbúin að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.
**23.25 Big Love** (9:9)
**00.25 Twin Peaks** (2:8)
**01.15 Dagvaktin**
**01.45 The New Adventures of Old Christine** (10:21)
**02.05 Bones** (3:22)
**02.50 The Doctors** (146:175)
**03.30 Sjáðu**
**03.55 Fréttir Stöðvar 2**
**04.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 Parenthood** (11:22) (e)
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Got To Dance** (11:21) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (22:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (12:22) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (9:22) (e)
**20.10 Outsourced** (8:22) Todd er venjulegur millistjórnandi hjá fyrirtæki sem selur smádót í gegnum símasölu. Dag einn þegar hann mætir til vinnu er honum sagt að verkefnum símaversins hafi verið útvistað til Indlands og hann eigi að flytja þangað.
**20.35 The Marriage Ref - LOKAÞÁTTUR** (10:10) Þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
**21.25 Nýtt útlit** (8:12) Þessir vinsælu þættir snúa nú aftur með breyttu sniði. Þau Jóhanna, Hafdís og Ási aðstoða ólíkt fólk við að ná fram sínu besta í stíl og útliti.
**21.55 Nurse Jackie** (5:12)
**22.25 United States of Tara** (5:12)
**22.55 Jimmy Kimmel**
**23.40 Tobba** (6:12) (e)
**00.10 CSI: New York** (20:22) (e)
**01.00 Falling Skies** (2:10) (e)
**01.50 Smash Cuts** (43:52) (e)
**02.10 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** CIMB Asia (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Andalucia Valderrama Masters (2:2) **16.00** CIMB Asia (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (39:45) **19.45** Andalucia Valderrama Masters (2:2) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2000 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.15** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**11.35** Keeping Up Appearances **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.05** 'Allo 'Allo! **13.30** 'Allo 'Allo! **13.55** Dalziel and Pascoe **14.45** Dalziel and Pascoe **15.35** Keeping Up Appearances **16.05** Keeping Up Appearances **16.40** 'Allo 'Allo! **17.05** 'Allo 'Allo! **17.30** Fawlty Towers **18.00** Fawlty Towers **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.20** The Inspector Lynley Mysteries **20.05** Top Gear **21.00** The Graham Norton Show **21.45** QI **22.15** Free Agents **22.40** Skavlan **23.30** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Dage i haven **12.05** Vores Liv **12.35** Aftenshowet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Himmelblå **15.00** Kasper & Lise **15.15** Hubert **15.30** Lille Nørd **16.00** Hercule Poirot **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Spice med Price **19.30** Bonderøven **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalinspektør Banks **22.30** Borgen **05.00** Molly Monster

## NRK 1

**12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Migrapolis **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Matador **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Min idrett **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Elskerinner **23.35** Wallander: Den femte kvinnen

## svt1

**09.00** Gomorron Sverige **10.00** Fråga doktorn **10.45** Plus **11.45** Familjebilder **12.30** Skavlan **13.30** Lita på mig, älskling! **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Barn till varje pris? **16.25** Flugor **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** Dag **22.55** Cecilie **23.45** Rapport **23.50** Skavlan **00.50** Rapport **00.55** Livet under en dag

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

„FME GÆTI BEITT VIÐURLÖGUM“

Fjármálaeftirlitið vill hraða því að bankar losi sig við eignarhluti í fyrirtækjum.

„VERÐUR AÐ NÝTA GÖMLU BANKAMENNINA“

Skortur er á reynslumiklu fólki í uppbyggingu og rekstri alþjóðlegra fyrirtækja, segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.




MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN




Allt sem þú þarft

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Beyglurnar á Kaffitári eru bestar. Salat og rjómaostur og læti – ægilega gott.“*

Ævar Þór Benediktsson, rithöfundur og leikari.

# Þúsund sóttu um Game of Thrones

„Frá fimmtudagskvöldi til föstudagsmorguns fékk ég 500 tölvupósta,“ segir Sara Nassim, framleiðandi hjá Pegasus.

Hátt í þúsund manns sóttu um að fá að vera statistar í Game of Thrones fyrir tökur á Íslandi og segir Sara að framleiðendurnir séu komnir með meira en nóg, nú sé það hlutverk leikarastjóra eða „casting director“ að finna hina útvöldu. Auglýst var eftir skeggjuðum og vígalegum karlpeningi og segir Sara að flestir umsækjendur hafi uppfyllt þau skilyrði. „Það voru margir mjög flottir þarna inni á milli en sumir gleymdu að senda mynd af sér.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan ágúst á þessu ári er tökulið frá sjónvarpsþáttaröðinni Game of Thrones væntanlegt hingað til lands í lok nóvember. Tökur á umfangsmiklum vetrarsenum munu þá fara fram á Suðurlandi, en þættirnir hafa notið umtalsverðra vinsælda í Bandaríkjunum. Fyrsta þáttaröðin var sýnd á Stöð 2 fyrir skemmstu, en þættirnir sverja sig í ætt við Hringadróttinssögu.

Mikil leynd hefur hvílt yfir tökunum á annarri þáttaröðinni, sem farið hafa fram á Norður-Írlandi og Króatíu. Sara gat ekki gefið upp hversu margir fengju hlutverk í tökunum, það ætti eftir að koma í ljós þegar nær drægi. „Við erum svona að stilla það saman við framleiðendurna úti.“ Sara vildi heldur ekki gefa upp hvort til stæði að byggja stóra leikmynd sem nýtt yrði í þáttunum, en það er bandaríski sjónvarpsrisinn HBO sem framleiðir þættina.

**- fgg**



**VILJA SKYLMAST** Game of Thrones sver sig í ætt við Hringadróttinssögu, en þúsund manns sóttu um að fá að vera statistar í tökunum hér á landi, sem fara fram í lok nóvember á Suðurlandi. Kit Harington verður að öllum líkindum í leikarahópnum sem hingað kemur.






ÓLAFUR STEFÁNSSON: BÖRNIN EIGA AÐ TAKA ÞÁTT Í SÖGUNNI

# Fremsti handboltamaður landsins gefur út borðspil

„Hugmyndafræði höfundar spilsins og mín skarast á mjög mörgum sviðum,“ segir Ólafur Stefánsson, einn fremsti íþróttamaður landsins, fyrirliði íslenska landsliðsins og leikmaður AG í Kaupmannahöfn.

Ólafur er staddur hér á landi við að kynna nýtt borðspil, Ævintýralandið, sem hann hefur tekið virkan þátt í að skapa. Eins og fyrir fram mátti búast við er spilið ekki hefðbundið með teningum, peningum og spilaköllum, heldur byggir það á því að virkja sköpunarkraft barna. „Barnið er miðpunkturinn en ekki spilið sjálft,“ segir Ólafur.

Einvalalið kemur að Ævintýralandinu; höfundar þess eru hjónin María Huld Pétursdóttir og Rúnar Þór Þórarinsson, en hann samdi meðal annars spunaspilin Askur Yggdrasils og Fræknir ferðalangar. Rúnar var þar að auki leikjahönnuður hjá CCP og meðal annarra sem koma að útgáfu spilsins er Reynir Harðarson, sem stofnaði einmitt CCP á sínum tíma. Teikningar leika stórt hlutverk í leiknum, en þær eru unnar af CCP-teiknurunum Birni Birki Eiríkssyni og Kára Gunnarssyni auk Brians Pilkington, en grafísk hönnun var í höndunum á Zetor. „Rúnar hafði gengið með þessa hugmynd í maganum í dágóðan tíma en ekki gefið sér tíma vegna anna hjá CCP. Svo hætti hann þar og keyrði spilið í gegn. Sem er ótrúlega virðingarvert.“

Ævintýralandið er þykjustuleikur þar sem skáldskapur og frásagnargleði ráða ríkjum, eða eins og Ólafur útskýrir: „Spilið er heimur barnsins sem við fullorðna fólkið fáum að kynnast ef við gefum okkur tíma. Sem er síðan önnur saga.“ Ólafur bætir því við að hann hafi uppgötvað að það búi einhver leyndardómur í barninu sem við, fullorðna fólkið, skemmum alltaf með hroka, vitleysu, græðgi og tímaleysi. „Ég vil grafa ofan í það hvernig þau hugsa og þetta spil hjálpar mér við það, að skilja hvernig börnin mín hugsa og komast nærri leyndardómi þeirra.“



**ÞOLINMÆÐI** Ólafur segir Ævintýralandið vera kærkomið tæki fyrir fullorðna fólkið til að kynnast heimi barnsins og hvernig það hugsi. Sjálfur segist leikmaðurinn vilja segja börnunum sínum sögur sem þau taki sjálf þátt í. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikmaðurinn, sem er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir í leik sínum og hugsun, segir jafnframt að spilið hafi breytt viðhorfi hans til þess hvernig eigi að segja börnum sögur. „Áður sagði ég börnunum mínum sögur frá A til B, því miður, ég var bara ekki lengra á veg kominn. Í dag finnst mér það hins vegar alls ekki málið heldur er það miklu frekar að láta barnið taka þátt í sögunni, geta haft áhrif á hana og upplifa því þá meðtekur barnið söguna miklu, miklu betur.“ Hægt er að kynna sér leikreglur spilsins á Facebooksíðu þess og YouTube.

**freyrgigja@frettabladid.is**






# Ótrúlega stolt af Rúnari

„Þetta er mjög ánægjulegt fyrir hann og Rúnar á mikla framtíð fyrir sér. Hann lagði mikla vinnu og mikinn metnað í þetta verkefni,“ segir Margrét Helga Jóhannsdóttir leikkona. Kvikmyndin Eldfjall eftir Rúnar Rúnarsson heldur áfram að bæta á sig blómum því myndin hlaut nýverið verðlaun í flokknum „Meeting Points“ á kvikmyndahátíðinni í Valladolid á Spáni. Flokkurinn er tileinkaður fyrstu kvikmynd leikstjóra.

Verðlaunin eru þau þriðju sem falla Eldfjalli í skaut; áður hafði hún hlotið gullna úlfinn í Montréal og silfurverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Chicago.

Rúnar er nú staddur á kvikmyndahátíð í Kænugarði í Úkraínu, en þangað var Margréti og Theódór Júlíussyni einnig boðið. „Við komumst hins vegar ekki, vorum að frumsýna hvort í sínu leikhúsinu á sama tíma. Þetta var sex daga ferð,“ segir Margrét, sem hefur ekki getað fylgst vel með sigurgöngu kvikmyndarinnar að undanförnu, hún er nefnilega tölvulaus. „Ég er í valkvíða, veit ekki hvaða tölvu ég á að fá mér, ég hef því bara lesið um þetta í blöðunum.“

**- fgg**



**KOMUST EKKI TIL ÚKRAÍNU** Margrét Helga og Theódór Júlíusson komust ekki til Úkraínu þar sem þau voru bæði að frumsýna, hvort í sínu leikhúsinu þó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







# Virðisaukaskattur lækkar
## & Tónlist.is lækkar verðið

### Lög
Kauptu lagið sem þig langar í og náðu í það í tölvuna þína!

Áður ~~179~~ kr.
Nú 149 kr.

*Algengt verð á nýju lagi*

**6.912.670** íslensk og erlend lög í boði

### Plötur
Kauptu uppáhalds plöturnar þínar og náðu í þær í tölvuna þína!.

Áður ~~2.099~~ kr.
Nú 1.799 kr.

*Algengt verð á nýrri plötu*

**457.826** íslenskar og erlendar plötur í boði

### Áskrift
Borgaðu eitt verð og **hlustaðu á allt** hvar sem er, hvenær sem er.

Áður ~~1.999~~ kr.
Nú 1.699 kr.

**6.912.670** lög og **457.826** plötur í boði

Virðisaukaskattur lækkar úr 25,5% í 7% á stafrænni tónlist. Tónlist.is skilar lækkun beint til notenda

Tónlist

6.912.670 lög | 457.826 plötur | 450.492 flytjendur | www.tónlist.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**Tímarit ÖBÍ** - fylgir blaðinu í dag

TÍMARIT Öryrkjabandalags Íslands 50 ÖBÍ ára


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Allir frá Akureyri

Greinilegt er að Akureyri hefur heillað margan manninn um helgina. Eins og kunnugt er var landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þá haldinn þar í bæ og því kom ekki á óvart að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og hans hægri hönd, Bjarni Harðarson, komu með síðustu vél til síns heima á sunnudagskvöldið. Norðlendingurinn og Naglbíturinn Vilhelm Jónsson sást líka koma úr Akureyrarvélinni, ásamt **Hallgrími Helgasyni**, sem var meðal lesara á fyrsta upplestrarkvöldi Forlagsins sem haldið var á Café Rosenberg í gærkvöldi.



### Gefa út á kassettu

**Guðmundur Kristinn Jónsson** og félagar í reggísveitinni Hjálmum senda frá sér sína fimmtu hljóðversplötu í dag. Platan nefnist Órar og verður henni væntanlega vel tekið hjá traustum aðdáendahópi sveitarinnar, sem keypti tíu þúsund eintök af síðustu plötu. Hjálmar gefa venju samkvæmt plötur sínar bæði út á geisladiski og vínyl en þeir fara enn lengra í nostalgíunni að þessu sinni því Órar koma sömuleiðis út á kassettu. Alls verða 100 eintök framleidd og koma þau í verslanir á næstunni. Má líklegt telja að slegist verði um þau eintök.

**- hdm**



## Mest lesið vísir

1. Hinstu orð Steve Jobs opinberuð
2. Dominosmenn kveiktu í pizzastað keppinautarins
3. Róbert á Carter segist saklaus af færslu á bland.is
4. Talið að smyglleiðin hafi verið notuð áður
5. Rússar breyta ekki klukkunni, verða áfram á sumartíma
6. Hertökum Reykjavík á Austurvelli í nótt





